

TÍMARIT Félagsráðgjafa

www.felagsradgjof.is

1. tbl. 7. árgangur

2
0
1
3

13

Dvöl barna
í Kvenna-
athvarfinu



27

Ákvörðunartaka
og ófrjósemi



34

Skilnaðar-
ráðgjöf

Fagráð Tímarits félagsráðgjafa

Nafn

Erlent/alþjóðlegt samstarf	Anni Haugen
Barnavernd	Dóra Júlíussen
Fjölmenning	Edda Ólafsdóttir
Fjölskylduráðgjöf	Elísabet Berta Bjarnadóttir
Stjórnun	Ella Kristín Karlsdóttir
Siðfræði	Erla Þórðardóttir
Fjölmenning	Guðbjörg Ottósdóttir
Skólafélagsráðgjöf	Guðrún Sederholm
Sjálfstætt starfandi	Hanna Lára Steinsson
Siðfræði	Helga Sól Ólafsdóttir
Sjálfstætt starfandi	Helga Þórðardóttir
Menntun og fagþróun	Hervör Alma Árnadóttir
Félags- og velferðarþjónusta	Hildur Bergsdóttir
Skólafélagsráðgjöf	Hjördís Árnadóttir
Heilbrigðisvið	Inga María Vilhjálmstöðttir
Réttarfélagaráðgjöf	Íris Eik Ólafsdóttir
Áfengis- og vímuefnasvið	Jóna Margrét Ólafsdóttir
Fjölskylduráðgjöf	Karl Marinósson
Stjórnun	Kristján Sturluson
Fötlnarsvið	María Jónsdóttir
Erlent/alþjóðlegt samstarf	Ragna Guðbrandsdóttir
Félags- og velferðarþjónusta	Rannveig Einarsdóttir
Heilbrigðisvið	Sigurlaug Hauksdóttir
Réttarfélagaráðgjöf	Snjólaug Birgisdóttir
Endurhæfing	Sverrir Óskarsson
Áfengi og vímuefni	Þórarinn Þórsson
Menntun og fagþróun	Þórhildur Egilsdóttir

TIL HÖFUNDA

Greinar og annað efni skal sent á rafrænu formi til ritstjóra, Sigrúnar Júlíusdóttur, sigjul@hi.is. Tekið skal fram hvort greinarhöfundur hugsar sér handritið til almennrar birtingar eða óskar að fá það ritrynt. Efni sem óskast ritrynt skal vera nýtt og ekki hafa verið birt sem slíkt annars staðar. Höfundarnafn með upplýsingum skal sett á (ótölusett) sérblað framan við greinina. Áður en grein er send skal höfundur hafa kynnt sér rækilega leiðbeiningar hér að neðan um frágang og fylgja þeim.

Almennt. Efni sem birtist í *Tímariti félagsráðgjafa* skal á einhvern hátt tengjast félagsráðgjöf (rannsóknunum, fagþróun, hugmyndafræði, siðfræði, þjónustuþróun, stefnumótun o.s.frv.). Það skal að jafnaði ekki hafa birst sem slíkt áður. Til þess að uppfylla fræðilegar kröfur er höfundum bent á að (i) uppbygging greinar skal fylgja hefðbundinni kaflaskiptingu, (ii) texti skal vera gagnorður, still knappur og (iii) byggt skal á nýjstu þekkingu (heimildum).

Útdráttur og abstract skal fylgja handriti ritryndra greina. Þar skal gerð hnitmiðuð grein fyrir markmiði, efnistöfum og innihaldi ásamt niðurstöðum í hnotskurn. Gefa skal upp 3-5 lykilorð sem vísa til meginefnis og áherslu. Hámarkslengd er **180 orð**. Útdráttur skal vera bæði á íslensku og ensku á sama blaði.

Málfar og textameðferð. Vandað skal til rökleggrar framsetningar texta, málfars og frágangs. Eingöngu er tekið við handritum sem eru frágengin hvað varðar stafsetningu, stafavillur/brengl og meðferð íslensks máls ásamt skýrri kaflaskiptingu. Fylgja skulu upplýsingar um höfund, þakkir og styrki. Sé vitnað í erlendar málsgreinar skulu þær að jafnaði þýddar á íslensku. Sé vísað til erlendra orða skal nota íslenskt orð í lengstu lög, en vísa má til erlenda orðsins í sviga, t.d. líkan (e. model), með e. fyrir ensku, d. fyrir dönsku o.s.frv. Mælst er til að greinarhöfundar hafi að lokinni samningu fengið gagnrýninn yfirlestur á handrit sitt, framsetningu, textameðferð og heimildafrágang **áður** en það er sent ritstjóra. Höfundar skulu að loknum endurbótum yfirfara öll tæknileg atriði svo handrit sé birtingarhæft.

Lengd, letur og línubil. Miðað er við u.þ.b. 13 bls. eða 4000 orða hámarkslengd að meðtöldum heimildalista og útdráttum. Nota skal 12 p letur en heiti greinar með 16 p letri og millifyrirsagnir með 14 pt letri. Nota skal 1,5 línubil. Spássía skal vera 2 cm og texti fulljafnaður. Nota skal Times New Roman leturgerð. Skjölín skulu vera vistuð í Microsoft Word. Myndir sem eiga að birtast í texta skulu sendar sem sérstök skjöl (pdf/jpg) þar sem bæði er að finna myndir og þau tölugildi sem myndin byggist á. Forðast ber neðanmálsgreinar en setja slíkan texta frekar í sviga. Höfundar skulu fylgja leiðbeiningum *Gagnfræðakversins*, þ.e. APA-kerfisins, um heimilda-meðferð, tilvitnanir og frágang.

Skilafrestur: *Tímarit félagsráðgjafa* kemur að jafnaði út einu sinni á ári. Skiladagar fullbúinna handrita er opin, en miðað er við 15. október árléga.

Móttaka efnis

Heimilt er að senda inn efni til birtingar í *Tímarit félagsráðgjafa* á hvað tíma sem er, en síðasti skiladagur efnis fyrir næsta tölublað er 15. október.

- 4** Frá ritstjóra
Sigrún Júlíusdóttir, *PhD, prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands*

FAGIÐ OG FRÆÐIN

Ritrýndar greinar

- 5** Félagsráðgjöf í kjölfar náttúruhamfara – Áfallahjálp og samfélagsvinna
Guðný Björk Eydal, *félagsráðgjafi PhD, prófessor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands*
Anna Sigrún Ingimarsdóttir, *félagsráðgjafi MA, Kvenna- og barnasvið Landspítala Háskólasjúkrahúss*
- 13** Dvöl barna í Kvennaathvarfinu
Anni G. Haugen, *lektor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands*
Bergdís Ýr Guðmundsdóttir, *félagsráðgjafi MA, Barna- og unglíngageðdeild Landspítala*
- 19** Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd: Mat á flokkun tilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur
Freydís Jóna Freysteinsdóttir *félagsráðgjafi, PhD, dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands*
Kristný Steingrímsdóttir, *félagsráðgjafi MA, Fjölskyldusvið Hafnarfjarðar*

Almennar greinar

- 27** Ákvörðunartaka og ófrjósemi
Helga Sól Ólafsdóttir, *félagsráðgjafi, PhD, Kvenna- og barnasvið Landspítala – Háskólasjúkrahúss*
- 34** Skilnaðarráðgjöf
Sigrún Júlíusdóttir, *PhD, prófessor við Félagsráðgjafardeild HÍ*
Íris Dögg Lárusdóttir, *MA- nemi í félagsráðgjöf*
- 41** Frá valdaleysi til valdeflingar
Lára Björnsdóttir, *félagsráðgjafi MA, formaður Velferðarvaktarinnar*

Samfélagsumræðan

- 47** Að ræða þarft eða þegja – þar er efinn
Próstur Haraldsson, *blaðamaður*

ÚTGÁFUR OG NÝPEKKING

- 50** Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjúp tengsl
Rannveig Guðmundsdóttir, *félagsráðgjafi Msc og fjölskylduþerapisti*
- 51** Talaðu við mig
Steinunn Bergmann, *félagsráðgjafi MPA*
- 52** Þróun velferðarinnar 1988–2008
Helgi Gunnlaugsson, *prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands*
- 53** Lokaverkefni til MA-gráðu
Eldey Huld Jónsdóttir, *félagsráðgjafi MSW*

FÉLAGIÐ

- 54** Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands
María Rúnarsdóttir, *formaður Félagsráðgjafafélags Íslands*
- 55** Heimsráðstefna félagsráðgjafa
Pórhildur Egilsdóttir, *félagsráðgjafi MA, Velferðarsviði Reykjavíkurborgar*
- 57** Umsóknir um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf
María Rúnarsdóttir, *formaður Félagsráðgjafafélags Íslands*
- 58** Minningarorð – Bengt Börjeson, prófessor
Guðrún Kristinsdóttir, *kennari og félagsráðgjafi, PhD, prófessor við Menntavísindasvið HÍ*
- 61** Málsvarahlutverk er mikilvægt í félagsráðgjöf
María Rúnarsdóttir, *félagsráðgjafi, ræðir við Guðrúnu Þorgerði Ágústsdóttur og Valgerði Halldórsdóttur félagsráðgjafa ársins 2013*

Tímarit félagsráðgjafa 7. árg. maí 2013

Ritstjóri og ritstjórn:

Ritstjóri: Sigrún Júlíusdóttir

Aðrir í ritstjórn: Halldór S. Guðmundsson og Helga Sól Ólafsdóttir

Útgefandi: Félagsráðgjafafélag Íslands

Ábyrgðarmaður og fulltrúi FÍ: María Rúnarsdóttir

Prentvinnsla: Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja

ISSN: 1670-6749

TÍMARIT
Félagsráðgjafa

www.felagsradgjaf.is

Frá ritstjóra



Sigrún Júlíusdóttir,
PhD, prófessor við
félagsráðgjafar-
deild HÍ

Framvinda fræða og fagþróunar í félagsráðgjöf undanfarið er gleðiefni. Á tæpu ári hafa tveir bæst í hóp þeirra sem hafa varið doktorsritgerð á sviði félagsráðgjafar. Í fyrra sögðum við frá doktorsritgerð Helgu Sólar Ólafsdóttur um ófrjósemi, *Nordic and infertile: A study of options and decisions*. Í þessu hefti segjum við frá doktorsritgerð Sigurveigar H.

Sigurðardóttur um öldrunarmál, *Patterns of care and support in old age*. Í þessu felst skýr vísbending um vaxandi fræðilegan styrk fagsins. Í samræmi við hugmyndafræðigrunn félagsráðgjafar – að tengja fræði og fag, eru báðir nýdoktorarnir í kennarastöðu við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands og hafa jafnframt traust tengsl við vettvang. Nokkrir stunda nú doktorsnám við félagsráðgjafardeild HÍ og hópurinn, sem lýkur meistaraþrófi til starfsréttinda, eða er í rannsóknarnámi, verður sífellt stærri. Vonandi verður hann að sama skapi fræðilega sterkur.

Í fyrri heftum tímarits okkar hef ég fjallað um þróunina í tímaritsútgáfu á sviði félagsráðgjafar og hvernig hún tengist auknum kröfum á nýjum tímum. Á síðasta ári framkvæmdi rannsóknasvið Háskóla Íslands gæðamat á íslenskum tímaritum sem birta rannsóknarniðurstöður og aðrar afurðir fræðastarfs. Reyndist *Tímarit félagsráðgjafa* uppfylla helstu kröfur en þó vantaði nokkur atriði upp á til að ná ítrustu viðmiðum. Í ljósi þessa hefur ritstjórn nú skýrt betur viðmið og kröfur fyrir birtingu ritrýndra greina. Það er ekki aðeins til þess að tímaritinu verði skipað í fremstu röð íslenskra fræðiritra, heldur ekki síður til að skerpa áhersluna á að miðlun gagnreyndra rannsókna, þekkingar og reynslu í félagsráðgjöf sé í sem traustustum búningi. Gagnreynd þekking er faginu til framdráttar og efflir grunn þjónustuúræða og stefnumörkunar um leið og hún þjónar hagsmunum skjólstæðinga.

Í þessum sama anda er hugmyndin um þemahefti tímaritsins, en hún tengist því að lyfta fram þeirri sérfræðiþekkingu sem fagið býr yfir. Forsendur hafa enn ekki reynst vera nægilegar til að ná saman efniskjarna nokkurra greina frá sama sviði. Er nú horft til fagdeildanna að vinna að slíku framlagi til ritsins. Í því sambandi má vísa til nýlegra hefta sænska systur-

tímaritsins *Socionomen*, m.a. um skólafélagsráðgjöf, réttarfélagsráðgjöf og um félagsráðgjöf á sjúkrahúsum. Í viðræðum við fulltrúa fagráðs *Tímarits félagsráðgjafa* í kjölfar útgáfu síðasta heftis kom fram mikill áhugi á þessu. Það er áskorun í því fyrir fagdeildirnar að vinna að slíku markmiði.

Í heftinu sem nú kemur út er talsverð breidd en hver grein speglar líka sérsvið. Ekki skal neitt um það sagt hvort felist í því einhver forspá, en það er ánægjulegt að nú birtast jafnmargar ritrýndar og almennar greinar, þrjár í hvorum flokki. Greinarnar sem höfundar óskuðu ritrýni á og sem stóðust hana eru grein Guðnýjar Eydal og Önnu Sigrúnar Ingimarsdóttur um áfallafélagsráðgjöf, grein Freydísar J. Freysteinsdóttur og Kristnýjar Steingrímsdóttur um SOF-kerfið og grein Anníar G. Haugen og Bergdísar Ýrar Guðmundsdóttur um börn í Kvinnathvarfinu. Þessar greinar byggjast allar að grunni til á meistararitgerðum í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands. Tvær fyrstu almennu greinarnar eru grein Helgu Sólar Ólafsdóttur sem byggist á doktorsritgerð hennar um ófrjósemi og grein Sigrúnar Júlíusdóttur og Írisar B. Lárusdóttur um skilnaðarráðgjöf. Tveir höfundar þessara tveggja greina eru í ritstjórn tímaritsins og því eðli málsins samkvæmt ekki í viðeigandi stöðu til að fá greinarnar ritrýndar þótt þær séu byggðar á rannsóknarefniviði. Þriðju almennu greinina ritar Lára Björnsdóttir um þróun geðheilbrigðisþjónustu og valdeflingarhugtakið. *Samfélagsumræðan* er eins og í síðasta hefti í umsjón þeirra Þrastar Haraldssonar og Halldórs Sig. Guðmundssonar. Hún beinist að þessu sinni að umfjöllun fjölmiðla síðustu mánuði um viðkvæm barnaverndarmál. Þetta efni hefur brunnið mjög á félagsráðgjöfum, bæði þeim sem starfa í beinum tengslum við þau mál og faghópnum sem slíkum. Fannst ritstjórn það vera þarft og verðugt að heyra raddir þeirra og sjónarmið. Eitt af því sem vekur til umhugsunar hér er hvað fræðileg þekking og rannsóknir hljóta að skipta miklu í meðferð mála í þessum viðkvæma málaflokki. Með þessari umræðu í *Tímariti félagsráðgjafa* viljum við líka stuðla að frekari umræðu í faghópnum – og víðar – um þær síðfræðilegu hliðar og faglegu áskoranir sem felast í umfjöllun um málefnið.

Sigrún Júlíusdóttir, ritstjóri



Félagsráðgjöf í kjölfar náttúruhamfara – áfalla-hjálp og samfélagsvinna

Guðný Björk Eydal,
félagsráðgjafi, prófessor við
Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Anna Sigrún Ingimarsdóttir,
félagsráðgjafi MA, Kvenna- og barnasvið Landspítala – Háskólasjúkrahúss



Guðný Björk Eydal



Anna Sigrún
Ingimarsdóttir

Útdráttur

Á alþjóðavettvangi hefur verið lögð aukin áhersla á að félagsráðgjafar tileinki sér þekkingu á áfallastjórnun (e. *disaster management*) og hamfarafélagsráðgjöf (e. *disaster social work*). Rannsóknir á sviði félagsráðgjafar hafa leitt í ljós að tjónnæmi og berskjöldun ólíkra þjóðfélags hópa er mjög mismunandi. Rannsóknir á hlutverkum félagsráðgjafa í kjölfar áfalla hafa aukist á undanförunum áratugum. Markmið greinarinnar er að gera grein fyrir stöðu þekkingar á hlutverkum félagsráðgjafa vegna samfélagslegra áfalla með áherslu á náttúruhamfarir.

Greinin byggist að stærstum hluta á niðurstöðum rannsóknar sem Anna Sigrún Ingimarsdóttir vann til MA-prófs í félagsráðgjöf: Annars vegar tilviksathugun á hlutverki félagsráðgjafa skv. viðbragðsáætlun tveggja sveitarfélaga hérlendis og hins vegar greiningu á stöðu þekkingar á hlutverki félagsráðgjafa á alþjóðavettvangi.

Í greininni er spurt um stöðu þekkingar hvað varðar hlutverk félagsráðgjafa fyrir og eftir samfélagsleg áföll. Sjónarhorninu er einnig beint að félagsráðgjöf hérlendis og hér er leitað svara við spurningunni hvernig hlutverk félagsráðgjafa eru skilgreind samkvæmt viðbragðsáætlunum og að hve miklu leyti þær taki mið af þekkingu og starfsaðferðum félagsráðgjafa. Niðurstöður leiða í ljós að hlutverk félagsráðgjafa í kjölfar áfalla er vel skilgreint en talsvert skortir á að þekking þeirra sé nýtt við forvarnir og endurreisn.

Lykilorð: Félagsráðgjöf, náttúruhamfarir, tjónnæmi, viðnámsþróttur.

Abstract

Internationally there has been growing emphasis on awareness of the importance of both knowledge about disaster management and disaster social work. Research in disaster social work shows that vulnerability among social groups differs and therefore the knowledge and skills of social workers can be a vital contribution in the aftermath of disasters. The literature has also emphasized the need for increased social work and community work during the recovery stage. The purpose of the article is to discuss the role of social work in relations to social crisis management emphasizing natural disasters.

The data was mainly collected by Ingimarsdóttir (2011) in a research conducted for her MA thesis where she applied two main methods: A case study of the role of social workers in the preparedness plans of two local municipalities in Iceland as well as on a international literature review on the role of social workers.

The article asks about the state of the art regarding the role of social workers before and after natural disasters. Furthermore the article asks to what extent the knowledge and working methods of social workers are taken into consideration when disaster responses in Icelandic community are planned. The results show that while the roles of social workers are well defined their knowledge could be put to better use both while preparing and during the aftermath of natural disasters.

Key words: Social work, natural disasters, vulnerability, resilience.


Inngangur

Ekki þarf að hafa mörg orð um það að hér á landi verða reglulega náttúruhamfarir sem í flestum tilvikum hafa gífurleg samfélagsleg áhrif (sjá t.d. Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008). Alþjóðlegar rannsóknir benda til þess að tíðni samfélagslegra áfalla, þar með talið náttúruhamfara, fari vaxandi jafnframt því sem tjón vegna þeirra hefur aukist (Cronin, Ryan og Brier, 2007). Því leggur fræðasamfélagið aukna áherslu á rannsóknir og kennslu um viðbrögð við hamförum og m.a. hafa Alþjóðasamtök félagsráðgjafaskóla (IASSW), sem Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands er aðili að, lagt sérstaka áherslu á að hugað sé að kennslu á sviði hamfarafélagsráðgjafar (e. *disaster social work*). Félagsráðgjafardeild hefur frá árinu 2005 boðið upp á sérstakt námskeið á BA-stigi, námskeiðið *Áföll, sorg og sálræn skyndihjálp*, þar sem m.a. er fjallað um áfallastjórnun, samfélagsleg áföll og hlutverk félagsráðgjafa vegna þeirra.

Markmið greinarinnar er að gera grein fyrir hlutverki félagsráðgjafa vegna samfélagslegra áfalla með áherslu á náttúruhamfarir. Spurt er um stöðu þekkingar á hlutverkum félagsráðgjafa fyrir og í kjölfar áfalla og einnig er spurt hvernig hlutverk félagsráðgjafa eru skilgreind skv. viðbragsáætlunum og að hve miklu leyti viðbragsáætlanir byggji á þekkingu og starfsaðferðum félagsráðgjafa. Í greininni er að stórum hluta byggt á gögnum sem Anna Sigrún Ingimarsdóttir (2012) aflaði í rannsókn vegna Maritgerðar sinnar. Annars vegar er um að ræða tilviksathugun á viðbragsáætlunum sveitarfélaganna Árborgar og Norðurþings. Þessi sveitafélög urðu fyrir valinu vegna þess að í þeim báðum er hætta á jarðskjálftum og bæði eiga sögu um fyrri jarðskjálfta. Hins vegar er hér byggt á greiningu á stöðu þekkingar á sviði hamfarafélagsráðgjafa (e. *disaster social work*). Við greininguna var lögð áhersla á að greina fyrirliggjandi þekkingu á alþjóðavettvangi á framlagi félagsráðgjafa til rannsókna á sviðinu og starfsaðferðir þeirra og hlutverk á vettvangi áfalla.

Viðlagahringrásin og skipulag almanna- varna á Íslandi

Rannsóknir á samfélagslegum áföllum og viðbrögðum við þeim styðjast oft við svokallaða viðlagahringrás (e. *disaster cycle*). Hringrásin er myndræn framsetning á öllum viðfangsefnum áfallastjórnunar (e. *disaster management*) þar með talið forvörnum og viðbrögðum eftir áfall (Gillespie og Danso, 2010).



Mynd 1. Viðlagahringrásin (Gillespie og Danso, 2010; McEntire, 2007).

Viðfangsefnin fela í sér nokkuð ólík verkefni. *Forvarnir* fela í sér aðgerðir sem ætlaðar eru til að koma í veg fyrir eða draga úr neikvæðum afleiðingum hamfara, t.d. bygging snjóflóðagarðs. *Viðbúnaður* felur í sér aukna þekkingu og færni. Markmið aðgerða á

þessu stigi er að fyrirbyggja neikvæðar afleiðingar hamfara með fræðslu og kennslu um það hvernig eigi að bregðast við hamförum. Samfélagið er þannig sett í viðbragsstöðu. *Neyðarviðbrögð* eru þær aðgerðir sem koma til strax í kjölfar hamfara og standa oftast stutt yfir. Markmið þeirra er að vernda líf og eignir. *Endurreisn* felur í sér langtímaaðgerðir í kjölfar hamfara. Markmiðið er að koma samfélögum í sama horf og fyrir hamfarir og ef kostur er að gera þau enn sterkari (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008; Bernharðsdóttir, 2001; Gillespie og Danso, 2010; McEntire, 2007). Viðlagahringrásin er notuð bæði af fræðimönnum og viðbragsaðilum á vettvangi (Gillespie og Danso, 2010; McEntire, 2007).

Rannsóknir á áfallastjórnun hér á landi hafa leitt í ljós að áherslan hefur fyrst og fremst verið á viðbrögð á neyðarstigi, en minna hefur verið hugað að forvarnar- og endurreisnarferli. Þetta er í samræmi við niðurstöður erlendra rannsókna. Þess má geta að lög um almannavarnir ná ekki til endurreisnar fyrr en árið 2008 (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008).

Íslenskar almannavarnir felast að stórum hluta í skipulagi aðgerða og samvinnu sjálfbodaliða, starfsmanna ríkis og sveitarfélaga og íbúa. Samkvæmt lögum um almannavarnir nr. 82/2008 eru þær samnefnari viðbragða og úrræða þegar neyðarástand verður í samfélaginu. Í 2. gr. laganna er kveðið á um að ríkið fari með almannavarnir á landinu öllu, sveitarfélög fari með almannavarnir í héraði í samvinnu við ríkið og að lögreglustjóri stjórnir aðgerðum. Við embætti ríkislögreglustjóra starfar samhæfingarstöð en þar vinna fulltrúar viðbragsaðila saman að stjórn og samhæfingu aðgerða um allt land (Lög um almannavarnir nr. 82/2008; Ríkislögreglustjóri o.fl., 2010).

Almannavarnanefndir eru skipaðar af sveitarstjórn en mörg sveitarfélög hafa sameinast um almannavarnanefndir sem voru árið 2012 alls 25 talsins. Meðal hlutverka almannavarnarnefnda er að móta stefnu, skipuleggja almannavarnarstarf á sínu svæði og vinna hættumat og viðbragsáætlanir í samvinnu við Ríkislögreglustjóra (Lög um almannavarnir nr. 82/2008; Ríkislögreglustjóri o.fl., 2010). Almennavarnareild ríkislögreglustjóra fer með framkvæmdina. Íslenskar rannsóknir hafa staðfest umfangsmikið hlutverk sveitarfélaga og lagt áherslu á hlutverk þeirra í öllum fösnum viðlagahringrásarinnar, svo og á mikilvægi viðbragsáætlana (Bern-



harðsdóttir, 2001; Bernharðsdóttir og Svedin, 2004; Eydal og Árnadóttir, 2004; Herdís Sigurjónsdóttir, 2009; Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Guðrún Pétursdóttir o.fl., 2008).

Fagfólk hefur hlutverkum að gegna á sínum sérsviðum, bæði vegna forvarna og viðbragða en bent hefur verið á að félagsráðgjafar hafi nokkra sérstöðu í þessu sambandi. Yanay og Benjamin (2005) benda t.d. á að félagsráðgjafar séu starfstétt sem sé sérstaklega menntuð til að takast á við þær flóknu aðstæður sem samfélagsleg áföll hafa í för með sér. Ástæðurnar telja þau einkum fjórar: Þjálfun félagsráðgjafa í að setja sig í spor annarra; þekking þeirra á áfallakreppum og áfallavinnu; þekking á úrræðum samfélagsins og þeirri þjónustu sem stendur til boða og síðast en ekki síst hinn fjölbreytilegi starfsvettvangur félagsráðgjafa. Thomas og Healy (2010) benda enn fremur á að nýta verði sérþekkingu félagsráðgjafa á aðstæðum skjólstaðinga með áherslu á mismunandi tjónnæmi þeirra (sjá nánar næsta kafla um viðbragðsáætlanir). Þá hefur einnig verið lögð áhersla á að fjölbreytileiki vinnuaðferða félagsráðgjafa, allt frá meðferðaríhlutum með einstaklingum til breytingavinnu með heilum samfélögum, nýtist einstaklega vel í vinnu vegna samfélagslegra áfalla þegar reynir bæði á einstaklinga og skipulagsheildir (Chou, 2003; Gillespie og Danso, 2010).

Viðbragðsáætlanir, forvarnir og viðbúnaður

Í fimmta kafla laga um almannavarnir nr. 82/2008 er kveðið á um skyldu ríkisvaldsins og sveitarfélaga til að gera viðbragðsáætlanir vegna samfélagslegra áfalla.¹ Almennavarnanefndir bera ábyrgð á gerð viðbragðsáætlana í samvinnu við ríkislögreglustjóra. Markmið slíkra áætlana er að tryggja samhæfingu hinna fjölmörgu viðbragðsaðila sem koma að björgun mannlífa og neyðarástöð. Áhættumat er grundvöllur viðbragðsáætlana (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008).

Viðbragðsáætlanir eru mikilvægar til að styðjast við þegar bregðast þarf við hættu og neyð. Að gera viðbragðsáætlun getur þó verið afar flókið í framkvæmd. Tierney, Lindell og Perry (2001) hafa bent á að samfélög virðast oft hafa takmarkaðan áhuga á að skipuleggja viðbrögð vegna hugsanlegra samfélags-

legra áfalla. Rannsókn Guðrúnar Jóhannesdóttur og Guðrúnar Gísladóttur (Jóhannesdóttir og Gísladóttir, 2010), þar sem m.a. voru könnuð viðhorf íbúa á hættusvæði vegna Kötlugoss, leiddi t.d. í ljós ákveðna afneitun íbúa varðandi hættuna. Vegna slíkra niðurstaðna hafa fræðimenn lagt áherslu á mikilvægi þess að íbúar taki þátt í áhættugreiningu sem lögð er til grundvallar viðbragðsáætlunum. Í slíkri vinnu myndu ýmsar starfsaðferðir félagsráðgjafar henta vel. Má þar t.d. nefna samfélags- og hópavinnu auk hugmyndafræði notendasamráðs þar sem áhersla er á þátttöku notanda (Ersing, 2010; Guðný Björk Eydal og Hervör Alma Árnadóttir, 2010). Rannsókn Bird, Gísladóttur og Dominey-Howes (2011) sýndi að íbúar sem hjuggu á hættusvæði vegna Kötlugoss höfðu áhuga á að leggja sitt af mörkum við skipulagningu neyðarviðbragða. Því getur notendasamráðið verið mjög æskilegt.

Vinna félagsráðgjafa miðar að því að vinna með styrkleika og slíkt vinnulag nýtist vel við gerð viðbragðsáætlana. Leitað er í þekkingarbrunn samfélagsins sjálfs og nýtt sú geta sem það býr yfir (Gillespie, 2010). Gerð viðbragðsáætlana er mikilvægur liður í eflingu viðnámsþróttar (e. *resilience*) samfélaga (Gillespie, 2010). Viðnámsþróttur er sú geta sem auðveldar samfélögum endurreisn í kjölfar samfélagslegra áfalla og veitir vernd gagnvart tjónnæmi (Farley, Smith og Boyle, 2009; Gillespie, 2010; Zakour og Gillespie, 2010). Hugtakið tjónnæmi (e. *vulnerability*) vísar til þess sem gerir einstaklinga, hópa og samfélög berskjaldaðri fyrir afleiðingum samfélagslegra áfalla (Gillespie, 2010; McEntire, 2007; Zakour og Gillespie, 2010).

Rannsóknir á sviði hamfarafélagsráðgjafar hafa sýnt að náttúruhamfarir og önnur samfélagsleg áföll hafa mjög misjöfn áhrif á ólíka hópa. Þeir sem standa höllum fæti fyrir áföll eru líklegri til að verða fyrir meiri áhrifum til lengri tíma en hinir sem standa betur hvað varðar heilsu og bjargráð. Tjónnæmi einstaklinga og hópa er því afar mismunandi (Bolin, 1993; Jenson, 2005; Stivers, 2007). Sem dæmi má taka að ef íbúar þurfa að rýma húsnæði geta ákveðnir hópar, t.d. eldri borgarar, þurft aðstoð við það. Því er mikilvægt að staðreynd þekking félagsráðgjafa á félagslegum aðstæðum íbúa sé höfð til hliðsjónar við gerð viðbragðsáætlana svo tryggja megi að þær taki tillit til mismunandi þarfa þeirra (Gillespie og Danso, 2010).

¹ Einnig er hægt að gera séráætlanir en þær eru mun ítarlegri en almennu neyðaráætlanirnar. Þær fjalla um atburði og viðbrögð við ákveðinni staðbundinni vá sem er fyrir hendi á vissum stöðum en ekki alls staðar (Ríkislögreglustjórinn Almennavarnadeild, e.d.).

Neyðarviðbrögð og endurreisn

Neyðarviðbrögð eru aðgerðir í kjölfar hamfara og standa oftast stutt yfir, markmið þeirra er að vernda líf og eignir. Hugtakið áfallahjálp, sem hér er notað sem yfirheiti yfir margvíslegan sálfélagslegan og sérhæfðan stuðning, er oft veitt af félagsráðgjöfum á fyrstu stigum í kjölfar samfélagslegra áfalla en ýmsir aðrir koma þar einnig við sögu (Ersing, 2010; Padgett, 2002). Tilgangur áfallahjálpar og sálfélagslegs stuðnings er að draga úr afleiðingum áfalla. Áfallahjálp getur verið mjög fjölbætt og hún felur í sér margs konar stuðning til þolenda, bæði sálrænan og félagslegan. Einnig getur hún falist í upplýsingagjöf, fræðslu, mati á hættuþáttum og eflingu bjarga þolenda (Brymer o.fl., 2006; *Skipulag áfallahjálpar á Íslandi á neyðartímum*, e.d.).² Félagsráðgjafar hafa veitt þolendum ráðgjöf hvar viðeigandi bjargræði sé að finna. Einnig hafa félagsráðgjafar veitt óformlegan stuðning, t.d. með því að aðstoða fólk við að finna ástvinu sína (Chou, 2003; Ersing, 2010; Padgett, 2002; Soliman og Rogge, 2002; Zakour, 1996).

Cronin, Ryan og Brier (2007) benda á mikilvægi þess að huga að viðbragðsaðilum sem koma til aðstoðar í kjölfar samfélagslegra áfalla. Að þeirra mati eru félagsráðgjafar, sem vinna út frá heildarsýn og horfa á einstaklinginn með tilliti til aðstæðna í hans eigin umhverfi, sérstaklega hæfir til að styðja aðra viðbragðsaðila og þolendur.

Auk aðstoðar á neyðarstigi starfa félagsráðgjafar einkum á stigi endurreisnar. Þar hefur ráðgjöf verið stór liður og hefur hún m.a. falist í því að vísa þolendum áfram og í leiðbeiningum um hvar viðeigandi bjargráð sé að finna. Þannig hefur kerfisþekking félagsráðgjafa verið nýtt (Chou, 2003; Ersing, 2010; Padgett, 2002; Soliman og Rogge, 2002; Zakour, 1996). Chou (2003) bendir á að í endurreisnarfasanum vinni félagsráðgjafar með samfélögum svo og með fjölskyldum og einstaklingum. Þeir skipuleggja endurreisnina, finna viðeigandi velferðarúrræði og vinna ýmis verkefni fyrir stjórnvöld.

Zakour (Soliman og Rogge, 2000) bendir á að viðbrögð félagsráðgjafa vegna samfélagslegra áfalla ættu í ríkara mæli að felast í því að draga úr hættu, þeir ættu að hámarka bjargir og vera málsvarar fyrir berskjaldaða hópa. Málsvarahlutverk félagsráðgjafans er mikilvægt á öllum stigum áfallastjórnunar sbr. ofan-


² Ekki er fjallað sérstaklega um skipulag áfallahjálpar í þessari grein þar sem hún hefur verið talsvert rannsökuð hérlandis, sjá t.d. Bernharðsdóttir, 2001; Eydal og Árnadóttir, 2004; Margrét Blöndal, 2008, og *Skipulag áfallahjálpar á hættutímum*, e.d.

greinda umræðu um tjónnæmi (Gillespie, 2010; Soliman og Rogge, 2002; Zakour, 1996).

Að lokum ná nefna að á sviði hamfarafélagsráðgjafar má finna sambærilegan skoðanaágreining um gildi ólíkra vinnuáferða og á öðrum sviðum, og tekist er á um mikilvægi vinnu með einstaklingum og samfélögum (Pyles, 2007).

Líkan Elliott um hlutverk félagsráðgjafa

Fjölmörg líkön hafa verið sett fram til að greina hlutverk félagsráðgjafa í kjölfar hamfara, en hér er kynnt eitt þeirra, líkan Elliott (2010), sem sýnir viðbrögð félagsráðgjafa á öllum stigum viðlagahringsarinnar, bæði með einstaklingum og samfélögum. Markmiðið með þróun líkansins var að vekja athygli á vinnuáferðum félagsráðgjafa sem nýtast mættu í viðbrögðum við samfélagslegum áföllum og að vekja athygli félagsráðgjafa á öðrum vinnuáferðum en hinni einstaklingsmiðuðu nálgun sem hefur verið ráðandi. Elliott byggir á sjónarhorni félagslegrar þróunar (e. *social development*), valdeflingar og vinnu með styrkleika, sem miðar að því að byggja upp mann- og félagsauð. Líkan Elliott nær til fjögurra kerfa eða sviða – félagslegrar fjárfestingar, efnahagslegrar og pólitískrar þátttöku og mannaúts – sem kalla á viðbrögð á hverju stigi viðlagahringsarinnar.



Mynd 2. Líkan Doreen Elliott (Þýðing höfunda).

Hlutverk félagsráðgjafa samkvæmt líkaninu eru fjölbreytt og sama gildir um markmiðin. *Félagsleg fjárfesting* leggur áherslu á innri uppbyggingu samfélaga þar sem efling félagsauðs er í brennidepli. Markmiðið er að skapa leiðir til að tryggja að allir íbúar hafi sömu tækifæri til þátttöku. Litið er á fátækt og félagslega einangrun sem vandamál samfélagsins alls. *Efnahagsleg þátttaka* felur í sér að gera öllum íbúum kleift að taka þátt í efnahagslífi samfélagsins. Virk þátttaka þeirra í efnahagslífi gerir samfélagið sterkara og hæfara til að takast á við samfélagsleg áföll. *Pólítísk þátttaka* er leið til að vinna að mannréttindum og gegn félagslegu ranglæti. Hér er áherslan á vinnu félagsráðgjafans með jaðarhópum og með skjólstaðingum sem búa við félagslega einangrun. Valdefling, málsvarahlutverk og almenn hvatning til skjólstaðinga eru hér mikilvæg hlutverk (Elliott, 2010). *Mannauður* er mikilvægur til að efla viðnámsþrótt og skapa félagsauð. Markmið með eflingu mannauðs er að byggja upp bjargir og viðnám gagnvart hamförum og nýta m.a. áfallahjálp í þessu skyni. Lögð er áhersla á valdeflingu og á vinnu með styrkleika. Hér er staðsett sú vinna sem félagsráðgjafar hafa einkum sinnt fram til þessa (Elliott, 2010).

Kostir líkans Elliott eru margir að mati höfunda. Það leggur áherslu á valdeflingu, þátttöku og styrkleika bæði samfélaga og einstaklinga. Auk þess er það mjög í samræmi við nútímakröfur um viðbrögð vegna samfélagslegra áfalla. Takmarkanir líkansins eru nokkrar. Það tekur að takmörkuðu leyti tillit til áhrifa menningar og þjóðernis, líkanið hefur ekki verið gagnreynt og því ekki víst hvernig það reynist í framkvæmd.

Tilviksathugun á viðbragðsáætlunum íslenskra sveitarfélaga

Eins og áður var nefnt ber sveitarfélögum að gera viðbragsáætlanir en markmiðið með þeim er að stuðla að því að almannavarnakerfið sé reidubúið á hættustund og að viðbrögð séu skilgreind þegar grípa þarf til aðgerða (Þingskjal 204, 2007–2008). Við samningu MA-ritgerðar sinnar um hamfarafélagsráðgjöf vann Anna Sigrún Ingimarsdóttir (2012) tilviksrannsókn haustið 2011 á viðbragðsáætlunum tveggja sveitarfélaga. Valin voru sveitarfélög sem búa við þekktar líkur á stórum jarðskjálftum og hafa orðið fyrir slíkum skjálftum reglulega, Árborg og Norðurþing (Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftafræði, e.d.; Stefánsson, 2011). Niðurstöður leiddu í ljós að Norðurþing hafði ekki lokið við gerð viðbragðsáætlunar en

í Árborg hafði viðbragðsáætlun verið gerð árið 2009. Þó skiljanlegt sé að talsverðan tíma taki að vinna slíkar áætlanir þá er það athyglisverð niðurstaða að áætlun liggja ekki fyrir í sveitarfélagi þar sem yfirvofandi eru stórir jarðskjálftar auk annarra mögulegra náttúruhamfara. Athyglinni var því beint að viðbragðsáætlun Árborgar og greiningu á henni. Sérstaklega var litið til hlutverks félagsráðgjafa og félagsþjónustu.

Viðbragðsáætlun Árborgar var byggð á almennum leiðbeiningum fyrir starfsmenn sveitarfélaga sem settar voru fram í handbókinni *Langtíma viðbrögð við náttúruhamförum* (Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir o.fl., 2008). Þegar jarðskjálfti varð árið 2008 fékk sveitarfélagið aðgang að handbókinni og hafði hana til hliðsjónar í viðbrögðum sínum með góðum árangri. Því var ákveðið að byggja viðbragðsáætlunina á henni.

Viðbragðsáætlunin gerir ráð fyrir að starfræktir séu þrjár klasar, velferðar-, efnahags- og umhverfisklassi, sem eru skipaðir starfsmönnum sveitarfélagsins á viðkomandi sviðum. Hér verður einkum fjallað um velferðarklasann, en undir hann falla þættir sem lúta að líkamlegum og andlegum þörfum fólks á öllum aldri. Hér er um að ræða þjónustu á sviði félags-, heilbrigðis-, mennta-, menningar- og æskulýðsmála. Áhersla er á samstarf hagsmunaaðila og að þeir bregðist við út frá þörfum notenda í stað þess að líta til þess hvernig sömu verkefni kunni að vera leyst í daglegri þjónustu sveitarfélagsins. Skipulaginu er ætlað að veita nauðsynlegan sveigjanleika til að hægt sé að byggja á þeim lausnum sem henta þolendum áfalla best (Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir, 2008; Sveitarfélagið Árborg, 2009). Greining á áætlun Árborgar leiddi í ljós að einkum var rætt um hlutverk félagsþjónustunnar frekar en félagsráðgjafa sem starfshóps.

Í velferðarklasa Árborgar starfa sjö teymi: félagsmálateymi, fræðsluteymi sem skiptist í grunnskóla- og leikskólateymi, íþrótta-, æskulýðs- og menningarmálateymi, sem skiptist í íþrótta- og æskulýðsteymi og menningarmálateymi. Auk þeirra eru tvö þverfagleg teymi, húsnæðis- og áfallateymi.

Verkefni félagsmálateymis eru víðfeðm og ná til allra fasa áfallahringingsins. Í forvarnarfasanum eru hlutverk félagsþjónustu að fjalla um viðbrögð í kjölfar áfalla, fylgja því eftir að stofnanir vinni forvarnar-, viðbragðs- og æfingaáætlanir til að draga úr líkum á

slysum og tjóni. Félagsmálateymi á einnig að sjá til þess að æfingaáætlunum sé framfylgt og skila skýrslu árlega um stöðu forvarnarmála á sviði félagsþjónustu. Félagsmálateymi ber einnig að veita félagslega ráðgjöf og skipa fulltrúa í áfalla- og húsnæðisteymi (Sveitarfélagið Árborg, 2009). Í kjölfar áfalla ber teyminu að sjá til þess að stjórnendur fylgist með líðan starfsmanna og að aðstoða þá við greiningu á þörf fyrir viðbótarstarfsmenn. Teyminu ber að fylgjast með stöðu og líðan notenda félagsþjónustu og hafa ef þörf krefur milligöngu um þjónustu frá áfallateymi og/eða öðrum utanaðkomandi sérfræðingum. Kveðið er á um að teyminu beri að sinna sérstaklega notendum sem séu berskjaldaðir vegna stöðu sinnar og að kanna beri hag þeirra strax í kjölfar áfalls. Hér er t.d. átt við þá sem hafa misst heimili sitt, eru slasaðir, aldraðir, fatlaðir, nýbúar, auk einstaklinga sem hafa af einhverjum ástæðum veika félagslega stöðu. Teymið getur veitt ýmsa aðstoð til þolenda og m.a. verið í samstarfi við Rauða kross Íslands um uppbyggingu fjöldahjálparstöðvar.

Viðbragðsáætlun tekur einnig til endurreisnarfasans en samkvæmt viðbragðsáætlun ber félagsmálateymi að meta andlega og félagslega stöðu samfélagsins svo hægt sé að ákveða hvenær það er tilbúið fyrir aðgerðarlök.

Þegar viðbragðsáætlunin er borin saman við líkan Elliott (2010), sést að samsvörun er talsverð en líkanið gerir þó ráð fyrir umfangsmeira hlutverki félagsráðgjafa. Elliott leggur meiri áherslu á mikilvægi mann- og félagsauðs og að félagsráðgjafar vinni markvisst að því að efla viðnámsþrótt bæði einstaklinga og samfélags. Þó að starfsmenn félagsþjónustu í Árborg sinni slíku í daglegu starfi sínu þá fær þessi þáttur meira rými í líkani Elliott. Notendasamráð er lykilþáttur í líkani Elliott og þó að viðbragðsáætlun byggist á henni að einhverju leyti þá er fyrir hendi talsvert svigrúm til að auka það. Líkanið leggur áherslu á efnahagslegar hjargir, en rannsóknir hafa sýnt að fátækt eykur tjónnæmi og líkur á berskjöldun. Segja má að viðbragðsáætlunin taki að talsverðu leyti mið af þessu og þekking á mismunandi tjónnæmi hópa fer vaxandi. Elliott leggur einnig meiri áherslu á málsvarahlutverkið og að félagsráðgjafar verði að vinna gegn fordómum og félagslegri einangrun minnihlutahópa (Anna Sigrún Ingimarsdóttir, 2011). Samanburður á líkani Elliott og hlutverkum félagsráðgjafa og félagsþjónustu leiðir því í ljós tækifæri til að nýta betur þekkingu og starfsaðferðir félagsráðgjafa.

Samantekt og lokaorð

Markmið þessarar greinar var að gera grein fyrir stöðu þekkingar á hlutverkum félagsráðgjafa vegna samfélagslegra áfalla með áherslu á náttúruhamfarir. Einnig var spurt hvernig hlutverk félagsráðgjafa væru skilgreind í viðbragðsáætlunum sveitarfélagsins Árborgar og Norðurþings og að hve miklu leyti þær tækju mið af þekkingu og starfsaðferðum félagsráðgjafa.

Reynslan sýnir að við stærri áföll sem varða allt samfélagið er leitað til starfandi félagsráðgjafa hvar sem þeir starfa, dagleg verkefni þeirra verða umfangsmeiri og við þau bætast ný verkefni í samræmi við eðli áfallsins. Greining á stöðu þekkingar leiðir í ljós að fjölbreyttar vinnuáferðir og nálganir félagsráðgjafa nýtast mjög vel bæði til vinnu áður en náttúruhamfarir eða önnur samfélagsleg áföll verða. Við gerð viðbragðsáætlana er byggt á hugmyndafræði notendasamráðs og notaðar eru bæði aðferðir hóp- og samfélagsvinnu. Þegar áföll verða gegna félagsráðgjafar mikilvægum hlutverkum í svokölluðum neyðarfasa, mörg þeirra tengjast áfallahjálpar eða sálfélagslegum viðbrögðum. Greining á stöðu þekkingar sýnir að um margvísleg hlutverk getur verið að ræða og ítrekað hefur verið staðfest að hópar sem standa höllum fæti félagslega hafa meira tjónnæmi og minni viðnámsþrótt en hópar sem hafa sterkari stöðu. Félagsleg og efnahagsleg staða fólks hefur ákveðið forspárgildi um hversu mikil áhrif áfall getur haft. Þessi þekking sýnir mikilvægi þess að unnið sé með ólíkum hópum í samræmi við félagslega stöðu þeirra. Elliott (2010) bendir á mikilvægi málsvarahlutverksins og valdeflingar, félagsráðgjafar þurfa að byggja upp viðnámsþrótt einstaklinga, hópa og samfélaga.

Leitað var til tveggja sveitarfélaga til að kanna hlutverk félagsráðgjafa í viðbragðsáætlunum en í ljós kom að annað þeirra, Norðurþing, hafði ekki lokið við gerð viðbragðsáætlunar. Árborg hafði unnið vandaða viðbragðsáætlun. Hlutverk félagsráðgjafa samkvæmt henni eru fjölbreytt en megináherslan er á hlutverk félagsráðgjafa vegna áfallahjálpar og sálfélagslegs stuðnings í kjölfar áfalla. Þrátt fyrir fjölbreytileg verkefni sem félagsþjónustu sveitarfélaga er ætlað að vinna samkvæmt viðbragðsáætlun Árborgar þá sýnir samanburður við líkan Elliott um hlutverk félagsráðgjafa að nýta mætti þekkingu og starfsaðferðir þeirra betur. Þetta á ekki við um forvarnir og endurreisn.

Eins og fram kom í inngangi hafa Alþjóðasamtök félagsráðgjafaskóla lagt áherslu á svið hamfarafélags-



ráðgjafar og höfundar telja niðurstöður greinarinnar leiða rök að því að mikilvægt sé að huga einnig að sí- og endurmenntun fyrir starfandi félagsráðgjafa á þessu sviði hérlendis svo og að efla íslenskar rannsóknir á hlutverki og framlagi félagsráðgjafa í kjölfar áfalla.

Heimildir

- Almannavarnir ríkisins. (e.d.). *Einkavarnaúætlun vinnustaða: Leiðbeiningar um gerð einkavarna fyrir fyrirtæki og stofnanir*. Sótt 7. nóvember 2012 á <http://almannavarnir.is/file.asp?id=62>.
- Anna Sigrún Ingimarsdóttir. (2012). *Samfélagsleg áföll: Viðbrögð félagsráðgjafa*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild. Sótt á <http://hdl.handle.net/1946/10427>.
- Ásthildur Elva Bernharðsdóttir og Sólveig Þorvaldsdóttir. (2008). Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum: Greiningarskýrsla. Í Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir (ritstj.), *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum* (bls. 11–73). Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- Bernharðsdóttir, Á.E. (2001). *Learning from past experiences: The 1995 avalanches in Iceland*. Stockholm: Crisemart.
- Bernharðsdóttir, Á.E. og Svedin, L. (2004). *Small-state crisis management: The Icelandic way*. Stockholm: Crisemart.
- Bird, D.K., Gísladóttir, G. og Dominey-Howes, D. (2011, 7. apríl). Different communities, different perspectives: Issues affecting residents' response to a volcanic eruption in Southern Iceland. *Bulletin of Volcanology*. Sótt 3. nóvember 2011 á <http://www.springerlink.com/content/a6510w36888186j8/fulltext.pdf>.
- Bolin, R. (1993). *Household and community: Recovery after earthquakes*. Boulder, CO: University of Colorado.
- Brymer, M., Layne, C., Jacobs, A., Pynoos, R., Ruzek, J., Steinberg, A. o.fl. (2006). *Sálræn skyndihjálp: Leiðbeiningar um viðurkennt verklag á vettvangi*. Berglind Guðmundsdóttir og Þórunn Finnisdóttir þýddu. Sótt 20. september 2011 á http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/swdocument/1040331/salraen_skyndihjalp250209.pdf?wosid=false.
- Chou, Y.C. (2003). Social workers involvement in Taiwan's 1999 earthquake disaster aid: Implications for social work education. *Social Work & Society: The International Online-Only Journal*, 1(1). Sótt 21. september 2011 á <http://www.socwork.net/2003/1/articles/395>.
- Cronin, M. og Ryan, D. (2010). Practice perspectives of disaster work. Í D.F. Gillespie og K. Danso (ritstj.), *Disaster concepts and issues: A guide for social work education and practice* (bls. 113–132). Alexandria: Council on Social Work Education.
- Cronin, M.S., Ryan, D.M. og Brier, D. (2007). Support for staff working in disaster situations: A social work perspective. *International Social Work*, 50(3), 370–382.
- Elliott, D. (2010). A social development model for infusing disaster planning, management, and response in the social work curriculum. Í D.F. Gillespie og K. Danso (ritstj.), *Disaster concepts and issues: A guide for social work education and practice* (bls. 89–110). Alexandria: Council on Social Work Education.
- Ersing, R.L. (2010). Building disaster-resilient communities: Advancing social work knowledge and skills. Í D.F. Gillespie og K. Danso (ritstj.), *Disaster concepts and issues: A guide for social work education and practice* (bls. 133–144). Alexandria: Council on Social Work Education.
- Eydal, G.B. og Árnadóttir, G. (2004). Earthquakes in the South of Iceland: Crisis management and crisis help. Í Á.E. Bernharðsdóttir og L. Svedin (ritstj.), *Small states crisis management: The Icelandic way* (bls. 43–89). Stockholm: A Publication of the Crisis Management of Europe Research.
- Farley, O.W., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (2009). *Introduction to social work* (11. útg.). Boston: Pearson, Allyn & Bacon.
- Gibson, M. og Iwaniec, D. (2003). An empirical study into the psychosocial reactions of staff working as helper. *British Journal of Social Work*, 33, 851–870.
- Gillespie, D.F. (2010). Vulnerability: The central concept of disaster curriculum. Í D.F. Gillespie og K. Danso (ritstj.), *Disaster concepts and issues: A guide for social work education and practice* (bls. 3–14). Alexandria: Council on Social Work Education.
- Gillespie, D.F. og Danso, K. (2010). Introduction to major themes of disaster and social work. Í D.F. Gillespie og K. Danso (ritstj.), *Disaster concepts and issues: A guide for social work education and practice* (bls. xi–xxii). Alexandria: Council on Social Work Education.
- Guðný Björk Eydal og Hervör Alma Árnadóttir. (2010). Endurreisn samfélags – hópavinna í félagsráðgjöf. *Tímarit félagsráðgjafa*, 4(1), 35–39.
- Harding, S. (2007). Man-made disaster and development: The case of Iraq. *International Social Work* 50(3), 295–306.
- Herdís Sigurjónsdóttir. (2009). *Hlutverk sveitarstjórna eftir náttúruhamfarir og önnur samfélagsleg áföll: Greining á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga í skipulagi almannavarna*. Óbirt meistara-ritgerð: Háskóli Íslands, Verkfræði og náttúruvísindasvið.
- Jenson, J.M. (2005). Reflections on natural disasters and traumatic events. *Social Work Research*, 29, 195–198.
- Jóhannesdóttir, G. og Gísladóttir, G. (2010). People living under threat of volcanic hazard in Southern Iceland: Vulnerability and risk perception. *Natural Hazard and Earth System Sciences*, 10, 407–420.
- Lög um almannavarnir* nr. 82/2008.
- Margrét Blöndal. (2008). Áfallahjálp á Íslandi: Skipulag og þróun. Í Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir (ritstj.), *Langtímaviðbrögð við náttúruhamförum* (bls. 127–142). Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- McEntire, D.A. (2007). *Disaster response and recovery: Strategies and tactics for resilience*. Hoboken: John Wiley & Sons.

- Padgett, D.K. (2002). Social work research on disasters in the aftermath of the September 11 tragedy: Reflections from New York City. *Social Work Research*, 26(3), 185–192.
- Pyles, L. (2007, maí). Community organizing for post-disaster social development: Locating social work. *International Social Work*, 50(3), 321–333.
- Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftafræði. (e.d.). *Landsnet hröðunarmæla*. Sótt 2. október 2011 á http://www.jarðskjálftamidstod.hi.is/landsnet_hrodunarmaela.
- Ríkislögreglustjóri, Landlæknisembættið, Landspítali-áfallateymi, Rauði kross Íslands, Samband íslenskra sveitarfélaga og Þjóðkirkjan. (2010, október). *Viðbrögð-sáttun Almanna-Varða: Skipulag áfallahjálpar á Íslandi*. Sótt 23. september 2011 á http://www.almannavarnir.is/upload/files/skipulag_áfallahjalp_okt_2010.pdf.
- Ríkislögreglustjórinn Almanna-Varðadeild. (e.d.). *Séráætlunir*. Sótt 31. október 2011 á http://www.almannavarnir.is/display.asp?cat_id=89.
- Skipulag áfallahjálpar á Íslandi á neyðartímum*. (e.d.) Sótt 3. september 2012 á http://redcross.lausn.is/Apps/WebObjects/RedCross.woa/swdocument/1041333/skipulag_áfallahjalp_okt_2010.pdf?wosid=false
- Soliman, H.H. og Rogge, M.E. (2002, febrúar). Ethical considerations in disaster services: A social work perspective. *Electronic Journal of Social Work*, 1(1). Sótt 10. september 2011 á http://www.centerforurbanstudies.com/documents/electronic_library/disaster_planning/ethics_in_disasterplanning.pdf.
- Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Guðrún Pétursdóttir og Herdís Sigurjónsdóttir. (2008). Viðbrögð við náttúruhamförum: Almennar leiðbeiningar fyrir starfsmenn sveitarfélaga. Í Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir (ritstj.) *Langtíma viðbrögð við náttúruhamförum* (bls. 155–190). Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- Sólveig Þorvaldsdóttir, Ásthildur Elva Bernharðsdóttir, Herdís Sigurjónsdóttir, Geir Oddsson og Guðrún Pétursdóttir. (2008). *Langtíma viðbrögð við náttúruhamförum*. Reykjavík: Stofnun Sæmundar fróða.
- Stefánsson, R. (2011). *Advances in earthquake prediction: Research and risk mitigation*. Berlin: Springer.
- Stivers, C. (2007). „So poor and so black“: Hurricane Katrina, public administration, and the issue of race. *Public Administration Review, Special Issue*, 48–56.
- Streeter, C.L. og Murty, S.A. (1996). Introduction. Í C.L. Streeter og S.A. Murty (ritstj.), *Research on social work and disasters* (bls. 1–6). New York: Haworth Press.
- Sveitarfélagið Árborg. (2009, september). *Viðbrögð við samfélagsáfallum: Sveitarfélagið Árborg*. Reykjavík: VSÓ Ráðgjöf.
- Thomas, R.L. og Healy, L.M. (2010). Be prepared: Incorporating disaster content in era of globalization and climate change. Í D.F. Gillespie og K. Danso (ritstj.), *Disaster concepts and issues: A guide for social work education and practice* (bls. 255–270). Alexandria: Council on Social Work Education.
- Tierney, K.J., Lindell, M.K. og Perry, R.W. (2001). *Facing the unexpected: Disaster preparedness and response in the United States*. Washington: Joseph Henry Press.
- Yanay, U. og Benjamin, S. (2005). The role of social workers in disasters: The Jerusalem experience. *International Social Work*, 48(3), 263–276.
- Zakour, M.J. (1996). Disaster research in social work. Í C.L. Streeter og S.A. Murty (ritstj.), *Research on social work and disaster* (bls. 7–25). New York: Haworth Press.
- Zakour, M.J. og Gillespie, D.F. (2010). Recent trends in disaster vulnerability and resiliency research: Theory, design, and methodology. Í D.F. Gillespie og K. Danso (ritstj.), *Disaster concepts and issues: A guide for social work education and practice* (bls. 35–60). Alexandria: Council on Social Work Education.
- Þingskjal 204. (2007–2008). Frumvarp til laga um almannavarnir. Sótt 31. mars 2012 á *Alþingistíðindi A-deild*, 135. Sótt 31. mars 2012 <http://www.althingi.is/altext/135-/s/0204.html>

Dvöl barna í Kvennaathvarfinu

Anni G. Haugen,
lektor við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Bergdís Ýr Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi MA,
Barna- og unglingageðdeild Landspítala



Anni G. Haugen



Bergdís Ýr
Guðmundsdóttir

Útdráttur

Greinin er byggð á rannsókn sem ætlað var að auka þekkingu á stöðu barna sem hafa dvalið í Kvennaathvarfinu. Sjónum var beint að reynslu barna af dvöl sinni í Kvennaathvarfinu, kannaðar voru óskir mæðra sem þar dvelja með börnum sínum um þjónustu við þau og hvernig starfskonur vinna með börnum í Kvennaathvarfinu. Beitt var blandaðri rannsóknaraðferð með spurningalistum og hálfstöðluðum viðtölum. Meginniðurstöður voru þær að veita þyrfti börnum sem dvelja í Kvennaathvarfinu meiri aðstoð en nú er gert, m.a. við að vinna úr reynslu þeirra af ofbeldi sem þau hafa orðið vitni að. Niðurstöðurnar gefa vísbendingar um að börnum líði vel í Kvennaathvarfinu, mæður telja mikilvægt að börnum sé veitt aðstoð þar, og starfskonur athvarfsins vilja efla þá aðstoð sem börnunum er veitt. Ályktað er að félagsráðgjafar og aðrir fagaðilar horfi á málefni barna sem dvelja í Kvennaathvarfinu með heildstæðari hætti en nú er gert og efla þurfi samstarf milli Kvennaathvarfsins og viðeigandi aðila um málefni þeirra, m.a. barnaverndarnefnda.

Lykilorð: Kvennaathvarf, börn sem verða vitni að ofbeldi í nánnum samböndum.

Abstract

The article is built on a study which was done to increase the knowledge about children that stay with their mothers in Kvennaathvarfið, a shelter for battered women in Iceland. The focus was on the children and their experiences during their stay in the shelter. The mothers were asked about what services they believed their children needed, the staff was interviewed about their work with the children in the shelter. A mixed method of half-standardized interviews and a questionnaire was used. The results indicate that the children need more help than they receive at present, for example to process the violence they have witnessed. The results indicate that the children are at ease in the shelter, the mothers believe it is important that they get help there, and the staff want to strengthen the support for the children. The conclusion is that social workers and other professionals need to address the issues of children in the shelter in a more comprehensive manner and the cooperation with other relevant agencies such as the child protection services needs to be strengthened.

Keywords: Shelter for battered women, children who witness domestic abuse.

Inngangur

Tilvera barna sem hafa orðið vitni að ofbeldi í nánnum samböndum er mörgum hulin. Það er heldur ekki langt síðan farið var að beina sjónum á alþjóðlegum vettvangi að börnum sem hugsanlegum þolendum þegar ofbeldi í nánnum samböndum á sér stað (Edleson, 1999).

Rannsóknin sem hér um ræðir var gerð árið 2011 að frumkvæði framkvæmdastýru Kvennaathvarfsins. Er það í fyrsta sinn sem staða barna sem dvalið hafa í Kvennaathvarfinu er skoðuð sérstaklega. Rannsóknin var unnin til meistaraþrófs í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands.

Börn sem verða vitni að ofbeldi í nánnum samböndum

Fyrstu rannsóknir sem afhjúpuðu þann vettvang ofbeldis sem fjölskyldan er voru birtar um 1960, en umræða og fræðileg umfjöllun um að ofbeldi á heimilum ætti sér stað og væri óásættanlegt tók að ryðja sér til rúms á áttunda áratug liðinnar aldar (Davies og Krane, 2002; Sigrún Júlíusdóttir, 2001). Þáttur málefna barna sem verða vitni að ofbeldi í nánnum samböndum varð veigameiri í rannsóknum fagaðila í félagsvísindum u.þ.b. áratug síðar (Edleson, 1999; Phillips og Phillips, 2010) og niðurstöður þeirra hafa vakið almenning og fagaðila til vitundar um þá staðreynd að ofbeldi þrífist innan fjölskyldna. Aukin þekking á ofbeldi á heimilum og afleiðingum þess leiddi til þess að farið var að skilgreina það sem ofbeldi gegn barni þegar það verður vitni að ofbeldi annarra (Phillips og Phillips, 2010).

Íslenskar tölfræðiupplýsingar benda til þess að um 2000 börn verði vitni að ofbeldi á heimilum ár hvert (Barnaheill – Save the Children Iceland, 2011). Í nýlegri rannsókn um þekkingu íslenskra skólubarna í 4.–10. bekk á ofbeldi á heimilum, kemur fram að 25% aðspurðra þekktu einhvern sem orðið hafði fyrir

ofbeldi heima hjá sér. Svör 6,5% bentu til þess að þau vísuðu í eigin reynslu (Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir og Steinunn Gestsdóttir, 2007).

Sameinuðu þjóðirnar leggja áherslu á að börnum sem upplifað hafa ofbeldi á heimili séu veitt tækifæri til þess að vinna úr þeirri reynslu (Pinheiro, 2006). Nauðsynlegt er að hlusta á frásögn barnanna, taka þau alvarlega sem þolendur ofbeldis og gefa þeim kost á að taka þátt í því að móta lausnir og ákvarðanir í eigin málum (Mullender o.fl., 2002; Poole, Beran og Thurston, 2008). Fjölmargar rannsóknir hafa leitt í ljós að stór hluti þeirra barna sem búa á heimili þar sem ofbeldi viðgengst verður vitni að því með einum eða öðrum hætti (Fantuzzo og Fusco 2007; Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir og Steinunn Gestsdóttir, 2007; Vatnar og Björkly, 2011). Börnin takast á við aðstæður sínar með mismunandi hætti, gera sér ýmist grein fyrir vanmætti sínum og þegja, halda sig frá heimilinu eða koma sér í burtu þegar til ofbeldis er gripið. Algengt er að þau finni sig knúin til að verja móður sína þegar ofbeldi er beitt og verði þá sjálf fyrir ofbeldi (Edleson, 1999; McGee, 2000; Weinehall, 2005). Flest börn í slíkum aðstæðum virðast láta sig dreyma um breyttar aðstæður, öryggi og ánægjulegt fjölskyldulíf (McGee, 2000; Mullender o.fl., 2002; Weinehall, 2005). Börnin upplifa gjarnan flóknar tilfinningar og finna fyrir áhrifum þess að búa við slíkar aðstæður (Mullender o.fl., 2002; Poole o.fl., 2008). Dæmi um það er ótti, hræðsla um eigið líf og líf systkina og móður, hræðsla við ofbeldismanninn ásamt skömm og sektarkennd vegna ofbeldisins (Mullender o.fl., 2002). Geðsveiflur, svefnerfiðleikar, líkamlegir verkir og skólaneitun eru einnig vandamál sem geta komið upp hjá börnum (Poole o.fl., 2008). Þegar börn koma til dvalar í kvennaathvarfi er það fyrir ákvörðun móður en ekki barnanna, og mörg þeirra finna til reiði í hennar garð vegna þess að hún hefur yfirgefið heimili þeirra og föðurins (Edwards, 2009; McGee, 2000; Mullender o.fl., 2002; Øverlien, Jacobsen og Evang, 2009) og þau hafa verið tekin frá vinum og heimaskóla (Poole o.fl., 2008). Söknudur eftir föður kemur einnig fram hjá sumum þeirra barna sem dvelja í kvennaathvörfum (McGee, 2000; Mullender o.fl., 2002).

Börn sem dvelja í kvennaathvörfum geta þurft á aðstoð að halda sem veitt er á einstaklingsgrundvelli eða sem hópúræði (Poole o.fl., 2008). Vandí barnanna getur stafað af upplifun þeirra og reynslu,

t.d. erfiðleikum sem fylgja því að hafa orðið vitni að ofbeldi í nánnum samböndum og því að aðlagast þeim breytingum sem ráðast af fyrirvaralausum flutningum af heimili í kvennaathvarf (Poole o.fl., 2008). Mikilvægt er að vandi barnanna sé metinn gaumgæfilega en Bedi og Goddard (2007) benda t.d. á niðurstöður rannsókna sem sýna að börn, sem verða vitni að ofbeldi í nánnum samböndum, þjást í mörgum tilvikum af áfallastreituröskun, vanlíðan og hegðunarvanda.

Konur eru álitnar þjónustuþegar í kvennaathvörfum, en ekki börn, og því er sú aðstoð sem veitt er að mestu leyti miðuð við þarfir kvenna en ekki barna (Poole o.fl., 2008; Øverlien o.fl., 2009). Aðrar reglur gilda í kvennaathvörfum en á heimilum fólks og ráðstafanir þarf að gera til að auka öryggi dvalarkvenna og barna í kvennaathvörfum. Margar reglur kvennaathvarfa eða ákvarðanir móður hafa flókin áhrif á dvöl barnanna sem þarf að gefa gaum. Á mynd 1 má sjá mun á upplifun mæðra og barna á starfsaðferðum og reglum sem algengt er að gildi í kvennaathvörfum (Øverlien o.fl., 2009).

Starfsaðferðir / Aðferð móður	Upplifun barnsins	Upplifun móðurinnar
Staðsetningu athvarfsins haldið leyndri	Flækir daglegt líf barnsins og hefur áhrif á félagslega þátttöku þess	Veitir móðurinni öryggi
Barn ekki upplýst um þann stað sem kvennaathvarf er, því sagt t.d. að dvalið sé á hóteli, erlendis eða að það sé í frí	Ruglar barnið í ríminu og gerir því erfiðara fyrir að átta sig á því sem á sér stað	Móðir sleppur við erfiðar spurningar frá barninu og fordóma samfélagsins
Ekki boðið upp á faglega aðstoð fyrir barnið	Barnið á erfitt með að fóta sig og skortir félagslegan stuðning til að takast á við aðstæðurnar	Móðirin er við stjórnvölinn
Barn ekki upplýst um að dvöl í kvennaathvarfi sé í vændum	Barn getur ekki kvatt sína nánustu (vini, fjölskyldu, gæludýr, o.s.frv.) og því finnst það jafnvel svikið	Flutningar í kvennaathvarfið verða öruggari
Gestir ekki leyfðir í kvennaathvarfið	Gerir barninu erfiðara fyrir að viðhalda félagslegum tengslum	Gerir dvölinu í kvennaathvarfinu öruggari

Mynd 1. Upplifun mæðra og barna á ákvörðunum og reglum kvennaathvarfa

Í kvennaathvörfum er áhersla lögð á að skapa konum öruggt umhverfi, veita þeim aðstoð, ráðgjöf, húsa-skjól og stuðla að sterkari sjálfsmýnd þeirra og sjálfstæði. Ráðgjöfin sem konur geta nýtt sér í athvörfunum miða að uppbyggingu konunnar en beina ekki sjónum að uppeldishlutverki hennar. Kona sem

dvelur í kvennaathvarfi með barn sitt eða börn sín er vissulega þolandi ofbeldis og þarfnast líklega aðhlyningar, styrkingar og/eða öruggs skjóls. Hún er einnig móðir sem skylt er að vernda barn sitt eða börn sín fyrir hvers konar ofbeldi og að sinna uppeldisskyldum sínum. Þau úrræði sem gripið er til snúa þó oftast að foreldrunum í parsambandinu eða móðurinni sem þolanda en að stöðu barnanna (Davies og Krane, 2002; Edleson, 1999; Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2006). Samvinna kvennaathvarfa og opinberra stofnana í barnavernd er jafnan lítil (Stanley, Miller, Foster og Thomson, 2010) og sumir hafa jafnvel gengið svo langt að lýsa stöðu barna sem dvelja í kvennaathvörfum sem einskis manns landi sökum þess að þau fá þar litla aðstoð þótt þau séu komin í öruggt skjól (Davies og Krane, 2002; Edleson, 1999).

Rannsóknir sýna að dvöl í kvennaathvarfi hefur jákvæð áhrif á sum börn. Þau upplifa sig örugg því að þau búa ekki með ofbeldismanninum og þau geta tjáð sig um líf sitt. Sú aðstoð sem börnin fá í kvennaathvörfum getur þannig orðið mikilvægt skref í að brjóta upp mynstur ofbeldis (McGee, 2000; Poole o.fl., 2008). Þegar skipuleggja á aðstoð við börn í kvennaathvörfum er heildarsýn á aðstæður þeirra mikilvæg. Áriðandi er að greina styrkleika barnsins og umhverfis þess, svo og þá þætti sem þarf að styrkja, t.d. með samþættingu þjónustu og faglegri aðstoð (Poole o.fl., 2008).

Aðstæður barna sem dvelja í Kvennaathvarfinu

Kvennaathvarfið var stofnað árið 1982. Hlutverk þess er að vera athvarf fyrir konur og börn þeirra sem telja sig beittar andlegu eða líkamlegu ofbeldi á heimili sínu (Guðrún Ásgeirsdóttir, 1997; Gunnhildur Sigurhansdóttir, 2002).

Þegar rannsóknin var gerð var Kvennaathvarfið starfrækt í um 450m² stóru húsnæði á þremur hæðum. Fjögur svefnherbergi eru í húsinu og þegar margar konur dvöldu þar á sama tíma voru tvær stofur gjarnan notaðar sem herbergi. Börn deildu herbergi með mæðrum sínum óháð fjölda þeirra og aldri.¹ Húsreglur Kvennaathvarfsins kveða svo á um að ró skuli vera komin á um miðnætti og reglur um háttatíma eru settar upp eftir aldurs skeiðum (Sigbrúður Guðmundsdóttir munnleg heimild, 16.

¹ Í febrúar 2013 flutti Kvennaathvarfið í nýtt húsnæði en rannsókn á dvöl barna þar var gerð fyrir þann tíma. Því eiga niðurstöðurnar og upplýsingar um Kvennaathvarfið við um húsnæðið sem starfsemin var í fyrir þann tíma.

nóvember 2011). Það er því ljóst að bæði börn og konur þurfa að taka tillit til annarra íbúa athvarfsins, fara eftir reglum sem geta verið aðrar en á eigin heimili og búa við þröng skilyrði.

Starfskonur í Kvennaathvarfinu eru sex talsins og vinna á þrískiptum vöktum. Á morgunvöktum eru tvær starfskonur á vakt og ein kona á kvöld- og næturvöktum. Auk starfskvennanna sex koma tveir starfsmenn að rekstri athvarfsins. Á þeim tíma sem rannsóknin var gerð var enginn sérstakur barnastarfsmaður í Kvennaathvarfinu (Sigbrúður Guðmundsdóttir, munnleg heimild, 16. nóvember 2011).

Fjöldi barna sem dvaldi í Kvennaathvarfinu á árunum 2000–2010 var frá 40 og upp í 80 á ári. Börn dvelja mislengi í athvarfinu rétt eins og mæður þeirra, allt frá einum degi upp í 133 daga, en það er lengsta dvöl barns á því tímabili sem rannsóknin tók til (Samtök um kvennaathvarf. Ársskýrslur 2000–2010).

Rannsóknaraðferð

Þátttakendur: Þátttakendur rannsóknarinnar voru alls níttján; starfskonur Kvennaathvarfsins voru fimm, mæður sem dvalið hafa með börn sín í Kvennaathvarfinu voru ellefu, og börn sem þar hafa dvalið með mæðrum sínum voru þrjú. Mæðurnar sem tóku þátt í rannsókninni dvöldu í Kvennaathvarfinu á árunum 2009–2011 og áttu alls 18 börn sem höfðu verið með þeim þar. Ekki er til listi yfir dvalargesti Kvennaathvarfsins sem hægt var að nota við val á þátttakendum. Framkvæmdarstýra bauð því konum og börnum þeirra sem enn héldu sambandi við athvarfið að taka þátt í rannsókninni svo og konum í dvöl og börnum þeirra.


Mælitæki: Notast var við tvö mælitæki, annars vegar spurningalista sem lagður var fyrir mæðurnar og hins vegar tvo viðtalsvísa fyrir hálfstöðluð viðtöl, annan fyrir viðtöl við starfskonur og hinn fyrir börnin.

Framkvæmd og úrvinnsla: Blandaðri rannsóknaraðferð var beitt með notkun megindlegra og eigindlegra aðferða í senn (Johnson og Onwuegbuzie, 2004). Rannsóknin var tilkynnt til Persónuverndar. Forsjáraðilar, börn og starfskonur skrifuðu undir upplýst samþykki áður en gagnasöfnun hófst. Mæður sem svöruðu spurningalista veittu upplýst samþykki með því að skila honum inn. Við gagnaúrvinnslu var notast við tölfræðiforritið SPSS til að birta niðurstöður spurningakönnunarinnar með lýsandi tölfræði, en viðtölin voru afrituð og greind í þemu og niðurstöður túlkaðar.

Niðurstöður

Reynsla barnanna af Kvennaathvarfinu var góð, þau þekktu tilgang þess og líkaði vel við starfskonurnar. Þau sögðust ekki hafa fengið skýringu á tilgangi starfseminnar við komuna þangað. Tvö barnanna dvöldu í Kvennaathvarfinu í rúma þrjá mánuði en það þriðja hafði dvalið í Kvennaathvarfinu í rúman mánuð. Börnin minntust þess ekki að þeir fagaðilar sem hefðu komið í Kvennaathvarfið, t.d. frá barnavernd og félagsþjónustunni, hefðu rætt við þau. Öll höfðu þau áhyggjur af líðan mæðra sinna og ræddu um sjáanlega vanlíðan þeirra. Þau höfðu líka orð á þeim breytingum sem fylgdu því að fara af heimili sínu fyrirvaralítið og dvelja til langs tíma á ókunnum stað innan um önnur börn og konur, þurfa að fara eftir öðrum reglum en á eigin heimili. Tilfinningar þeirra til föður voru blendnar en tvö þeirra lýstu bæði miklum söknuði eftir föður sínum og óttablandinni hræðslu við að hann myndi finna þau í Kvennaathvarfinu. Fram kom að eldri börn í dvöl eru oft í barnfóstruhlutverki gagnvart yngri börnum, sjá um þau á meðan mæður þeirra hvílast eða eru í viðtölum. Börnin sögðust ekki hafa aðgang að tölvu og ekki er í boði sérstakt rými sem er einungis ætlað þeim til að njóta samvista við vini sína. Ekkert barnanna hafði fengið vin til sín í Kvennaathvarfið. Tvö barnanna fóru einungis þrisvar sinnum út á þeim þremur mánuðum sem þau dvöldu í Kvennaathvarfinu, en vegna ofbeldismannsins var það ekki talið öruggt. Sömu börn stunduðu ekki skóla á dvalartím-anum og fengu ekki kennslu í Kvennaathvarfinu.

Mæður sem dvalið hafa í Kvennaathvarfinu með börn sín óskuðu eftir aukinni aðstoð og stuðningi við börnin meðan á dvöl stendur. Allar töldu að börnin hefðu þörf fyrir einhverja þjónustu en einungis fjórðungur mæðranna taldi að börn þeirra hefðu fengið þjónustu frá öðrum aðilum en starfskonum Kvennaathvarfsins meðan á dvöl þeirra stóð.



Mynd 2. Óskir um aðstoð fyrir börnin í Kvennaathvarfinu

Á mynd 2 má sjá að mæðurnar lögðu einkum áherslu á að börnin fengju aðstoð í Kvennaathvarfinu hjá starfskonum þess (35%) eða félagssráðgjöfum

(19%). Þeim leið öllum ágætlega, vel eða mjög vel með að dvelja með barn sitt eða börn í Kvennaathvarfinu. Þær töldu dvölinna hafa haft góð áhrif á börnin og að aðstæður til að dvelja með börn í athvarfinu væru almennt góðar. Fram kom hjá einum þátttakanda að þörf væri á aukinni aðstoð við börnin í Kvennaathvarfinu til þess að veita mæðrum möguleika á að hvíla sig.

Sú aðstoð sem í boði er í Kvennaathvarfinu miðast fyrst og fremst við konurnar en börnum var ekki boðið upp á viðtöl, hópastarf eða annað til að takast á við reynslu sína af ofbeldi, brottförina að heiman og dvölinna í athvarfinu. Starfskonurnar reyna að auðvelda börnum dvölinna með því að veita þeim jákvæða athygli og hlýju. Stundum hafa mæðurnar sagt börnum sínum að þau séu stödd í sumarbústað eða í heimsókn hjá vinkonu móður eða eitthvað álfka. Starfskonur athvarfsins hafa litið svo á að mæður beri ábyrgð á því hvernig og hvenær rætt er um ofbeldið við börnin og hafa því tekið þátt í þeim útskýringum sem mæður hafa gefið börnum sínum á því hvert þau séu komin. Sumum starfskvennanna fannst að með því væru þær að taka þátt í því að tala ekki um ofbeldið sem átt hefði sér stað, líkt og það væri leyndarmál, og gengi því þvert á þá hugmyndafræði sem þær vinna eftir.

Skýrsla Barnaheilla – Save the Children Iceland (2011) hafði vakið starfskonur athvarfsins til umhugsunar um stöðu barna í Kvennaathvarfinu. Þær höfðu því byrjað að undirbúa breytingar á starfseminni með hliðsjón af því að börnin séu líka þjónustuþegar Kvennaathvarfsins og veita ætti þeim tækifæri til að vinna með reynslu sína. Starfskonurnar töldu allar að börn sem dvelja í Kvennaathvarfinu gerðu sér grein fyrir líðan móður sinnar og að líðan mæðranna hefði áhrif á líðan þeirra. Börn sem koma af höfuðborgarsvæðinu sækja áfram sinn leikskóla eða grunnskóla svo framarlega sem ofbeldismaðurinn ógnar ekki öryggi þeirra þar en starfskonurnar töldu mikilvægt að börn héldu daglegum venjum sínum eftir fremsta megni. Þau börn sem koma langt að sækja almennt ekki skóla meðan á dvöl stendur. Misjafnt var hvort starfskonurnar töldu um að börn í dvöl söknuðu föður síns eða spyrðu mikið um hvar hann væri og hvenær þau gætu hitt hann.

Málefni barnanna eru í mörgum tilvikum til umfjöllunar hjá barnaverndarnefnd þar sem börnin búa vegna þess ofbeldis sem verið hefur á heimili barnanna eða vegna annarra aðstæðna. Mat starfskvennanna á samstarfi athvarfsins við barnaverndar-



nefndir var misjafnt eftir því um hvaða nefnd var að ræða. Starfskonurnar lögðu áherslu á að gott samstarf væri t.d. þegar tilkynningum frá þeim væri sinnt fljótt og haft væri samband við þær vegna barna sem væru í dvöl.

Mikilvægt er að taka fram að viðmælendur rannsóknarinnar voru fáir og því er ekki hægt að alhæfa út frá niðurstöðum frekar en í öðrum eiginlegum rannsóknum.

Umræður

Með tilliti til þess að börnin sem dvelja í Kvænnaathvarfinu hafa jafnan orðið vitni að ofbeldi í nánnum samböndum með einum eða öðrum hætti er mikilvægt að þau fái aðstoð við að takast á við þær breytingar sem fylgja því að yfirgefa heimili sitt og föður og dvelja á öðrum stað (Bedi og Goddard, 2007; Poole o.fl., 2008). Með hliðsjón af fjölda barna sem dvelja í Kvænnaathvarfinu er umhugsunarvert að þar sé þeim ekki veitt frekari aðstoð en raun ber vitni, t.d. af hálfu fagaðila. Óhætt er að segja að hlutverk starfskvænanna sé sérstakt vegna þeirra miklu samskipta sem þær eiga við mæður og börn sem þar dvelja. Í ljósi vilja mæðra og starfskvænna, jákvæðrar upplifunar barna af dvölinni og vitneskju úr erlendum rannsóknum (Poole o.fl., 2008) er mælt með aukinni aðstoð við börnin í Kvænnaathvarfinu. Mikilvægt er að íhuga hvort raunhæft sé að starfskonurnar geti veitt börnunum nauðsynlega aðstoð auk annarra starfa. Sjálfar eru þær sammála um að ákjósanlegt væri að hafa sérstakan barnastarfsmann með þekkingu og reynslu til að sinna betur börnum sem þar dvelja, en slíkur starfsmaður hefur áður starfað þar.

Líklegt má telja að það geti oft reynst mæðrum erfitt að sinna uppeldishlutverki gagnvart börnunum á þeim tíma sem dvalið er í Kvænnaathvarfinu. Sá tími einkennist gjarnan af áföllum, kreppu og ótta við ofbeldismanninn. Á sama tíma og áhersla er lögð á að konur geri sér grein fyrir stöðu sinni við dvöl í Kvænnaathvarfinu og vinni úr eigin reynslu þá bera mæður sem dvelja þar með börn sín ábyrgð á þeim. Ekki er boðið upp á skipulagða aðstoð við börnin í Kvænnaathvarfinu og er því hægt að gera ráð fyrir að álagið á mæðrum sé mikið og þörf á að veita þeim aðstoð við að sinna þörfum barnanna. Gera má ráð fyrir því að ósk mæðranna um aukna aðstoð við börn þeirra meðan á dvöl stendur sé til þess að tryggja að börnunum líði vel og að þær hafi meira svigrúm til að vinna úr eigin vanda og áföllum.

Börnin gerðu sér fulla grein fyrir því að þau höfðu

búið við ofbeldi á heimili og að það hefði verið ástæða þess að móðir þeirra fór með þau í Kvænnaathvarfið. Við komuna þangað var ekki rætt við þau um starfsemi athvarfsins eða ástæðuna fyrir komu þeirra, en það er einnig þekkt víðsvegar um heim (McGee, 2000; Mullender o.fl., 2002; Weinehall, 2005). Mikilvægi opinnar umræðu um ástæður þess að börnin hafa yfirgefið heimili sitt og að kynna þeim tilgang dvalarinnar og eðli athvarfsins er ótvírætt, svo hægt sé að aðstoða þau við að vinna úr reynslu sinni og erfðum tilfinningum sem oft fylgja kynnum af ofbeldi í nánnum samböndum og dvöl í kvænnaathvarfi. Nútíma barnarannsóknir svo og hugmyndir félagsráðgjafar um að hver einstaklingur sé sérfræðingur í eigin lífi (Farley, Smith og Boyle, 1974) leggja áherslu á mikilvægi þess að bera virðingu fyrir aðild barna og upplifun þeirra á aðstæðum sínum í stað þess að ræða einungis við mæður þeirra.

Dvöl í Kvænnaathvarfinu hafði óneitanlega áhrif á börnin og samskipti þeirra við vini sína. Þau voru ekki lengur stödd á heimili sínu og þurftu að taka tillit til reglna athvarfsins og annarra sem dvöldu þar. Aðstæður til að hitta vini og taka þátt í félagslífi voru einnig allt aðrar en áður. Þarfir barna eru ólíkar eftir aldurs skeiðum og brýnt er að veita mismunandi aldri barnanna athygli og skapa þeim rými sem hentar. Einnig ættu reglur og starfsaðferðir í Kvænnaathvarfinu að taka tillit til þarfa og réttinda barna í stað þess að taka einungis mið af því sem veitir mæðrum og starfsfólki öryggi (Øverlien, 2010). Fram kom að börnin voru stundum beðin um að gæta annarra barna sem dvöldu í Kvænnaathvarfinu. Ástæða er til að draga í efa að eðlilegt sé að leggja slíka ábyrgð á herðar barnanna og velja því fyrir sér hvort þau séu þar með að sinna hlutverki barnastarfsmanns.

Tvö atriði komu einkum á óvart í niðurstöðum rannsóknarinnar. Annars vegar að tvö barnanna sóttu ekki skóla þá þrjú mánuði sem þau dvöldu í athvarfinu. Hins vegar að sömu börn voru í hálfgerðri einangrun þennan tíma, þau fóru aðeins þrisvar sinnum út meðan á dvölinni stóð sökum hræðslu við ofbeldismanninn. Hafa ber í huga að oft eru börn sem dvelja í Kvænnaathvarfinu ekki af höfuðborgarsvæðinu og geta ekki sótt sinn heimaskóla meðan á dvöl stendur. Þegar slík staða blasir við er mikilvægt að tryggja að námskrá grunnskóla sé fylgt með formlegri kennslu og heimanámi skv. lögum um grunnskóla nr. 91/2008.

Þegar horft er til þeirra áhrifa sem ofbeldi í nánnum samböndum getur haft á börn (Edleson, 1999;

McGee, 2000; Poole o.fl., 2008; Weinehall, 2005) er ljóst að taka þarf óskir mæðra um aukna aðstoð við börn sín alvarlega. Niðurstöður rannsóknarinnar og skýrslu Barnaheilla – Save the Children Iceland (2011) gefa vísbendingar um að full ástæða sé til að efla samstarf milli Kvennaathvarfsins og barnaverndarnefnda svo unnt verði að þróa starfsaðferðir í máli barnanna og efla aðstoð þeim til handa.

Félagsráðgjöf er miðlæg í starfsemi barnaverndar á Íslandi. Sé víðtæk fagþekking félagsráðgjafa svo og áhersla þeirra á heildarsýn höfð í huga (Farley o.fl., 1974) má gera ráð fyrir að félagsráðgjafar séu vel til þess fallnir að vinna í samstarfi við Kvennaathvarfið að málefnum barna sem þar dvelja, enda er það í samræmi við óskir mæðranna sem þátt tóku í rannsókninni. Áriðandi er að móta heildstæðar vinnuáðferðir og skilgreina ábyrgðarsvið stofnana þegar aðstoð við börnin verður efl. Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að bæði mæður, börn og starfskonur sjái nauðsyn þess að auka og efla aðstoð við börn í Kvennaathvarfinu og mikilvægt sé að leita eftir sjónarmiðum barnanna við þá stefnumótun.

Heimildir

Barnaheill – Save the Children Iceland. (2011). *Börn sem eru vitni að heimilisofbeldi: Rannsókn Barnaheilla – Save the Children á Íslandi á félagslegum stuðningi og úrræðum 2011*. Sótt 13. maí 2011 á http://www.barnaheill.is/barnaheill/images/stories/utgefifdefni/barnaheill_skrsla-veftgfa.pdf.

Bedi, G. og Goddard, C. (2007). Intimate partner violence: What are the impacts on children? *The Australian Psychological Society*, 42(1), 66–77.

Davies, L. og Krane, J. (2002). Sisterhood is not enough: The invisibility of mothering in shelter practice with battered women. *Affilia*, 17(2), 167–190.

Edleson, J.L. (1999). The overlap between child maltreatment and women battering. *Violence Against Women*, 5(2), 134–154.

Edwards, L. (2009). Engaging fathers in the child protection process: The judicial role. *Juvenile and Family Court Journal*, 60(2), 1–29.

Fantuzzo, J.W. og Fusco, R.A. (2007). *Children's direct exposure to types of domestic violence crime: A population-based investigation*. Sótt 2. mars 2013 á <http://link.springer.com/article/10.1007/s10896-007-9105-z/fulltext.html>

Farley, O.W., Smith, L.L. og Boyle, S.W. (1974). *Introduction to social work* (10. útg.). Boston: Allyn & Bacon.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2006). Barnaverndartilkygningar er varða ofbeldi milli foreldra. Í Úlfar Hauksson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum VII* (bls. 189–200). Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

Guðrún Ásgeirsdóttir. (1997). Kvennaathvarfið. Í Helga Kress og Rannveig Traustadóttir (ritstj.), Íslenskar kvennarann-

sóknir (bls. 244–253). Reykjavík: Háskóli Íslands, Rannsóknastofnun í kvennafræðum.

- Guðrún Kristinsdóttir, Ingibjörg H. Harðardóttir, Margrét Ólafsdóttir og Steinunn Gestsdóttir. (2007). Það er ljótt að meiða. *Þekking og skilningur barna á ofbeldi á heimilum: Helstu niðurstöður könnunar*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands.
- Gunnhildur Sigurhansdóttir. (2002). Skjól og skjöldur: Stofnun Samtaka um kvennaathvarf og Kvennaathvarfs í Reykjavík. Í Anna Dröfn Ágústsdóttir, Hafdís Erla Hafsteinsdóttir og Heiðrún Eva Konráðsdóttir (ritstj.), *Sagnir, tímarit um söguleg efni* (bls. 28–36). Reykjavík: Sagnfræðinemar við Háskóla Íslands.
- Johnson, B.R. og Onwuegbuzie, A.J. (2004). Mixed methods research: A research paradigm whose time has come [raf-ræn útgáfa]. *Educational Researcher*, 33, 14–26.
- Lög um grunnskóla* nr. 91/2008.
- McGee, C. (2000). *Childhood experiences of domestic violence* (3. útg.). London: Jessica Kingsley Publishers.
- Mullender, A., Hague, G., Imam, U., Kelly, L., Malos, E. og Regan, L. (2002). *Children's perspectives on domestic violence* (2. útg.). London: Sage Publications.
- Phillips, B. og Phillips, D.A. (2010). Learning from youth exposed to domestic violence: Decentering DV and the primacy of gender stereotypes. *Violence Against Women*, 16, 291–312.
- Pinheiro, P.S. (2006). *World report on violence against children: United Nations Secretary-General's Study on violence against children*. Geneva: United Nations.
- Poole, A., Beran, T. og Thurston, W.E. (2008). *Direct and indirect services for children in domestic violence shelters*. Sótt 2. mars 2013 á <http://link.springer.com/article/10.1007/s10896-008-9191-6/fulltext.html>.
- Samtök um kvennaathvarf. (2000). *Ársskýrsla 2000–2010*. Reykjavík: Samtök um kvennaathvarf.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2001). *Fjölskyldur við aldaðhörf*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Stanley, N., Miller, P., Foster, H.R. og Thomson, G. (2010). *Children and families experiencing domestic violence: Police and children's social services' responses*. Sótt 6. júlí 2011 á http://www.nspcc.org.uk/Inform/research/findings/children_experiencing_domestic_violence_report_wdf70355.pdf.
- Vatnar, S.K. og Björkly, S. (2011). Victim of and witness to violence: An interactional perspective on mother's perceptions of children exposed to intimate partner violence. *Violence and Victims*, 26(6), 830–852.
- Weinehall, K. (2005). Take my father away from home: Children growing up in the proximity of violence. Í M. Erikson (ritstj.), *Tackling men's violence in families: Nordic issues & dilemmas* (bls. 137–154). Bristol: Policy Press.
- Øverlien, C. (2010). Children exposed to domestic violence: Conclusions from the literature and challenges ahead. *Journal of Social Work*, 10, 80–97.
- Øverlien, C., Jacobsen, M. og Evang, A. (2009). *Barns erfaringer fra livet på krisesenter: En landsomfattende studie om flukten, oppholdet og forestillinger om fremtiden*. Sótt 6. júlí 2011 á <http://www.nkvt.no/biblioteket/Publikasjoner/Barnserfaringerfralivetspakrisesenter.pdf>.



Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd: Mat á flokkun tilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur



Freydís Jóna Freysteinsdóttir



Kristný Steingrímsdóttir

Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Félagsráðgjafi, PhD, dósent í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands

Kristný Steingrímsdóttir

Félagsráðgjafi MA, Fjölskyldusvið Hafnarfjarðar

Útdráttur

Grein þessi byggir á MA-ritgerð sem fjallar um skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF), uppruna þess, þróun, notkun og gagnsemi. Rannsóknin miðar að því að meta hvernig skilgreiningar- og flokkunarkerfið hentar daglegri vinnslu. Rétt skráning skiptir miklu máli varðandi tölfræði og samanburð milli landshluta og við önnur lönd. Auk þess auðveldar gott flokkunarkerfi starfsmönnum barnaverndaryfirvalda vinnuna, gerir hana skilvirkari og veitir þar af leiðandi skjólstæðingum betri þjónustu með viðeigandi úrræðum. Barnaverndarstofa gefur út ársskýrslu sem byggir á úrvinnslu þeirra skráninga sem barnaverndarnefndir skila af sér. Rannsóknin felur í sér að meta flokkun barnaverndartilkynninga og greina hvort efni séu til endurskoðunar á skilgreiningar og flokkunarkerfinu. Gerð var eiginleg innihaldsgreining á tilkynningum sem bárust á einsmánaðartímabili til Barnaverndar Reykjavíkur. Greindar voru 448 tilkynningar sem vörðuðu 355 börn. Í ljós kom að um 82% tilkynninga töldust rétt flokkaðar en aðrar tilkynningar voru skráðar í ranga flokka eða lentu á gráu svæði. Í ljósi niðurstaðna er rætt um helstu þætti sem mætti taka til umhugsunar varðandi skilgreiningar- og flokkunarkerfið í barnavernd.

Lykilorð: Skilgreiningar- og flokkunarkerfi, barnavernd, skráning.

Abstract

The purpose of this study is to evaluate how the Icelandic classification and definition system in Child Protection Services fit for daily use. Correct registration is of great importance regarding statistical comparison between different parts of the country and other countries. A classification and definition system facilitates the job of child protection workers and makes it efficient, which leads to better service to clients who gain more suitable resource. The Child Protection Agency, Barnaverndarstofa, puts together statistics and information from Child Protection Committees all around the country. This study aims to evaluate how the

notifications to Child Protection Services are classified and analyse if there is a need for different definitions or classes in the system. The study contains content analysis on notifications to the Child Protection Services in Reykjavík. A total of 448 notifications were analysed, which contained information about 355 children. The study showed that 82% of these notifications were correctly classified but others were wrongly classified or could have fallen into a different category. The main issues regarding the classification and definition system in child protection services and its usage were discussed.

Key words: Definition and classification systems, child protection, registration

Inngangur

Samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002 er foreldrum skylt að hafa hagsmuni barna sinna í fyrir-rúmi:

Foreldrum ber að sýna börnum sínum umhyggju og nærfærni og gegna forsjár- og uppheldisskyldum við börn sín svo sem best hentar hag og þörfum þeirra. Þeim ber að búa börnum sínum viðunandi uppeldisaðstæður og gæta velfarnaðar þeirra í hvívetna (bls. 1).

Það er hlutverk barnaverndaryfirvalda á Íslandi að fást við ýmis mál sem tengjast óviðunandi uppeldisaðstæðum barna. Tilkynningum til barnaverndarnefnda hefur fjölgað undanfarin ár og því er mikilvægt að halda vel utan um alla skráningu til að auðvelda barnaverndarstarfsmönnum yfirsýn í málum. Þannig eru meiri líkur á að börn og foreldrar þeirra fái viðunandi aðstoð eins fljótt og auðið er (Barnaverndarstofa, 2011). Barnaverndaryfirvöld

styðjast við skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF) við flokkun barnaverndartilkynninga og greiningu mála (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, e.d.). Skilgreiningar- og flokkunarkerfið var þróað að beiðni Barnaverndarstofu. Markmiðið með því að þróa nýtt skráningarkerfi í málaflokknum var að auka samræmi í skráningu barnaverndarmála milli sveitarfélaga, þannig að tekið væri á málum með svipuðum hætti, en ljóst var að talsverður munur var á því hvernig mál voru skráð frá einu sveitarfélagi til annars. Til þess að svo mætti verða var nauðsynlegt að þróa nákvæmara skilgreiningar- og flokkunarkerfi en það sem fyrir var. Talið var að aukið samræmi í skilgreiningum og flokkun mundi hafa í för með sér eftirfarandi kosti (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003, bls. 182): a) Misbrestur í uppeldi og markmið yrðu skýrari bæði fyrir barnaverndarstarfsmenn og foreldra, b) skýrari vinnubrögð eru líkleg til að leiða til betri málsmeðferðar, sem er sérstaklega mikilvægt þegar mál fara fyrir dómstóla, c) aukið samræmi yrði meðal sveitarfélaga innanlands sem mundi gera samanburð milli sveitarfélaga raunhæfari og auknar forsendur yrðu til að bera saman fjölda og tegund barnaverndarmála á Íslandi við önnur lönd, d) mun auðveldara yrði að vinna rannsóknir á sviði barnaverndar ef um nákvæmari skilgreiningar og flokkanir væri að ræða sem stuðlar að betra samræmi milli sveitarfélaga.

Rannsókn þessi varðar greiningu barnaverndartilkynninga og var unnin til meistaraþrófs í Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands undir leiðsögn Freydísar Jónu Freysteinsdóttur. Markmiðið með rannsókninni var að skoða flokkun mála hjá Barnavernd Reykjavíkur og hvort hún samræmdest SOF. Með eigindlegri innihaldsgreiningu á tilkynningum sem bárust á einum mánuði til Barnaverndar Reykjavíkur var leitast við að greina hvaða tegundir mála voru skráð í hvern flokk. Þannig var reynt að meta hvort ástæða væri til að bæta SOF, stuðla að frekari fræðslu um kerfið og veita viðeigandi þjálfun fyrir barnaverndarstarfsmenn.

Rannsóknarspurningar voru eftirfarandi:

Hvernig eru mál flokkuð hjá Barnavernd Reykjavíkur?

Er flokkun tilkynninga hjá Barnavernd Reykjavíkur í samræmi við skráningar- og flokkunarkerfi í barnavernd (SOF)?

SOF-kerfið á Íslandi

Eins og fram kemur í 6.–10. gr. barnaverndarlaga eru barnaverndaryfirvöld á Íslandi þessi: a) Barnaverndarstofa sem hefur yfirumsjón með barnaverndarmálum, b) kærunefnd barnaverndarmála sem hægt er að áfrýja til úrskurðum barnaverndarnefnda og c) barnaverndarnefndir sem sinna hver sínu landsvæði. Þær eru nú 27 talsins (Barnaverndarstofa, e.d.).

Verkefni Barnaverndarstofu eru fjölbætt og fela m.a. í sér að halda utan um umfang og eðli barnaverndarmála yfir allt landið. Allar nefndir eiga að skila inn upplýsingum um árlega starfsemi sína til Barnaverndarstofu og þá er mikilvægt að upplýsingarnar séu rétt skráðar til að raunhæf mynd fái stöðu barnaverndarmála hér á landi (Barnaverndarstofa, e.d.).

Frá árinu 1995 hefur verið notast við eyðublað sem Barnaverndarstofa gefur út og er nefndum skylt að fara eftir því við gerð ársskýrslna (Barnaverndarstofa, 2011). Nefndirnar skila upplýsingum um fjölda og tegundir tilkynninga, hversu mörg mál voru könnuð og hvaða úrræðum var beitt. Einnig koma fram bakgrunnsupplýsingar í hverju máli (Barnaverndarstofa, 2010).

Sískráningarkerfi í barnaverndarmálum var tekið upp í byrjun árs 2005. Í stað þess að fá upplýsingar frá nefndum einungis árlega voru mánaðarlegar skráningar einnig teknar upp. Sískráningin skiptir miklu máli og með henni er auðveldara að fylgjast með þeirri þróun sem á sér stað í barnaverndarmálum og þar með þörf á úrræðum og þjónustu. Með ítarlegri skráningu er auðveldara að fylgjast með störfum barnaverndaryfirvalda og sýna fram á þörf og framgang mála. Með því að birta upplýsingar um tíðni og eðli barnaverndarmála á vefsíðu Barnaverndarstofu eiga almennir borgarar auk þess auðveldara með að gera sér grein fyrir eðli og alvarleika barnaverndarmála. Með því að vita stöðu mála hverju sinni er auk þess auðveldara að svara ýmsum fyrirspurnum sem varða tölfræðilegan samanburð eða snerta íslenskt samfélag og samanburð Íslands við aðrar þjóðir (Barnaverndarstofa, 2011).

Með notkun SOF-kerfisins var það eitt af markmiðunum að bæta vinnubrögð í barnaverndarmálum því að gott flokkunarkerfi auðveldar starf barnaverndarstarfsmanna og bætir málsmeðferð. Auk þess er mikilvægt að tekið sé á svipuðum málum með sama hætti um land allt (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003). Höfuðtilgangur SOF var því að samræma



skilgreiningar og mat á aðstæðum. Með notkun SOF verður samburður auðveldari og raunhæfari og forsendur til frekari rannsókna á sviði barnaverndar greiðari. Þá er einnig hægt að fá skýrari mynd af þörfinni fyrir úrræði, uppbyggingu þeirra eða þörf á breytingum. Þegar tilkynning berst er hægt að greina strax hvort barn sé í hættu og hvort þörf sé á tafarlausum aðgerðum. Um leið er hægt að greina hvers eðlis vanrækslan, ofbeldið eða áhættuhegðunin er. Markmiðið með SOF var jafnframt að gera starf barnaverndarstarfsmanna og vandamál barna, sem tilkynnt hafði verið um til barnaverndaryfirvalda, sýnilegri í samfélaginu (Barnaverndarstofa, 2005).

Stór hluti af góðu skipulagi felst í því að skrá nákvæmlega og halda utan um mál til að geta greint raunverulegt ástand, svo hægt sé að skilgreina umfang vandans og þróa viðunandi úrræði (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003). Tilkynningaskyldan er mikilvægur þáttur í barnaverndarstarfi. Áherslan á tilkynningaskylda er mismikil meðal vestrænna þjóða en hver þjóð eða hvert fylki hefur sitt eigið kerfi og eigið tilkynningareyðublað þótt í rauninni sé verið að biðja um sömu upplýsingarnar (Guðrún Kristinsdóttir o.fl., 2004). Á Íslandi ríkir tilkynningaskylda meðal almennings, hjá þeim sem hafa afskipti af börnum og lögreglu samkvæmt 16., 17. og 18. gr. barnaverndarlaga ef talið er að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður.

SOF-kerfið var hannað upphaflega af Freydísi Jónu Freysteinsdóttur (e.d.) árið 2002 að beiðni Barnaverndarstofu þar sem þörf var á að þróa nýtt og samþætt kerfi til að flokka betur barnaverndarmál um allt land (Barnaverndarstofa, 2003). Kerfið er byggt á bandarískri fyrirmynd. Í Bandaríkjunum hafa ýmis flokkunarkerfi í barnaverndarmálum verið þróuð þó ekki hafi verið fullkomið samræmi milli fylkja (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, 2003). Kerfið í Iowa-fylki í Bandaríkjunum var notað til viðmiðunar (Iowa Department og Human Services, 1997) ásamt kerfum í fleiri fylkjum (sjá t.d. National Institute of Child Health and Human Development, 2000). Einnig er skilgreiningar- og flokkunarkerfið byggt á skilgreiningarvinnu tveggja fræðikvenna, Coohey og Glaser, sem hafa skrifað allmargar greinar um þetta efni. Sjá t.d. Coohey (2003) varðandi vanrækslu í umsjón og eftirliti og Glaser (2002) varðandi tilfinningalegan misbrest í uppeldi. Nýtt flokkunarkerfi var jafnframt tekið í notkun í Svíþjóð og var það einnig haft til hliðsjónar við þróun kerfisins hér á landi (Lundén, Broberg og Borres, 2000).

Þó að flokkunarkerfi hafi verið þróuð í barnavernd, hafa greinar ekki birst um notkun þeirra. Höfundar leituðu í gagnagrunnum þar sem finna má fræðileg tímarit á þessu sviði og notuðu m.a. leitarorðin „child protection services“ og „classification“. Hins vegar hefur samræmi í skilgreiningum á tilfinningalegum misbresti í aðbúnaði verið skoðað og einnig alvarleiki í innihaldi barnaverndartilkynninga. Rannsóknir á orsökum og afleiðingum mismunandi tegunda misbrests í uppeldi hafa takmarkast af ósamræmi í skilgreiningum og hvernig mál eru flokkuð. Þetta á við um allar tegundir misbrests í aðbúnaði barna en er einkum áberandi varðandi tilfinningalegan misbrest í aðbúnaði barna (Trickett, Mennen, Kim og Sang, 2009). Í rannsókn á alvarleika hefur komið fram að alvarleiki líkamlegs ofbeldis, metinn út frá meiðslum, spáir fremur fyrir um afleiðingar og þörf á íhlutun en alvarleiki kynferðislegs ofbeldis, metinn út frá því hversu langt gerandinn gengur gagnvart barninu. Þannig skiptir flokkun alvarleika meira máli hvað varðar líkamlegt ofbeldi en kynferðislegt ofbeldi (Litrownik o.fl., 2005). Að auki hefur sýnt sig að flokkun mála, eftir því hvort um misbrest í aðbúnaði er að ræða eða áhættuþætti sem auka líkur á því að misbrestur í aðbúnaði eigi sér stað, er mikilvæg svo unnt sé að vinna að skýrum skilgreiningum í barnaverndarstarfi og rannsóknum (Fallon, Trocmé og MacLaurin, 2011). Félagsráðgjafar og aðrir sem meta barnaverndartilkynningar og vinna könnun þeirra samkvæmt barnaverndarlögum þurfa að hafa alla þessa þætti í huga.

Með SOF var markmiðið að auðvelda starfsmönnum að bera kennsl á í hverju misbrestur í aðbúnaði og áhættuhegðun barna liggur þegar tilkynningar berast. Árið 2004 var kerfið prófað til reynslu og tóku fimm barnaverndarnefndir þátt í tilraunaverkefninu. SOF var talið henta vel en var að nokkru leyti endurbætt og tekið í notkun meðal allra barnaverndarnefnda ári síðar (Barnaverndarstofa, 2005). Eftir að byrjað var að nota SOF hefur það ekki verið borið saman við önnur sambærileg kerfi. Það hefur heldur ekki verið rannsakað hvernig það nýtist sem vinnutæki og hverjir kostir og gallar þess eru.

SOF skiptist í fjóra meginflokka og í hverjum flokki eru undirflokkar sem skiptast eftir tegund atvika eða hegðunar foreldra eða barna. Meginflokkarnir eru 1) vanræksla, 2) ofbeldi, 3) heilsa eða líf ófædds barns er í hættu og 4) áhættuhegðun barns. Fyrstu þrjú flokkarnir varða misbrest í aðbúnaði barna en fjórði flokkurinn fjallar hins vegar um

áhættuhegðun barnsins sjálfs. Ítarlegar skilgreiningar fylgja hverjum flokki fyrir sig í SOF-kerfinu og eru tekin dæmi í hverjum undirflokki (Freydís Jóna Freysteinsdóttir, e.d.).

Aðferð

Aðferðin sem notuð var við rannsóknina nefnist innihaldsgreining gagna (e. *content analysis*). Hún er talin hluti af eigindlegum rannsóknaraðferðum og felur oftast í sér umbreytingu eigindlegra gagna í megindleg gögn (Taylor og Bogdan, 1998). Í þessari rannsókn voru greind fyrirliggjandi gögn á vegum Barnaverndar Reykjavíkur.

Í rannsókninni var leitast eftir að kanna hvort tilkynningar væru flokkaðar rétt samkvæmt skilgreiningum kerfisins og hvort barnaverndarstarfsmönnum reynist erfitt að flokka einhverjar tilkynningar eftir kerfinu. Stuðst var við ákveðið kóðunarblað (e. *code sheet*) þar sem fram koma þau atriði sem rannsakendur voru að leita eftir (McIntyre, 2005). Hér var unnið úr upplýsingum um efni tilkynningar, hvernig hún var flokkuð og upplýsingum um tilkynnanda auk upplýsinga um kyn og aldur barns.

Rannsóknargögnin voru skráðar tilkynningar hjá Barnavernd Reykjavíkur. Tilkynningarnar vörðuð börn á öllum aldri sem áttu á þeim tíma lögheimili í Reykjavík. Úrtak rannsóknarinnar var svokallað hentugleikaúrtak. Úrtakið var aðgengilegt og hentaði vel miðað við gefnar forsendur (Neuman, 2005). Ákveðið var að taka fyrir þann mánuð ársins 2010 þegar flestar barnaverndartilkynningar bárust og varð maímánuður fyrir valinu. Barnavernd Reykjavíkur var einnig markvisst valin sökum stærðar, nálgæðar, skipulags skráningarkerfis og vegna þess að hlutfallslega flestar tilkynningar berast þangað. Hjá Barnavernd Reykjavíkur er notast við kerfi sem býður upp á gott skipulag skráninga barnaverndartilkynninga, þar sem gert er ráð fyrir ítarlegum upplýsingum um efni tilkynningarinnar og flokkun á sömu síðu.

Viðfangsefni þessarar rannsóknar var endanlega ákveðið í ágúst 2011 í samráði við starfsmenn Barnaverndarstofu og gerður samningur um vinnslu rannsókna. Í september sama ár var öll undirbúningsvinna framkvæmd, fræðilegur hluti skrifaður og kóðunarblöð hönnuð. Fengið var leyfi Persónuverndar fyrir rannsókninni.

Niðurstöður

Tilkynningar sem bárust Barnavernd Reykjavíkur í maímánuði 2010 voru 448 talsins. Þær vörðuð þó

talsvert færri einstaklinga, alls 355 börn. Fleiri en ein tilkynning bárust um 59 börn og allt að sjö tilkynningar um sama barn á þessu mánaðartímabili. Börnin voru á öllum aldri allt að 18 ára aldri, þar af eitt ófætt barn. Meirihluti barnanna var þó kominn á unglingarár, en um helmingur þeirra var 14 ára eða eldri.

Flestar tilkynningar vörðuð áhættuhegðun barna, alls 212 tilkynningar. Vanræksla var tilkynnt í 136 tilfellum og voru flestar þeirra flokkaðar undir vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit, eða 130 tilkynningar. Ofbeldi var aðalástæða 99 tilkynninga, þar af voru flestar tilkynningar vegna tilfinningalegs ofbeldis, alls 54 talsins. Þá barst ein tilkynning þess efnis að heilsu eða lífi ófædds barns væri stofnað í hættu.

Flestar tilkynningar bárust frá opinberum aðilum, 74%, og langflestar þeirra voru frá lögreglu eða rúmur helmingur allra tilkynninga. Foreldrar tilkynntu sjálfir um börn sín í 11% tilvika. Það á bæði við um foreldra með og án forsjár. Foreldrar tilkynntu helst um áhættuhegðun barna sinna sem þeir réðu ekki við eða um óviðunandi aðstæður hjá hinu foreldrinu sem barnið fór í umgengni til. Almennir borgarar tilkynntu í 9% tilvika og ættingjar í 4% tilvika. Tilkynnendur í þessari rannsókn skiptast í meginatriðum niður á sama hátt og tilkynnendur samkvæmt ársskýrslu Barnaverndarstofu árið 2011 (Barnaverndarstofa, 2012).

Við greiningu tilkynninganna var ljóst að 23 tilkynningar (5%) lentu á gráu svæði, þar sem ekki liggur beint við að þær tilheyri þeim flokki sem þær voru skráðar í. Auk þess voru greindar 48 tilkynningar (11%) sem voru rangt skráðar og áttu augljóslega heima í öðrum flokki samkvæmt SOF-kerfinu, en um 81,7% tilkynninga voru rétt skráðar. Auk þess var 41 tilkynning greind sem fjölbáttatilkynning þar sem tilkynnt var um fleiri en eina tegund misbrests í aðbúnaði í hverri tilkynningu. Þegar um slíkar tilkynningar er að ræða, ber barnaverndarnefndum að flokka tilkynningu eftir því hvaða tegund er talin alvarlegust í tilkynningunni.

Tilkynningar í flokknum „vanræksla varðandi umsjón og eftirlit“

Sérstaka athygli vakti að undir flokknum sem hefur að geyma tilkynningar um vanrækslu vörðuð all flestar tilkynningar skort á umsjón og eftirliti. Í þeim undirflokki, „vanræksla í umsjón og eftirliti“, voru skráðar 130 tilkynningar og kom í ljós við greiningu gagnanna að 26 tilkynningar áttu frekar heima í



öðrum flokki að mati höfunda. Þar var helst áberandi að slök skólasókn var skráð í þann flokk í stað flokksins „vanræksla varðandi nám“ þar sem sérstaklega er tilgreindur undirflokkur „mætingu barns í skóla ábótavant, án inngrips foreldra“. Slíkar tilkynningar berast skriflega frá skóla. Í þessum flokki var skólasókn barns ábótavant í sex tilvikum. Einnig bárust tvær tilkynningar frá leikskóla sem vörðuðu lélega mætingu, án frekari upplýsinga, þó að ekki sé kveðið á um mætingaskyldu í leikskóla, heldur ber foreldrum að gæta hagsmuna barna sinna og fylgjast með skólagöngu þeirra samkvæmt 1. málsgrein 9. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008:

Foreldrar leikskólabarna skulu gæta hagsmuna barna sinna. Þeir skulu hafa náð samráð við starfsfólk leikskóla og fylgjast með skólagöngu barna sinna og veita þær upplýsingar sem kunna að skipta máli fyrir skólustarfið og velferð barna (bls. 2).

Nokkrar tilkynningar í umræddum flokki voru lýsandi dæmi um tilfinningalega vanrækslu eða ofbeldi og voru því einnig rangt flokkaðar.

Tilkynningar í flokknum „barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu“

Þegar beina á tilkynningu í flokkinn „barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu“ getur það verið matsatriði hvort hún eigi þar heima. Stundum eru tilkynningar sem skráðar eru í þann flokk sama eðlis og aðrar tilkynningar sem eru settar í aðra flokka, sérstaklega varðandi afbrot og tilfinningalegt ofbeldi. Til dæmis vörðuðu nokkrar tilkynningar ungmenni sem urðu vitni að líkamsárás, en þær voru ýmist flokkaðar í umræddan flokk eða sem tilfinningalegt ofbeldi en slíkar tilkynningar ættu betur við flokkinn tilfinningalegt ofbeldi þar sem það er ekki barnið sem stefnir eigin heilsu og þroska í hættu þegar það verður vitni að líkamsárás. Barnið er þannig ekki gerandi heldur sá sem ræðst á annan aðila í viðurvist barnsins.

Flokkun tilkynninga eftir stöðu barns

Við skráningu er mikilvægt að hafa ýmis grundvallaratriði á hreinu svo unnt sé að meðhöndla tilkynninguna rétt. Hér skiptir staða barns miklu máli, hvort það sé gerandi eða þolandi. Greina mátti í sjö tilvikum ranga flokkun miðað við stöðu barnanna. Þá víxlaðist flokkunin eftir því hvort barn var gerandi eða þolandi. Helst var börnum ruglað saman sem

gerendum og þolendum varðandi beitingu ofbeldis. Dæmi: Fullorðinn maður reyndi að lokka ungar stúlkur inn til sín, það var skráð sem áhættuhegðun stúlkanna en hefði átt að vera skráð sem kynferðislegt ofbeldi.

Í sumum tilfellum getur það verið matsatriði hvort slök skólasókn sé á ábyrgð foreldranna eða barnsins sjálfs ef ekki er ljóst í tilkynningunni hvort foreldrar hafi reynt að fá barnið til að mæta í skólann. Til dæmis var tilkynnt um 14 ára barn með slaka skólasókn og það skráð sem „erfiðleikar barns í skóla, skólasókn áfátt“ án þess að slíkar upplýsingar kæmu fram í tilkynningunni. Því var í raun ekki hægt að meta út frá takmörkuðum upplýsingum hvort um áhættuhegðun væri að ræða og skólasókn áfátt hennar vegna eða hvort um vanrækslu í námi væri að ræða.

Tilkynningar sem töldust á gráu svæði

Tilkynningar á gráu svæði töldust vera tilkynningar þar sem ekki var unnt að greina nægilega vel hver vandinn væri. Sama á við um tilkynningar sem eiga ekki augljóslega heima í neinum einum flokki og eiga sér jafnvel ekki hliðstæð mál eða fordæmi í SOF-kerfinu. Til dæmis hafði barn eitt haft í hótunum á Netinu um að sprengja upp skólann sinn en engin fordæmi eru um slíkt í SOF og var sú tilkynning því flokkuð sem „barn beitir ofbeldi“.

Í SOF-kerfinu hefur ekki verið sérstakur flokkur sem tilgreinir börn með áhættuhegðun sem beita tilfinningalegu ofbeldi. Greina mátti sjö tilkynningar sem fyrst og fremst voru vegna tilfinningalegs ofbeldis af hálfu barns og vörðuðu hótanir eða ógnanir. Þær tilkynningar voru þó flokkaðar sem áhættuhegðun barna, ýmist undir „barn beitir ofbeldi“ eða „afbrot barns“.

Til að geta metið hvort tilkynningar séu rétt flokkaðar þarf að hafa skýr dæmi um hvað felist í réttri flokkun. Í SOF eru nefnd dæmi fyrir hvern flokk og undirflokk en efni barnaverndartilkynninga getur verið mjög breytilegt. Einnig þurfa að liggja fyrir fullnægjandi upplýsingar um innihald tilkynninga svo unnt sé að flokka þær rétt.

Tafla 1 sýnir samanburð nokkurra tilkynninga. Þar voru teknar fyrir fjórar tilkynningar sem voru rétt skráðar, þrjár ranglega skráðar og þrjár sem teljast á gráu svæði.

Að lokum má nefna að SOF tilgreinir foreldra eða forsjáraðila sem gerendur eða að þeir hafi brugðist skyldu sinni. Ekki er þó alltaf um foreldra

Tilkynning	Flokkun	Rétt flokkun
<i>Rétt flokkaðar tilkynningar</i>		
• Grunur um að faðir berji dóttur sína	Líkamlegt ofbeldi	Já
• Erjur milli foreldra, börnin vitni	Tilfinningalegt ofbeldi	Já
• Barn úti að leika sér og ratar ekki heim	Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	Já
• Lögregluafskipti vegna þjófnaðar barns	Afbrot barns	Já
<i>Ranglega flokkaðar tilkynningar</i>	Flokkun	Rétt flokkun
• Skólasókn barns ábótavant	Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit	Vanræksla varðandi nám
• Móðir kemur ölvuð heim og ræðst á föður	Vanræksla í umsjón og eftirliti	Tilfinningalegt ofbeldi
• Barn beitti kennara sinn ofbeldi	Líkamlegt ofbeldi	Barn beitir ofbeldi
<i>Tilkynningar á gráu svæði</i>	Flokkun	Annar mögulegur flokkur
• 13 ára barn í gleðskap þar sem áfengi er í boði	Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	Vanræksla varðandi umsjón og eftirlit
• Ungmenni sefur úturdrukkið í strætóskyli	Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	Afbrot barns
• Barn vopnað	Barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu	Barn beitir ofbeldi

Tafla 1 – Samanburður tilkynninga

að ræða. Aðrir en foreldrar voru gerendur í 25 tilvikum í lífi barnanna, en segja má að hægt sé að túlka barnaverndarlögin á mismunandi hátt hvað þetta varðar.

Umræða

Rannsóknin leiddi í ljós atriði sem betur mega fara í SOF og vísbendingar um hvernig starfsmenn Barnaverndar Reykjavíkur gætu skráð betur inn í kerfið. Áberandi mikil skráning var í flokkinn „vanræksla varðandi umsjón og eftirlit“ og „barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu“. Svo virðist sem þeim sem annast skráningu þyki auðveldara að flokka tilkynningar undir vanrækslu varðandi umsjón og eftirlit þegar um vanrækslu er að ræða. Hins vegar er mikilvægt að meta tilkynningarnar betur og sjá hvort aðrir flokkar innan vanrækslu eigi betur við. Tæplega 20% tilkynninga sem flokkaðar voru í umræddan flokk ættu frekar að vera skráðar í aðra flokka. Skekkjan er því nokkuð mikil innan þess flokks.

Barnaverndarstarfsmenn virðast hafa velt vöngum yfir því við hvað eigi að miða alvarleika máls í flokknum „barn stefnir eigin heilsu og þroska í hættu“. Stundum eru tilkynningar sem skráðar eru í þann flokk sama eðlis og aðrar tilkynningar sem eru skráðar annars staðar. Þau dæmi sem tekin eru um sjálfskaðandi hegðun í þeim flokki í SOF-kerfinu eru frekar alvarlegs eðlis. Því má velta fyrir sér hvort ásetningur skipti máli eða hvort öll atriði sem mögulega gætu skaðað heilsu barns eigi heima í þessum

flokki. Ljóst er að barnaverndarstarfsmenn þurfa að aðgreina betur flokkana „barn stofnar eigin heilsu og þroska í hættu“ annars vegar og „afbrot“ hins vegar. Ekki liggja refsingar við öllum afbrotum en samt eru þau brot á siðum og reglum samfélagsins. Til dæmis var strok barna í flestum tilvikum skráð í fyrrnefnda flokkinn þó svo að það sé sérstaklega tekið sem dæmi í flokknum um afbrot í núverandi SOF-kerfi. Því er mikilvægt að endurskoða kerfið með hliðsjón af þessum niðurstöðum og hefur þegar verið hafist handa við það.

Áhættuhegðun barna felst í orðinu sjálfu. Því má velta fyrir sér hvort börn þurfi að hafa náð ákveðnum aldri eða þroska til að tilkynning flokkist undir áhættuhegðun frekar en misbrest í uppeldi. Spurning er hvort sakhæfisaldur, sem er 15 ár á Íslandi, gæti verið einhvers konar viðmiðun ef hún ætti að vera til staðar. Til dæmis má spyrja hvort 13 ára gamalt barn sem tekur þátt í gleðskap þar sem áfengi er veitt sé vandamál foreldranna eða barnsins sjálfs. Og hvort eigi að flokka slíka tilkynningu sem vanrækslu í umsjón og eftirliti eða áhættuhegðun barns. Hvert tilvik er þó metið fyrir sig enda er hvert mál einstakt.

Eins og áður er lýst virðist SOF-kerfið vel upp byggt og það felur í sér skilgreiningar á helstu atvikum sem geta krafist afskipta barnaverndaryfirvalda. SOF-kerfið gerir ráð fyrir því að þegar misbrestur verði í aðbúnaði barna séu það foreldrar sem ekki hafa sinnt skyldu sinni og því eru mál unnin út frá því að styrkja foreldra í hlutverki sínu. Þá má



spyrja þeirrar spurningar hvort það eigi í raun að vera barnaverndarmál ef barn verður fyrir ofbeldi af völdum annarra en foreldra án þess að um nokkurn misbrest í aðbúnaði sé að ræða af hálfu foreldra eða forsjáraðila. Þegar um misbrest í aðbúnaði barna er að ræða þá skiptir máli hvort gerandinn er í umönnunarhlutverki gagnvart barninu eða ekki. Barnaverndarstofa þarf að taka afstöðu til þess hvort mál sem fela í sér aðra gerendur en foreldra séu skilgreind sem barnaverndarmál, þar sem barnaverndarlögin eru óskýr hvað þetta varðar og hægt að túlka þau á hvorn veginn sem er. Þetta má sjá í fyrstu tveimur greinum barnaverndarlaganna. Eins og sjá má á tilvitnun í upphafi þessarar greinar er hægt að túlka barnaverndarmál þannig að um geti verið að ræða 1) misbrest í aðbúnaði barna af hálfu foreldra/forsjáraðila og 2) misbrest í aðbúnaði annarra aðila. Í 2. gr. barnaverndarlaga kemur þó fram að markmið laganna sé „að tryggja að börn sem búa við óviðunandi aðstæður eða börn sem stofna heilsu sinni og þroska í hættu fái nauðsynlega aðstoð“ (bls. 1). Í þessari grein virðast barnaverndarmál afmarkast við mál þar sem um er að ræða 1) misbrest í aðbúnaði barna af hálfu foreldra/forsjáraðila og 2) börn stefna heilsu sinni og þroska í hættu. Þannig er ekki ljóst hvernig túlka beri lögin og ljóst að hægt er að gera það á tvo vegu. Þess má geta að börn, sem hafa verið beitt ofbeldi eða vanrækt, eru líklegri til að stunda áhættuhegðun en önnur börn, og er það ein biringarmynd þess þegar umhyggju og aðbúnaði barna er áfátt (Halpern, Kastle og Hallfors, 2006).

Ef tilkynningar fela í sér ofbeldi gagnvart barni af hálfu annarra en foreldra eru þær ekki skráðar sem barnaverndarmál eins og tíðkast t.d. í Bandaríkjunum (Childhelp, e.d.), en þolendur í slíkum málum geta þó fengið viðeigandi stuðning hjá félagsmálayfirvöldum án beinnar aðkomu barnaverndaryfirvalda. Þannig væri hægt að nýta sérhæfð greiningar- og meðferðarúrræði sem tilheyra barnavernd, eins og t.d. Barnahús í málum er varða börn sem þolendur ofbeldis af hálfu annarra en foreldra án þess að um brest á vernd sé að ræða. Í slíkum málum myndu félagsmálayfirvöld vísa börnum og fjölskyldum í viðeigandi úrræði en ekki barnaverndaryfirvöld.

Sérstaka athygli vakti við greiningu gagna að enginn sérstakur flokkur tekur til barns sem beitir tilfinningalegu ofbeldi. Í flokknum „barn beitir ofbeldi“ er tekið fram að undir hann falli börn sem beita líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Börn geta einnig beitt tilfinningalegu ofbeldi sem getur haft

slæmar afleiðingar í för með sér og því má spyrja hvort það ætti að vera möguleiki í flokkunarkerfinu að geta skráð slík mál. Ef gefinn væri kostur á slíkum málum í flokknum „barn beitir ofbeldi“ í flokkunarkerfinu þyrfti þó að afmarka vel þau atvik sem ættu við þennan flokk. Þá má einnig athuga hvort gerendur í eineltismálum ættu heima í þessum flokki. Ef skilgreiningar flokka eru víkkaðar um of getur það leitt til þess að fólk missi sjónar á því hvað séu barnaverndarmál og hvað teljist annars konar vandamál sem foreldrar og aðrir en barnaverndaryfirvöld þurfa að taka á. Þær tilkynningar sem greint hefur verið frá og talist gætu tilfinningalegt ofbeldi af hálfu barns, eru svo alvarlegs eðlis að þær mætti skrá í flokkinn „barn beitir ofbeldi“ innan SOF og þar með sem barnaverndarmál.

Endurskoðun vinnutækja eins og SOF er mikilvæg til að unnt sé að meta hversu vel þau nýtast. Með góðu og gildu skráningarkerfi verður faglegt barnaverndarstarf og sértæk rannsóknarvinna auðveldari og skilvirkari. Rannsókn þessi tók aðeins til eins mánaðar tímabils og tilkynninga frá einni barnaverndarnefnd. Því er ekki raunhæft að álykta að flokkunin sé almennt með sama hætti á öllu landinu. Í ljós kom að 18,3% tilkynninga voru ekki flokkaðar með viðunandi hætti samkvæmt SOF. Til að minnka það hlutfall væri gagnlegt að auka fræðslu um núverandi flokkunarkerfi meðal barnaverndarstarfsmanna. Einnig er þörf á að lagfæra eða bæta við flokkum í SOF. Þess ber að geta að í þessari rannsókn er einungis unnið upp úr gögnum barnaverndarstarfsmanna. Athyglisvert væri að vinna aðra rannsókn þar sem könnuð væri reynsla barnaverndarstarfsmanna af því að vinna með SOF.

Barnaverndarmál eru þess eðlis að hvert mál er einstakt og í sumum tilvikum getur verið erfiðleikum bundið að láta mál falla nákvæmlega undir einn ákveðinn flokk. Oft er það að einhverju leyti matsatriði hvernig mál eru flokkuð og því getur munur milli túlkunar barnaverndarstarfsmanna skipt máli, sérstaklega ef þeir þekkja ekki nægilega vel kerfið sem unnið er eftir. Einnig er ljóst af niðurstöðum þessarar athugunar að mikilvægt er að þeir barnaverndarstarfsmenn sem taka á móti tilkynningum fái greinargóðar upplýsingar frá tilkynnendum þannig að unnt sé að flokka tilkynningar rétt (Dubowitz og DePanfilis, 2000).

Þrátt fyrir það mat sem fylgir flokkun er mikilvægt að fylgja ákveðnum viðmiðum sem eru þau sömu um allt land. Með því móti má koma í veg fyrir þá skekkju

sem getur myndast í skráningu barnaverndarstarfsmanna. Rétt skráning og samræmi í skráningu skiptir máli fyrir þá sem barnaverndaryfirvöld hafa afskipti af, enda um sérlega viðkvæman málaflokk að ræða. Margt er byggt á skráningu barnaverndaryfirvalda, t.d. mat á þörf fyrir úrræði, svo og rannsóknir og samanburður milli landsvæða og landa. Því er mikilvægt að huga vel að flokkun og skráningu í barnavernd og auka fræðslu um SOF kerfið. Fagleg vinnubrögð starfsmanna í barnavernd skila sér jafnframt í betri þjónustu til barna og fjölskyldna þeirra sem barnaverndaryfirvöld sinna.

Heimildir

Barnaverndarlög nr. 80/2002.

Barnaverndarstofa. (2003, desember). *Tilraunaverkefni um skilgreiningar og flokkun barnaverndarmála*. Sótt 10. september 2011 á <http://www.bvs.is/?s=9&cid=48&m=>.

Barnaverndarstofa. (2005, júní). *Skilgreiningar og flokkunarkerfi*. Sótt 11. september 2011 á <http://www.bvs.is/?ser=265&m=>.

Barnaverndarstofa. (2010, desember). *Skýrsla um fundi Barnaverndarstofu með barnaverndarnefndum tímaþilið mars til júní 2009*. Sótt 2. september 2011 á <http://bvs.is/files/file922.pdf>.

Barnaverndarstofa. (2011). *Ársskýrsla 2008–2009*. Sótt 15. september 2011 á <http://bvs.is/files/file920.pdf>.

Barnaverndarstofa. (2012). *Ársskýrsla 2008–2011*. Sótt 6. febrúar 2013 á <http://www.bvs.is/media/arsskyrslur/ARSSKYRSLA-2008-2011-lokaeintak.pdf>.

Barnaverndarstofa. (e.d.). *Barnaverndarnefndir*. Sótt 21. janúar 2013 á <http://www.bvs.is/almenningur/barnaverndarnefndir/>.

Coohey, C. (2003). Defining and classifying supervisory neglect. *Child Maltreatment*, 8(2), 145–156.

Childhelp. (e.d.). *Child abuse definitions*. Sótt 3. desember 2012 á <http://www.childhelp.org/page/-/pdfs/Child-Abuse-Definitions.pdf>.

Dobowitz, H. og DePanfilis, D. (2000). *Handbook for child protection practice*. Thousand Oaks: Sage Publications.

Fallon, B., Trocmé, N. og MacLaurin, B. (2011). Should child protection services respond differently to maltreatment, risk of maltreatment, and risk of harm? *Child Abuse & Neglect*, 35, 236–239.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (2003). Skilgreiningar og flokkun á misfellum á umönnun og uppeldisskilyrðum barna. Í Friðrik H. Jónsson (ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum IV, Félagsvísindadeild: Erindi flutt á ráðstefnu í febrúar 2003* (bls. 181–189). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Freydís Jóna Freysteinsdóttir. (e.d.). *Skilgreiningar- og flokkunarkerfi í barnavernd: SOF*. Sótt 19. september 2011 á <http://www.bvs.is/files/file468.pdf>.

Glaser, D. (2002). Emotional abuse and neglect (psychological maltreatment): A conceptual framework. *Child Abuse & Neglect*, 26, 697–714.

Guðrún Kristinsdóttir, Freydís Jóna Freysteinsdóttir, Guðrún Frímansdóttir, Gunnar M. Sandholt, Hrefna Friðriksdóttir og Ólöf Finnsdóttir. (2004). *Barnaverndarmál: Skilgreining hugtaksins og samanburður við nágrannalönd*. Reykjavík: Félagsþjónustan í Reykjavík.

Halpern, C.T., Kaestle, C.E. og Hallfors, D.D. (2006). Perceived physical maturity, age of romantic partner and adolescent risk behavior. *Society for Prevention Research*, 8, 1–10.

Iowa Department of Human Services. (1997). *Child protective handbook*. Des Moines, IA: Iowa Department of Human Services.

Litrownik, A.J., Lau, A., English, D.J., Briggs, E., Newton, R.R., Romney, S. o.fl. (2005). Measuring the severity of child maltreatment. *Child Abuse & Neglect*, 29, 553–573.

Lundén, K., Broberg, A. og Borres, M. (2000). *Hur tolkar BVC-sjuksköterskor och barnomsorgspersonal anmälningsskyldigheten enligt §71 Socialtjänstlagen?* Göteborg: Psykologiska institutionen, Göteborgs Universitet.

Lög um leikskóla nr. 90/2008.

McIntyre, L.J. (2005). *Need to know: Social science research methods*. New York: McGraw-Hill.

National Institute of Child Health and Human Development. (2000). *Critical issues and future directions in the development of classification and definition systems for child abuse and neglect*. Bethesda: National Institute of Child Health and Human Development.

Neuman, W.L. (2005). *Social research methods: Qualitative and quantitative approach*. Boston: Allyn and Bacon.

Taylor, S.J. og Bogdan, R. (1998). *Research methods: A guidebook and resource*. New York: John Wiley & Sons.

Trickett, P.K., Mennen, F.E., Kim, K. og Sang, J. (2009). Emotional abuse in a sample of multiply maltreated, urban young adolescents: Issues of definition and identifications. *Child Abuse & Neglect*, 33, 27–35.

Ákvörðunartaka og ófrjósemi

Helga Sól Ólafsdóttir



Helga Sól Ólafsdóttir, félagsráðgjafi, PhD, Kvenna- og barnasvið Landspítala – Háskólasjúkrahúss

Ófrjósemi hefur ætíð fylgt mannkyninu en nýleg úrræði eins og tæknifrjóvgun veita manneskjum sem þrá barn nýja von. Tíðni ófrjósemi í heiminum er talin vera á bilinu 3–16% og þar af nýta um 56% sér tæknifrjóvgun (Boivin, Bunting, Collins og Nygren, 2007). Hérlandis eru rúmlega 3% barna getin á þennan hátt (Ragnheiður I. Bjarnadóttir, Guðrún Garðarsdóttir, Alexander K. Smárason og Gestur I. Pálsson,

2011). Ástæður ófrjósemi hafa aðallega tengst lífræðilegum þáttum svo sem meðfæddum göllum, lífsháttum fólks og sjúkdómum, enda flokkar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin ófrjósemi sem sjúkdóm. Einstæðar konur og samkynhneigð pör eiga í mörgum löndum rétt á tæknifrjóvgun og þannig hefur orðið til nýtt hugtak, félagsleg ófrjósemi, þar sem félagslegar aðstæður hamla getnaði frekar en lífræðilegir þættir. Á Íslandi öðluðust samkynhneigðar konur rétt til að nýta sér tæknifrjóvgun árið 2006 og árið 2008 fengu einstæðar konur sama rétt (*Lög um tæknifrjóvgun* nr. 55/1996). Samkynhneigðir karlmenn geta hins vegar ekki nýtt sér tæknifrjóvgunarbjonustu þar sem staðgöngumæðrun er ekki leyfð hér á landi.

Fyrir aðila sem þurfa aðstoð við að eignast barn þá er leiðin að markmiðinu mörkuð mörgum erfidum ákvörðunum. Þetta er ferð út í óvissuna þar sem endastöðin gæti jafnvel verið sami staður og lagt var upp frá. Fólk stendur frammi fyrir þremur valkostum, að lifa barnlaust, að fara í tæknifrjóvgunarmedferð en þar eru 32% líkur á þungun að meðaltali (IVF, ICSI)¹, og loks að ættleiða.

Fjölmargar rannsóknir tengjast ófrjósemi og tæknifrjóvgunarmedferð, en sjónarhornið hefur aðallega verið læknisfræði- og sálfræðilegt (Matthiesen o.fl., 2012; Schmidt, 2006). Þetta hefur verið gagnrýnt því að einnig þarf að taka mið af hinum félags-

lega þætti ófrjóseminnar (Greil, Slauson-Blevins og McQuillan, 2010). Einstaklingurinn er aldrei eyland heldur tengist hann öðrum félagsheildum á ýmsan hátt, sem hluti af pari, upprunafjölskyldu, vinum og samfélagi, og þessar félagsheildir hafa áhrif á einstaklinginn á einn eða annan hátt.

Í þessari grein er lögð áhersla á gagnkynhneigð pör líkt og í flestum eldri rannsóknum enda er stutt síðan samkynhneigð pör og einstæðar konur gátu nýtt sér þessa tækni. Rannsóknir á sjálfu ákvörðunartökuferlinu í tengslum við tæknifrjóvganir hefur fengið litla athygli. Zeiler (2007) hefur fjallað um það vandamál þegar þarf að taka sameiginlega ákvörðun. Hún rökstyður að þótt munur sé á framlagi hvers og eins í ákvörðuninni, þá er það parið sem kemst að sameiginlegri niðurstöðu.

Ákvarðanir tengdar ófrjósemi eru flóknar og margir koma að þeim. Í fyrsta lagi þurfa báðir einstaklingarnir að fara í gegnum sjálfstætt ákvörðunartökuferli sem parið þarf síðan að komast að samkomulagi um. Því næst þarf að finna þá möguleika sem standa þeim til boða af hálfu samfélagsins og loks þarf læknir að samþykkja meðferð. Rannsóknir á brottfalli (Emery, Slade og Lieberman, 1997, Sol Ólafsdóttir, 2002) úr árangurslausum tæknifrjóvgunarmedferðum og sálfélagslegum erfiðleikum við að hætta frekari meðferð hafa aukið vitund um nauðsyn þess að skilja ákvörðunartöku fólks sem stríðir við ófrjósemi, ekki síst með það í huga að efla þjónustuna við fólk á viðkvæmum augnablikum í tæknifrjóvgunarkerfinu.

Hér verða kynntar niðurstöður norrænnar rannsóknar á ákvörðunartöku para frá þeim tíma sem þau byrjuðu að velta fyrir sér „réttum“ tíma til barneigna og þeim fylgt eftir í þrjú ár á vegferð þeirra gegnum tæknifrjóvgunarmedferðir, ættleiðingar, barneignir eða barnleysi.

Aðalviðfangsefni rannsóknarinnar var ferli ákvörðunartökunnar, og því var sérstaklega leitað að þáttum sem höfðu áhrif á hana. Í upphafi höfðu öll pörin átt það sameiginlegt að þau töldu sig þurfa aðstoð til að verða foreldrar, en þremur árum síðar höfðu

¹ IVF er glasafrjóvgun og ICSI er smásjárfrjóvgun.

Þau upplifað ólíka hluti. Þannig var ákvörðunartakan ólík eftir því hvort þau hafði eignast barn fljótlega án aðstoðar eða hvort það hafði ættleitt eftir árangurslausar tæknifrjógungunarmæðferðir. Eigindleg rannsóknaræðferð var notuð. Þátttakendur voru 22 gagnkynhneigð þör frá Danmörku (n=3), Finnlandi (n=6), Íslandi (n=3), Noregi (n=4) og Svíþjóð (n=6). Þátttakendur komu frá átta tæknifrjógungunardeildum, bæði opinberum og einkareknum, úr borgum og bæjum víðsvegar um Norðurlönd. Skilyrði fyrir þátttöku voru (i) engin fyrri reynsla af tæknifrjógungun, (ii) engin sameiginleg börn, (iii) sambúð og (iv) að tala og skilja dönsku, íslensku, norsku eða sænsku. Þörin frá Finnlandi voru sænskumælandi. Í byrjun rannsóknarinnar var meðalaldur kvenna 30 ár og karla 32 ár, meðalsambandslengd 6 ár og þörin höfðu reynt að verða foreldrar í að meðaltali 2 ár.

Hvenær er „rétti tíminn“ fyrir barn?

„Tímasetningin var rétt. Ég hafði lokið námi, við bæði í öruggri vinnu og fjármálin í góðu lagi. Við vorum orðin fullorðin.“

Löngun í barn er einungis byrjunin. Skrefið að taka meðvitada ákvörðun um að byrja að reyna að eignast barn krefst samkomulags beggja aðila um að nú sé rétti tíminn til að eignast barn saman. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna röksemdafærslu para þegar þau tóku þessa ákvörðun. Niðurstöður sýndu að engin ein ástæða stýrði ákvörðunartökunni heldur var það blanda þátta sem þörin töldu skipta máli. Um var að ræða sjö grunnþætti sem skiptust í tvo flokka, annars vegar að vera tilbúin fyrir foreldrahlutverkið og hins vegar ytri áhrifaþættir. Að telja sig vera tilbúin fyrir foreldrahlutverkið réðst af því að þör töldu sig vera (i) í góðri félagslegri stöðu, (ii) í traustu sambandi, (iii) á viðeigandi aldri og (iv) hafa gagnkvæma löngun til barns. Þegar þessum þáttum var fullnægt þá komu ytri áhrifaþættir til skjalanna svo sem (i) að viðhalda félagslegri stöðu og (ii) skyldu við fjölskylduna. Ótti við ófrjósemi var eini áhrifaþátturinn sem var ótengdur öðrum þáttum og olli því að þör hröðuðu ákvörðun sinni.

Tilbúin fyrir foreldrahlutverk

Áhrif norrænu velferðarkerfanna komu sterkt fram í þættinum að telja sig vera í góðri félagslegri stöðu. Öll þör ræddu um mikilvægi menntunar, öruggrar vinnu og tryggs húsnæðis til að telja sig tilbúin. Réttur til fæðingarorlofs var einnig mikilvægur, en í öllum

löndunum var mikilvægt að hafa tryggt sér atvinnu- tengd réttindi til fæðingarorlofs. Traust samband skipti einnig máli. Þörin höfðu verið saman í 2–11 ár. Þessi þáttur hafði einnig áhrif á næsta þátt, að telja sig vera á viðeigandi aldri. Aldur paranna var frá 23–43 ára. Eldri þör, sem höfðu sum hver fyrri reynslu af samböndum, voru fyrri til að meta samband sitt sem traust, e.t.v. vegna þess að þau höfðu ekki jafnlangan tíma til að reyna vegna aldurstengdrar ófrjósemi. Það kom líka í ljós að eldri þörin nefndu gjarnan aldur sem mikilvæga ástæðu þess að nú væri réttur tími.

Það er ekki nóg að telja sig vera í góðri félagslegri stöðu, traustu sambandi og á réttum aldri, báða aðila verður að langa í barn á sama tíma. Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu að það tekur tíma að komast að gagnkvæmu samkomulagi. Í tilvikum sumra hafði annar aðilinn í sambandinu ekki haft neina löngun til að eignast barn og það olli því að hinn aðilinn þurfti að bíða eftir að hinum snerist hugur. Fjórir karlar og fjórar konur áttu börn frá fyrri samböndum, flest á skólaaldri, og áttu í flestum tilfellum góð samskipti við þau. Þörin lýstu samt mikilvægi þess að eignast barn saman auk þess sem það var mikilvægt fyrir þau sem þegar áttu börn að gefa makanum möguleika á þeirri ánægju að verða foreldri. Það var enginn munur á kynjunum hvað þetta varðaði.

Ytri áhrifaþættir

Þegar þörunum fannst þau tilbúin til að verða foreldrar urðu þau næmari fyrir ytri áhrifaþáttum. Að viðhalda félagslegri stöðu eða uppfylla skyldu við upprunafjölskyldu gat stjórnað því að parið taldi tím- ann réttan fyrir barn. Jafningjaþrýstingur átti við hér eins og í öðru, það var mikilvægt að halda í við vinina þegar þeir hófu barneignir. Þörin nefndu að það væri ákjósanlegt að eiga börn á sama aldri og vin- irnir til að geta notið sameiginlegrar reynslu. Einnig kom fram hræðsla við félagslega einangrun ef þau ættu ekkert sameiginlegt lengur með vinunum. Vinir gátu einnig verið fyrirmyndir, þör sáu að vinir gátu höndlað barneignir eða sáu gleðina sem börn veittu. Umræður um þungun og barneignir voru því mikil- vægur áhrifaþáttur í ákvörðun paranna.

Skylda við fjölskylduna snerist helst um það að gefa foreldrum sínum barnabörn og að börnin hefðu möguleika á að kynnast ömmum sínum og öfum. Þörin nefndu einnig þrýsting frá foreldrum sínum sem fólust ýmist í beinskeyttum athugasemdum eða vísbindingum um að foreldrar hefðu ekkert á móti því að eignast barnabörn.

Ótti við ófrjósemi var eini þátturinn sem olli því að fólk byrjaði að reyna óháð því hvort það taldi sig tilbúið að takast á við foreldrahlutverkið. Bæði var um að ræða staðfesta ófrjósemi svo sem vandamál í æxlunarferum, fósturlát eða tilfinningu byggða á persónulegri reynslu eða reynslu af ófrjósemi náins ættingja.

Að leita sér hjálpar

„Kannski ert þú ófrjó, en ég er það ekki ennþá!“

Að leita sér hjálpar var flókið ferli sem byggðist á því hvaða valkostir voru til staðar og síðan ákvörðunartökferli tveggja sjálfstæðra aðila. Þessu fylgdi mikið tilfinningalegt umrót, allt frá því að njóta ásta og vonast eftir því að verða barnshafandi til þess að ákveða að leita sér hjálpar hjá sérfræðingum. Meðaltíminn frá því að pör áttuðu sig á að þau ættu mögulega við vandamál að stríða og þar til þau leituðu sér sérfræðiaðstoðar var 2,1 ár (frá 4 mánuðum til 5 ára).

Ákvörðunartökferlið var þrískipt. Í fyrsta lagi að setta sig við að þarfnast hjálpar, í öðru lagi að leita sér þekkingar og í þriðja lagi að grípa til aðgerða og leita sérfræðisþjónustu. Í öllu þessu ferli voru pörin í stöðugum samningaviðræðum sem síðan voru endurskoðaðar þegar nýjar upplýsingar lágu fyrir.

Að setta sig við að þurfa hjálpar

Pörin í þessari rannsókn töldu sig ekki vera ófrjó. Fyrir þeim þýddi ófrjó það að eignast aldrei barn, en þau töldu víst að þau mundu fyrr eða síðar verða foreldrar. Karlar voru tregari en konur til að viðurkenna að það gæti verið vandamál og þar með að leita aðstoðar, það þyrfti bara að gefa þessu smátíma. Þetta olli ákveðnum ágreiningi þar sem konur höfðu meiri áhyggjur af tímanum en karlar vegna þess hvernig ófrjósemi tengist vaxandi aldri, vegna langs biðtíma til að komast í meðferð og tilfinningalegs álags af misheppnuðum tilraunum heima fyrir. Rök karlanna voru yfirleitt þau að þeir töldu ekki vera fullreynt að eignast barn án aðstoðar eða að þeir vildu bíða eftir rétti til meðferðar á ríkisreknu sjúkrahúsi. Á hinum Norðurlöndunum er ákveðinn fjöldi meðferða ókeypis innan opinbera geirans, en þar eru líka biðlistar.

Hjá pörum með þekktu ófrjósemi var ákvörðunin að hafa samband við tæknifrjóvgunardeild gagnkvæm og án átaka, en ófrjóji aðilinn upplifði stundum sektarkennd og sorg. Karlarnir ræddu um hve ósann-

gjarnt það væri að konan sem var heilbrigð væri sú sem bæri hitann og þungann af meðferðinni þegar það væri í raun þeim sjálfum að kenna að svona væri komið, en sumar konur ræddu hins vegar um það að maðurinn gæti alltaf farið til annarrar konu sem gæti gefið honum barn.

En þráin eftir að eignast barn saman olli því að pörin komust að lokum að samkomulagi um að leita sér aðstoðar hjá fagaðilum.

Að leita sér þekkingar

Til að geta tekið ákvörðun þarf að vera til staðar þekking á úrræðum og kostum og göllum sem þeim fylgja. Pörin ræddu um mikilvægi þess að geta tekið upplýsta ákvörðun og þau leituðu því upplýsinga víða, bæði hjá fagaðilum og leikmönnum sem þau treystu. Hér var munur á kynjunum, konur voru duglegri við að leita sér upplýsinga sem þær síðan komu áleiðis til karlanna. Konur leituðu líka til fleiri og fjölbreyttari aðila, en karlar töluðu aðallega við félagasína eða leituðu upplýsinga á Internetinu. Konur sem ræddu málin við vini eða ættingja fundu fyrir stuðningi, en karlar upplifðu sömu umræður sem hnýsni. Þessar upplýsingar gátu bæði haft hvetjandi og letjandi áhrif á það ferli að taka ákvörðun.

Upplýsingar frá fagaðilum komu aðallega frá heilbrigðiskerfinu í samskiptum konunnar við kvensjúkdómalækna eða heilsugæslu. Upplýsingar sem sneru að karlinum, t.d. sæðisrannsókn, komu þannig yfirleitt frá tengilið konunnar innan heilbrigðiskerfisins. Í sumum tilvikum var það konan sem fékk upplýsingar um niðurstöður sæðisrannsóknarinnar og henni ætlað að upplýsa maka sinn. Þó að pörin hefðu leitað upplýsinga hjá vinum og ættingjum ásamt því að leita á Netinu, voru þau ekki viðbúin öllum þeim prófum sem þau urðu að gangast undir. Til dæmis kom þeim á óvart að karlinn væri viðstaddur skoðun konunnar hjá kvensjúkdómalækni og í sumum tilfellum þótti þeim það óþægilegt.

Upplýsingar frá fagfólki gegndu tvenns konar hlutverki, í fyrsta lagi að fá sértæka þekkingu til að geta tekið ákvörðun og í öðru lagi að staðfesta ákvörðun sem þau höfðu þegar tekið. Því var misjafnt hvernig pörin upplifðu upplýsingagjöf fagfólks. Þegar pörin höfðu leitað sér upplýsinga og voru búin að ákveða að þiggja aðstoð, þá vildu þau ekki fá ábendingar um að hætta að hafa áhyggjur og reyna lengur. Það skipti því máli að fagaðilar mættu þar sem það var statt í hverju tilviki og leiðbeindu því áfram.

Að grípa til aðgerða og leita sér sérfræðiaðstoðar

Þegar parið var orðið sammála um nauðsyn þess að grípa til aðgerða þá tóku við nýjar ákvarðanir, t.d. hvaða aðstoð þau ættu að leita eftir. Hér var skýr munur á kynjunum. Konur höfðu yfirleitt skoðað önnur úrræði svo sem ættleiðingar eða fóstur og vildu gjarnan líka ræða þau. Karlar vildu einbeita sér að einu í einu, ef tæknifrjógungun var málið þá var óþarfi að ræða annað fyrr en hitt var fullreynt. Að ræða önnur úrræði var fyrir þeim það sama og að missa vonina og gefast upp. Konum fannst aftur á móti að þekking á öðrum úrræðum drægi úr spennu og héldi við von þeirra um að geta eignast börn. Óttinn við að taka ranga ákvörðun olli nokkru álagi og flýtti í sumum tilfellum ákvörðunartöku. Sérstaklega kom þetta fram þar sem biðlistar tæknifrjógungardeilda voru langir (2 ár), þör skráðu sig á listann til öryggis en vonuðu að þau þyrftu ekki á því að halda.

Lífð og tæknifrjógungun

Eftir 3 ár höfðu 17 þör af 22 eignast barn eða börn með eða án aðstoðar. Þrjú þör voru enn að reyna að eignast barn, og voru á biðlista eftir egggjöf eða ættleiðingu. Tvö þör höfðu ekki tekið ákvörðun um framhaldið.

Á þessum þremur árum stóðu þörin frammi fyrir mörgum ákvörðunum: Að reyna nýjar meðferðir, taka hlé eða ákveða hvort önnur úrræði en tæknifrjógungun gæti hentað þeim. Ákvörðunartakan var undir áhrifum þátta sem voru ýmist milli konunnar og karlsins eða á milli parsins og starfsfólks tæknifrjógungardeilda. Sá þáttur sem lýsir best áhrifunum þegar parið sjálft átti í hlut var „Einbeita sér að markmiðinu“, en sá þáttur sem lýsir best áhrifunum hvað varðar samskipti parsins og tæknifrjógungardeildarinnar var „Að læra að takast á við nýjan heim“. Þörin höfðu þörf fyrir að reyna að hafa einhverja stjórn á aðstæðunum en viðurkenndu að það væri erfitt þar sem þau þyrftu í sífellu að laga sig að nýjum aðstæðum og töldu sig ekki geta stjórnað útkomunni.

Einbeita sér að markmiðinu

Parið lagði megináherslu á það að verða foreldri og allar ákvarðanir voru teknar í samræmi við þetta. Þetta gildi jafnt um litlar ákvarðanir, t.d. að skipuleggja sumarleyfi eða skipta um vinnu, og stærri ákvarðanir, eins og frekari meðferðir eða að reyna önnur úrræði eins og gjafakynfrumur eða ættleiðingu. Ferlið frá því að eignast barn án aðstoðar og til þess að ákveða að nota gjafakynfrumur eða að ætt-

leiða krafðist tíma og fyrirhafnar. Konan og karlinn voru ekki alltaf samtaka í þessu ferli og það var misjafnt hvenær þau töldu að fullreynt væri að geta barn með eigin kynfrumum. Oftar sögðu þörin að konan væri drífandi í ákvörðunartökunni og einnig að það væri konunnar að taka lokaákvörðunina. Það var í flestum tilfellum konan sem hóf umræðuna um önnur úrræði. Þörin höfðu átt erfið tímabil í sambandinu, en ekkert þeirra hafði slitið sambúð á þeim þremur árum sem rannsóknin náði yfir. Margir sögðu að þetta væri „sameiginlega verkefnið“ þeirra, og öll þörin sögðu að þó að þetta hefði verið erfið vegferð þá töldu þau að reynslan hefði styrkt sambandið.

Það skipti þörin miklu máli að þetta var þeirra sameiginlega verkefni og að báðir aðilar tækju endanlega ákvörðun þó að stundum þyrfti tíma til að parið næði saman hvað varðaði ákvörðunartökuna. Flest þörin lýstu baráttunni við búa sig bæði undir neikvæðar og jákvæðar niðurstöður úr meðferðinni. Í fyrstu meðferð var munur á kynjunum hvað þetta varðar þar sem flestir karlanna höfðu talið að ein meðferð mundi nægja og voru mjög jákvæðir. Eftir því sem þörin fóru í fleiri meðferðir þá dró úr voninni og það varð erfiðara að halda jafnvægi á milli þess að vona og reyna að búa sig undir neikvæða niðurstöðu. En þar sem markmiðið var að verða foreldrar þá fylgdu þau þeim möguleikum og úrræðum sem þeim stóðu til boða.

Læra að takast á við nýjan heim

Þó að flestir í hinum vestræna heimi hafa einhverja reynslu af heilbrigðisþjónustu, þá er tæknifrjógungun nýr heimur fyrir flestum og svo var einnig með þessi þör. Til að geta tekist á við þennan nýja heim urðu þörin að læra ný hlutverk þar sem þau þyrftu að móttaka og reyna að skilja nýjar upplýsingar ásamt því að laga sig að nýjum aðstæðum og bregðast við þeim. Ákvörðunartaka tengd tæknifrjógungunum krefst sérhæfðrar þekkingar, og í upphafi treystu þörin alfarið á að sérfræðingar á tæknifrjógungunardeildum hefðu hana og miðluðu til þeirra. Þörin sögðu frá því að með reynslunni hefðu þau öðlast betri skilning á ferlinu og komist þannig upp á lag með að spyrja „réttra“ spurninga. Eftir því sem reynslan jókst gerðu þörin meiri kröfur um samræður, en höfðu jafnframt lagað sig að hlutverki sínu sem þar í tæknifrjógungun. Sum þör lýstu vonbrigðum með viðbrögðin, og nefndu að beiðni þeirra um samræður hefði ekki verið svarað nægilega vel. Öll þörin létu þess getið að þau hefðu viljað að þörfum þeirra væri betur sinnt, einkum



andlega þættinum. Þó að sænsk, finnsk og íslensk lög kveði hér á um sálfélagslega þjónustu þá hafði aðeins eitt par nýtt sér þann stuðning. Mörgum þörum var ókunnugt um þjónustuna eða töldu hana einungis vera fyrir einstaklinga sem ættu við alvarleg geðræn vandamál að stríða.

Umræða

Ferlið getur tekið langan tíma frá því að fólk ákveður að tímabært sé að leita sér aðstoðar og þar til að barn kemur í heiminn. Náttúran lætur ekki svo auðveldlega að stjórn. Þegar fólk stríðir við ófrjósemi er þetta ferli markað erfiðum ákvörðunum þar sem fólk þarf að taka upplýsta ákvörðun, hvort sem það hefur forsendur til þess eður ei. Ákvörðun er yfirleitt tekin af einstaklingi í ákveðnum aðstæðum, en ákvörðunartökuferlið er byggt á túlkun einstaklings á aðstæðum, ríkjandi viðhorfum og tilfinningum (Beach, 1998). Þáttur samfélagsins er umtalsverður, bæði með lög-gjöf sinni og gildismati (Sol Olafsdóttir, Wikland og Möller, 2011) en samspilið á milli einstaklings og heilbrigðiskerfis hefur einnig áhrif (Sol Olafsdóttir, Wikland og Möller, 2012). Fólk sem stríðir við ófrjósemi, hvort sem hún er líkamleg eða félagsleg, leggur mikið á sig tilfinningalega, líkamlega og fjárhagslega til að verða foreldri.

Markmið þessarar rannsóknar var að skoða þætti og atriði sem hafa áhrif á ákvörðunartöku para sem kljást við ófrjósemi. Þegar rannsókninni lauk voru flest paranna orðin foreldrar, en minnihlutinn var enn að reyna eða vissi ekki hvort áfram skyldi halda. Niðurstöður sýndu að innri og ytri þættir höfðu áhrif á ákvörðunartökuna; milli konunnar og karlsins og á milli parsins og tæknifrjógvunardeildarinnar. Einnig kom fram að þrír aðilar hafa að minnsta kosti áhrif á ákvörðunartökuna, konan, maki hennar og sérfræðingurinn, og það þarf að finnast sátt milli þessara aðila. Fyrri rannsóknir á sömu þörum sýndu jafnframt að vinir og ættingjar voru einnig áhrifa-valdar þegar teknar voru ákvarðanir sem tengjast frjósemi (Sol Olafsdóttir o.fl., 2012). Þegar kemur að ákvörðunartöku þarf fólk að átta sig á því að það þarf að taka ákvörðun, hafa vitneskju um öll úrræði, skilja hvaða þættir skipta máli í þeirra tilviki og vera fær um að forgangsraða. Skortur á reynslu gerir það að verkum að í upphafi eru forsendur til að taka upplýstar ákvarðanir takmarkaðar og því er líklegra að þör treysti á þekkingu og skilning starfsfólks í þeim efnum. Seinna í ferlinu óskuðu þör frekar eftir samræðum þar sem þau töldu sig þá hafa betri forsendur

til að taka upplýsta ákvörðun. Þörin urðu stöðugt að laga sig að nýjum upplýsingum sem höfðu áhrif á gildismat þeirra og forgangsroðun.

Margar rannsóknir hafa sýnt fram á að tæknifrjóvgunarmedferðir valda álagi, bæði á einstaklinginn (Greil o.fl., 2010; Hammarberg, Astbury og Baker, 2001; Volgsten, Skoog Svanberg, Ekselius, Lundkvist og Sundström Poromaa, 2008) og sambandið (Peterson, Pirritano, Block og Schmidt, 2011; Wirtberg, Möller, Hogström, Tronstad og Lalos, 2007). Til að standast þetta álag þarf markmið til að stefna að og drifkraft. Í þessari rannsókn voru það helst konurnar sem tóku að sér að drífa ferlið áfram, bæði með tilliti til tæknifrjóvgunarmedferða og að reyna önnur úrræði. Þetta er í samræmi við aðrar rannsóknir, þar sem það voru frekar konur sem áttu frumkvæði að meðferð (Throsby og Gill, 2004) og vildu frekar halda áfram í meðferð (Pasch, Dunkel-Schetter og Christensen, 2002). Karlarnir í þessari rannsókn lýstu tregðu við að stjórna ákvörðunum í sambandi við meðferðir, þar sem um væri að ræða líkama konunnar og það væri því ekki þeirra að taka ákvörðunina. Niðurstöður sýndu að þör töldu sameiginlega ákvörðunartöku mikilvæga, enda væri þetta sameiginlegt verkefni. Þessi þáttur hefur ekki notið mikillar athygli í öðrum rannsóknum, sem hafa fyrst og fremst lagt áherslu á mun kynjanna (Johnson og Johnson, 2009; Throsby og Gill, 2004). Þótt annar aðilinn væri meira drifandi, þá urðu þau að komast að samkomulagi um leiðina að markmiðinu.

Samskipti á milli para og tæknifrjógvunardeilda eru flókin, þar sem annars vegar er um að ræða von og þrá og hins vegar það hvað raunhæft sé að veita. Í upphafi var þörum létt við það að njóta handleiðslu sérfræðinga og treystu því að vera leiðbeint í ákvörðunartöku sinni. Eftir að þörin öðluðust frekari reynslu og þekkingu, jókst þörfin fyrir samræður við fagaðila til að geta tekið upplýsta ákvörðun. Aðrar rannsóknir sem hafa kannað þörf fólks fyrir sjúklingamiðaða þjónustu (e. *patient-centered*) (Dancet o.fl., 2010; van Empel, Aarts o.fl., 2010), styðjandi viðmót (Schmidt o.fl., 2003) og upplýsta sameiginlega ákvörðunartöku (Frosch og Kaplan, 1999), sýna svipaðar niðurstöður.

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýndu að þörin veigruðu sér við að leita eftir frekari upplýsingum og stuðningi vegna þess að þau skynjuðu að starfsfólk hefði nauman tíma. Áhugavert er að skoða þetta í samhengi við aðra rannsókn á sérfræðingum og hjúkrunarfræðingum innan þessa geira, þar sem

fagfólkið telur sig veita þörum meiri stuðning og athygli en raunin er (Aarts o.fl., 2011). Niðurstöðurnar sýndu einnig að mörg þör hafa nokkra tilhneigingu til að túlka bein og óbein skilaboð frá sérfræðingum og taka síðan ákvörðun sem byggð er á þessari túlkun. Í rannsókn Aarts og félaga (2011) kom í ljós að sérfræðingar á tæknifrjóvgunardeildum vanmátu getu fólks til samskipta, þátttöku og færni í eigin meðferð.

Ákvarðanir í sambandi við ófrjósemi mótast af lönguninni til að verða foreldrar og síðan þeim möguleikum sem samfélagið býður upp á: Tæknifrjóvgunarmedferð, gjafakynfrumur eða ættleiðing. Þrátt fyrir þessi úrræði er alltaf sá möguleiki fyrir hendi að þar verði ekki foreldrar. Að taka ákvörðun um að binda enda á allar tilraunir er erfitt (Rauprich, Berns og Vollmann, 2011; Sol Olafsdóttir, 2002), en fólk lagar sig að nýjum veruleika með tímanum (Verhaak o.fl., 2007; Wirtberg o.fl., 2007).

Þegar þör stríða við ófrjósemi er ekki auðvelt að taka ákvörðun því að um er að ræða tvo einstaklinga sem þurfa að komast að sameiginlegri ákvörðun um leiðina til að eignast barn. Ljóst er að mun meiri þörf er á sálfélaglegri þjónustu við þessi þör en nú er veitt, ásamt því að auka þekkingu para á möguleikum til að leita sér þessarar þjónustu. Nú á tímum eru það helst félagsráðgjafar og sálfræðingar sem hafa sérhæft sig í þessum málaflokk, enda er hann flókinn og þörf á margvíslegri kunnáttu og tækni. Um er að ræða flókna ákvörðunartöku, siðferðileg álitamál, samskipti á milli kerfa og parameðferð að ógleymdri tækninni sem er í stöðugri þróun. Því er ekki nema von að fáir aðilar hafi sérhæft sig innan þessa sviðs þótt þörfin sé ljóslega til staðar.

Þakkir

Ég þakka þörunum sem tóku þátt í rannsókninni kærlega fyrir, svo og tæknifrjóvgunardeildunum sem aðstoðuðu við að finna þörin. Ég þakka einnig leiðbeinendum mínum, Prof. Anders Möller og Dr. Matts Wikland, fyrir aðstoðina. Rannsóknin var að mestu fjármögnuð af Nordic School of Public Health-NHV.

Heimildir

Aarts, J.W.M., Faber, M.J., van Empel, I.W.H., Scheenjes, E., Nelen, W.L.D.M. og Kremer, J.A.M. (2011). Professionals' perceptions of their patients' experiences with fertility care. *Human Reproduction*, 26(5), 1119–1127.

Beach, L.R. (1998). *The psychology of decision making: People in organizations*. London: Sage Publications.

Boivin, J., Bunting, L., Collins, J.A. og Nygren, K.G. (2007). International estimates of infertility prevalence and treatment-seeking: Potential need and demand for infertility medical care. *Human Reproduction*, 22(6), 1506–1512.

Dancet, E.A.F., Nelen, W.L.D.M., Sermeus, W., Leeuw, L.D., Kremer, J.A.M. og D'Hooghe, T.M. (2010). The patients' perspective on fertility care: A systematic review. *Human Reproduction Update*, 16(5), 467–487.

van Empel, I.W.H., Aarts, J.W.M., Cohlen, B.J., Huppelchoten, D.A., Laven, J.S.E., Nelen, W.L.D.M. o.fl. (2010). Measuring patients-centredness, the neglected outcome in fertility care: A random multicentre validation study. *Human Reproduction*, 25(10), 2516–2526.

van Empel, I.W.H., Nelen, W.L.D.M., Tepe, E.T., van Laarhoven, E.A.P., Verhaak, C.M. og Kremer, J.A.M. (2010). Weaknesses, strengths and needs in fertility care according to patients. *Human Reproduction*, 25(1), 142–149.

Frosch, D.L. og Kaplan, R.M. (1999). Shared decision making in clinical medicine: Past research and future directions. *American Journal of Preventive Medicine*, 17(4), 285–294.

Greil, A.L., Slauson-Blevins, K. og McQuillan, J. (2010). The experience of infertility: A review of recent literature. *Sociology of Health & Illness*, 32(1), 140–162.

Hammarberg, K., Astbury, J. og Baker, H.W.G. (2001). Women's experience of IVF: A follow-up study. *Human Reproduction*, 16(2), 374–383.

Johnson, K.M. og Johnson, D.R. (2009). Partnered decisions? U.S. couples and medical help-seeking for infertility. *Family Relations*, 58(4), 431–444.

Lög um tæknifrjóvgun og notkun kynfrumna og fósturvísa manna til stofnfrumurannsóknna nr. 55/1996.

Matthiesen, S., Klonoff-Cohen, H., Zachariae, R., Jensen-Johansen, M.B., Nielsen, B.K., Frederiksen, Y. o.fl. (2012). The effect of an expressive writing intervention (EWI) on stress in infertile couples undergoing assisted reproductive technology (ART) treatment: A randomised controlled pilot study. *British Journal of Health Psychology*, 17(2), 362–378.

Pasch, L.A., Dunkel-Schetter, C. og Christensen, A. (2002). Differences between husbands' and wives' approach to infertility affect marital communication and adjustment. *Fertility and Sterility*, 77(6), 1241–1247.

Peterson, B.D., Pirritano, M., Block, J.M. og Schmidt, L. (2011). Marital benefit and coping strategies in men and women undergoing unsuccessful fertility treatments over a 5-year period. *Fertility and Sterility*, 95(5), 1759–1763.e1.

Ragnheiður I. Bjarnadóttir, Guðrún Garðardóttir, Alexander K. Smáráson og Gestur I. Pálsson. (2011). *Skýrsla frá Fæðingaskráningunni: Fyrir ár 2010*.

Rauprich, O., Berns, E. og Vollmann, J. (2011). Information provision and decision-making in assisted reproduction treatment: Results from a survey in Germany. *Human Reproduction*, 26(9), 2382–2391.

Schmidt, L. (2006). *Infertility and assisted reproduction in Denmark: Epidemiology and psychosocial consequences*. Copenhagen: University of Copenhagen. Institute of Public Health.

- Schmidt, L., Holstein, B.E., Boivin, J., Sångren, H., Tjørnhøj Thomsen, T., Blaabjerg, J. o.fl. (2003). Patients' attitudes to medical and psychosocial aspects of care in fertility clinics: Findings from the Copenhagen Multi-centre Psychosocial Infertility (COMPI) Research Programme. *Human Reproduction*, 18(3), 628–637.
- Sol Olafsdóttir, H. (2002). *Why stop? The decision making process in couples undergoing in-vitro fertilization*, Göteborg: Göteborg Universitet Editor.
- Sol Olafsdóttir, H., Wikland, M. og Möller, A. (2011). Reasoning about timing of wanting a child: A qualitative study of Nordic couples from fertility clinics. *Journal of Reproductive and Infant Psychology*, 29(5), 493–505.
- Sol Olafsdóttir, H., Wikland, M. og Möller, A. (2012). Nordic couples' decision-making processes in anticipation of contacting a fertility clinic. *Journal of Reproductive and Infant Psychology*, 30(2), 180–192.
- Throsby, K. og Gill, R. (2004). "It's different for men": *Men and Masculinities*, 6(4), 330–348.
- Verhaak, C.M., Smeenk, J.M.J., Evers, A.W.M., Kremer, J.A.M., Kraaimaat, F.W. og Braat, D.D.M. (2007). Women's emotional adjustment to IVF: A systematic review of 25 years of research. *Human Reproduction Update*, 13(1), 27–36.
- Volgsten, H., Skoog Svanberg, A., Ekselius, L., Lundkvist, Ö. og Sundström Poromaa, I. (2008). Prevalence of psychiatric disorders in infertile women and men undergoing in vitro fertilization treatment. *Human Reproduction*, 23(9), 2056–2063.
- Wirtberg, I., Möller, A., Hogström, L., Tronstad, S. og Lalos, A. (2007). Life 20 years after unsuccessful infertility treatment. *Human Reproduction*, 22(2), 598–604.
- Zeiler, K. (2007). Shared decision-making, gender and new technologies. *Medicine, health care, and philosophy*, 10(3), 279–287.

Nýr doktor á sviði félagsráðgjafar



Sigurveig H. Sigurðardóttir, dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands

Þann 8. mars 2013 varði Sigurveig H. Sigurðardóttir félagsráðgjafi doktorsritgerð sína við School of Health Sciences, Jönköping University, Svíþjóð. Ritgerðin ber titilinn: „Patterns of care and support in old age“. Leiðbeinendur hennar voru dr. Ingemar Kåreholt við Aging Research Center, Karolinska Institutet and Stockholms University í Stokkhólmi og Institute of Gerontology, Háskólanum í Jönköping og prófessor Gerdt Sundström, prófessor Bo Malmberg og dr. Marie Ernsth Bra-

vell við Institute of Gerontology, Háskólanum í Jönköping. Andmælandi við vörminna var prófessor Svein Olav Daatland við NOVA-Norsk institutt for forskning om oppvekst, velferd og aldring, Oslo, Noregi.

Sigurveig er dósent við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Ritgerðina er hægt að panta hjá paula.lernstal-dasilva@hhj.hj.se og kostar hún SEK 200. Einnig er hægt að nálgast hana á heimasíðu skólans <http://hj.diva.portal.org/smash/record.jsf?pid=diva2:605385>

Sigurveig mun kynna efni ritgerðarinnar í opinberum fyrirlestri við Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.

Skilnaðarráðgjöf

Rannsóknir um sjónarhorn félagsráðgjafa og þörf foreldra

Sigrún Júlíusdóttir og Íris Dögg Lárusdóttir



Sigrún Júlíusdóttir, PhD, prófessor við félagsráðgjafardeild HÍ



Íris Dögg Lárusdóttir, MA-nemi til starfsréttinda í félagsráðgjöf

Við skilnað foreldra þarf að ganga frá fjármálum og lögformlegum atriðum eins og forsjá barna, lögheimili þeirra og umgengni. Foreldrar skilja sem hjón en sinna áfram foreldrahlutverkum sínum í sameiningu (Ahrons, 1994; Emery, 2004; Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir, 2000). Fjölmargar rannsóknir sýna að sé illa staðið að skilnaði eru börn fráskilinna foreldra líklegri til að glíma frekar við tilfinningaleg vandamál, námsörðugleika, félagsleg vandamál og áfengis- og vímuefnavanda en önnur. Samkvæmt þeim er það ekki skilnaðurinn sem slíkur sem hefur slæmar afleiðingar heldur ráða aðstæður, viðhorf og samskipti foreldranna miklu (Amato, 2000; Portnoy, 2008). Sömuleiðis er mikilvægt að talað sé við börnin um skilnaðinn og hlúð að þeim í skilnaðarferlinu (Maes, De Mol og Buysse, 2011). Þegar vel er haldið á málum einkennast samskipti foreldranna af samvinnu, og ákvarðanir um hagi barnanna er teknar með hagsmuni þeirra að leiðarljósi (Ahrons, 1994; Emery, 2004). Ein leið til að aðstoða foreldra við að lágmarka ósætti og átök er að *skilnaðarráðgjöf* standi þeim til boða. Í greininni er vikið að niðurstöðum rannsókna í því efni og eru m.a. niðurstöður tveggja nýrra íslenskra rannsókna um skilnað og ráðgjöf kynntar. Jafnframt er stutt umfjöllun um lagalegt umhverfi í skilnaðarmálum á Íslandi. Í ljósi niðurstaðna um stöðu skilnaðarráðgjafar hér á landi, bæði í lögum og framkvæmd, og ólíkra þarfa foreldra eru í lok greinar settar fram hugmyndir um skipan skilnaðarráðgjafar. Slíkt þjónusturóf spannar breitt bil frá almennum upplýsingum til ráðgjafar, sáttamiðlunar og ágreiningsúr-

lausnar, en ávallt þarf að huga að stöðu barna sem í hlut eiga.

Sjónarhorn félagsráðgjafar

Í sjónarhorni félagsráðgjafar á skilnaðarráðgjöf felst að líta á og meta þörfina fyrir ráðgjöf út frá hinum margvíslegu forsendum skilnaðarforeldra og barna þeirra ásamt því að taka mið af fjölmörgum innri og ytri áhrifaþáttum í skilnaðarferlinu. Til þess að mæta ólíkum þörfum foreldra þurfa margvísleg þjónustutíloð að vera til staðar. Í nágrannalöndum okkar hafa þjónustuúrræði verið þróuð til að styðja skilnaðar fjölskyldur í gegnum skilnaðarferlið og til að koma í veg fyrir deilur. Er vikið að þeim hér á eftir. Rannsóknir á heildarhópi skilnaðarforeldra sýna að áhrifaþættirnir eru félags-, fjölskyldu- og fjárhagsstaða, atvinna, menntun og persónulegt atgervi hvað snertir foreldraábyrgð og samskiptahæfni (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Íslenskar skilnaðarannsóknir

Á síðustu tveimur áratugum hafa verið unnar allmargar rannsóknir á sviði skilnaðarmála. Ein sú fyrsta var BFR-rannsóknin svokallaða, *Barnafjölskyldur. Samfélag – lífsgildi – mótun* (Sigrún Júlíusdóttir, Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir, og Sigurður J. Grétarsson, 1995). Með henni var athygli beint að ólíkum fjölskyldugerðum og hagir barnafjölskyldna á Íslandi kannaðir, m.a. uppeldisaðstæður barna einstæðra foreldra. Meðal þess sem niðurstöður sýndu var að frekar sjaldgæft væri að einstaklingar leituðu ráðgjafar hjá fagfólki vegna erfiðleika.

Þegar barnalög nr. 20/1992 tóku gildi gafst foreldrum fyrst kostur á að fara sameiginlega með forsjá barna sinna eftir skilnað. Í kjölfar breytinganna framkvæmdu félagsráðgjafarnir Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir (2000) framhaldsrannsókn, *Áfram foreldrar. Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Meðal þess sem fram kom var að um 54% svarenda höfðu fengið ráðgjöf, í flestum tilvikum almennar upplýsingar. Stærstur hluti fékk ráðgjöf hjá sýslumanni (43%) en einungis 5,6% fengu ráðgjöf hjá félagsráðgjafa. Um fjórðungur svar-

enda taldi þörfina fyrir ráðgjöf mikla eða frekar mikla, en um 74% töldu þörfina frekar litla eða alls enga. Talsverður munur var á svörum eftir aldri og þótti yngri svarendum í meira mæli þörf fyrir ráðgjöf.

Í rannsókn á reynslu af sameiginlegri forsjá sem meginreglu (Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2008) sögðust um 26% svarenda hafa fengið ráðgjöf fagaðila í tengslum við skilnaðinn. Stærstur hluti þeirra höfðu fengið ráðgjöf hjá sýslumanni, um 36%, en um 24% höfðu fengið ráðgjöf hjá félagsráðgjafa eða sálfræðingi. Um 46% töldu þörf á ráðgjöf við ákvarðanatöku, við framkvæmd skilnaðar og eftir skilnað. Athygli vakti að 94% töldu þörf á sértækri ráðgjöf fyrir stjúpfjölskyldur. Rannsókn á högum einstæðra foreldra í Reykjanesbæ sýndi að meiri hluti einstæðra foreldra, 73%, óska ráðgjafar í tengslum við skilnað og 92% stjúpforeldra (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2009). Þessi þörf er staðfest í fleiri íslenskum rannsóknum (Valgerður Halldórsdóttir, 2012).

Á árinu 2011 var rannsókn unnin á umfangi, ferli og félagslegum þáttum forsjármála fyrir héraðsdómstólum á Íslandi sem hluti meistaraverkefnis í félagsráðgjöf (Sigrún Júlíusdóttir, Helena Konráðsdóttir og Dögg Pálsdóttir, 2012). Greining gagna úr forsjármálum hjá öllum átta héraðsdómstólum landsins á tímabilinu 2006–2010 leiddi í ljós að í 217 tilfellum af 330 náðist sátt í málum (66%) og 113 málum lauk með dómi (34%). Framkvæmd var dýpri greining dómsmála hjá þremur stærstu dómstólunum á sama tímabili. Niðurstöður sýndu að um helmingur foreldra glímur við margvísleg samskipta- og persónuleg vandamál. Einnig kom í ljós að foreldrar sem eiga í deilum fyrir dómstólum nýta sér aðeins í takmörkuðum mæli sáttasamtöl hjá sýslumanni, lögbundna félagsþjónustu sveitafélaga eða ráðgjöf fagaðila á einkastofum.

Niðurstöður viðtalsrannsóknar við 16 fjölskyldur eftir skilnað sýna að helmingur foreldranna sóttu ráðgjöf í tengslum við skilnað. Reynsla af ráðgjöfinni var misjöfn, en góð úrvinnsla auðveldaði ákvörðun og að semja um skilmála. Enginn viðmælenda fékk ráðgjöf vegna upplýsinga til barna eða um líðan þeirra (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013).

Tvær nýjar rannsóknir um skilnaðarráðgjöf – sýn foreldra og félagsráðgjafa

Rannsókn um þörf og reynslu skilnaðarforeldra


Rannsókn var unnin í samvinnu við Sýslumanninn í Reykjavík sumarið 2012 (Íris Dögg Lárusdóttir,

2012). Á grundvelli fyrri rannsókna um ráðgjöf til fráskilinna foreldra var spurt: *Hver er reynsla og viðhorf fráskilinna foreldra til ráðgjafar og hver er þörf skilnaðarforeldra fyrir ráðgjöf?* Rafrænn spurningarlisti (netkönnun) var sendur til foreldra sem gengu frá lögskilnaði eða sambúðarslitum hjá Sýslumanninum í Reykjavík árið 2009 en áður var hringt í alla einstaklinga í úrtakinu til að kynna rannsóknina og auka líkur á svörum. Af þeim 446 manns sem voru í úrtakinu var 174 manna brottfallshópur sem ekki náðist í þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Alls náðist í 272 einstaklinga og af þeim gáfu 235 samþykki sitt. Alls bárust 175 gild svör, um 40% svarhlutfall. Gagnaúrvinnsla fór fram með tölvuforritinu SPSS. Við framsetningu niðurstaðna var einkum notuð lýsandi tölfraði í tölum og texta. Leyfi Persónuverndar fékkst fyrir aðgangi að upplýsingum og til úrvinnslu gagna samkvæmt ákvæðum um „vinnslu persónuupplýsinga um félagsleg vandamál manna eða önnur einkalífssatriði, s.s. hjónaskilnaði, samvistarslit, ættleiðingar og fóstursamninga“ (Persónuvernd, e.d.). Hugað var að trúnaði, siðferðilegum álitamálum og hvernig þátttakendur yrðu fyrir sem minnstum óþægindum vegna rannsóknar á viðkvæmu málefni (Sigurður Kristinsson, 2003).

Niðurstöður

Spurt var um hvort þátttakendur hefðu farið í skilnaðarráðgjöf fyrir eða við skilnaðarákvörðun, sjá mynd 1. Merkja skyldi við allt sem við átti, og þar sem sumir sóttu ráðgjöf hjá fleiri en einni fagstétt fer heildarprósentalan yfir 100. Um helmingur svarenda hafði ekki farið í skilnaðarráðgjöf af ýmsum ástæðum. Af þeim sem fóru í ráðgjöf fyrir eða við ákvörðunartökuna fór stærsti hópurinn til prests og þar næst til sálfræðings. Fæstir fóru til félagsráðgjafa.

Við greiningu á ráðgjöf og deilum í tengslum við skilnað má sjá (tafla 1) að þeir sem fóru í ráðgjöf til fagaðila komu frekar úr hópi þeirra sem sögðust hafa átt í mjög eða nokkuð miklum deilum við fyrrverandi maka í tengslum við skilnaðinn. Um helmingur þeirra sem átti ekki í deilum sótti ráðgjöf til fagaðila. Algengara er að foreldrum, sem áttu í litlum eða engum deilum, hafi ekki þótt þörf á því að fara í skilnaðarráðgjöf en þeim sem áttu í miklum deilum. Af þeim sem sóttu ekki skilnaðarráðgjöf vegna þess að annað eða báðir foreldrar vildu ekki fara, koma flestir úr hópi þeirra sem áttu í mjög eða nokkuð miklum deilum við skilnaðinn.



Mynd 1. Fóruð þið í skilnaðarráðgjöf fyrir/við skilnaðar-ákvörðun? (n=160)

Fóru í ráðgjöf til fagaðila	Mjög eða nokkuð miklar deilur		Mjög eða nokkuð litlar deilur		Engar deilur	
	n	%	n	%	n	%
Ekki þörf á ráðgjöf	11	16%	31	42%	8	38%
Ekki vilji fyrir ráðgjöf	14	20%	4	5%	1	5%
Vissu ekki að ráðgjöf stæði til bóða	2	3%	6	8%	1	5%
Alls	69	100%	73	100%	21	100%

Tafla 1. Ráðgjöf greind eftir eðli deilna (n=163)


Foreldrarnir voru spurðir hvaðan þeir hefðu fengið upplýsingar eða ráðgjöf um ýmis atriði í tengslum við skilnaðinn. Niðurstöður sýna að upplýsingar eða ráðgjöf fengust í flestum tilfellum hjá sýslumanni. Það atriði sem sker sig úr er upplýsingar og ráðgjöf um samskipti við tengdaforeldra, en þess háttar ráðgjöf hafa foreldrarnir einkum fengið frá sálfræðingi eða prest. Algengt er að svarendur hafi ekki fengið upplýsingar eða ráðgjöf um þau atriði sem spurt var um (tafla 2).

Spurt var frá hverjum foreldrarnir hefðu viljað fá upplýsingar eða ráðgjöf í tengslum við skilnaðinn. Flestir hefðu viljað fá ráðgjöf frá sýslumanni, lög-

	Samskipti og umgengni barnið/börnin		Meðlag og framfærslumál	Búsetumál barns og foreldra	Lagalega stöðu og rétt barna	Lagalega stöðu og rétt foreldra	Samskipti við tengdaforeldra
	Almennar upplýsingar	varðandi					
Sýslumanni	38%	36%	49%	41%	38%	42%	5%
Lögfræðingi	14%	12%	14%	10%	9%	14%	4%
Sálfræðingi	11%	11%	3%	4%	2%	2%	21%
Presti	13%	5%	1%	1%	1%	1%	14%
Félagsráðgjafa	5%	6%	5%	4%	4%	3%	4%
Fékk ekki þess háttar upplýsingar/ráðgjöf	19%	29%	30%	40%	45%	39%	52%
Alls	100%	100%	100%	100%	100%	100%	100%


Tafla 2. Frá hverjum fékkstu eftirfarandi upplýsingar eða ráðgjöf í tengslum við skilnaðinn? (n=175)

manni eða félagsráðgjafa um fjármál eða lagaleg atriði. Á milli 15 og 20% töldu sig ekki þurfa á ráðgjöf að halda um slíkt eins og sjá má á mynd 2.




Mynd 2. Frá hverjum hefðir þú viljað fá upplýsingar eða ráðgjöf í tengslum við skilnaðinn? Lagaleg og fjárhagsleg atriði (n=175)

Þegar spurt var um atriði sem sneru að samskiptum og samvinnu, hefðu flestir hins vegar viljað fá upplýsingar eða ráðgjöf hjá félagsráðgjafa, sálfræðingi eða sýslumanni, sjá mynd 3. Áftur svara á milli 15 og 20% að þeir telji sig ekki hafa þurft á ráðgjöf að halda varðandi þessi atriði.



Mynd 3. Frá hverjum hefðir þú viljað fá upplýsingar og ráðgjöf í tengslum við skilnaðinn? Atriði tengd samvinnu og samskiptum (n=175)

Að lokum voru þátttakendur spurðir hvar þeim fyndist skilnaðarráðgjöf eiga að fara fram. Meirihluti svarenda taldi ráðgjöf eiga að fara fram hjá fagfólki á stofu, um þriðjungur vildi að hún færi fram hjá opinberri félagsþjónustu, en mun færri hjá sýslumanni eða heilsugæslustöð.



Mynd 4. Hvar, að þínu mati, á skilnaðarráðgjöf að fara fram? (n=163)

Af svörum þátttakenda í rannsókninni má sjá að stærstur hluti hefur fengið *upplýsingar og ráðgjöf* í tengslum við skilnaðinn hjá sýslumanni eða ekki hlotið neina ráðgjöf. Vilji þeirra er þó að sækja ráðgjöf vegna *samvinnu og samskipta* frekar til félagsráðgjafa og sálfræðinga. Jafnframt vilja þeir í mun meira mæli *sækja ráðgjöf* hjá fagfólki á stofu eða hjá opinberri félagsþjónustu en til sýslumanna.

Könnun á viðhorfi og reynslu félagsráðgjafa af skilnaðarráðgjöf

Niðurstöðurnar sem hér eru kynntar voru hluti af raf-rænni könnun Félagsráðgjafafélags Íslands í febrúar 2012. Með því að setja inn nokkrar spurningar um félagsráðgjöf og skilnaðarráðgjöf var ætlunin að fá fram upplýsingar um í hvaða mæli félagsráðgjafar sinna skilnaðarráðgjöf í reynd, hvort þeir álíta hana eiga að vera hluta af starfi sínu og hvort þeir telji sig hafa þekkingu og færni úr starfsréttindanámi sínu til að sinna skilnaðarráðgjöf. Forsenda þess að vilja afla þessarar vitneskju tengdist m.a. væntanlegri breytingu á barnalögum með lögum nr. 61/2012 og þá sérstaklega nýs ákvæðis í 12. grein um sáttameðferð. Jafnframt fengust hér fyrstu vísbendingar til grundvallar umfangsmeiri athugun á þekkingargrunni félagsráðgjafa og faglegru sýn á skilnaðarráðgjöf.


Gild svör voru 228 af 379, eða 60% svarhlutfall, en innra brottfall var umtalsvert. Hin slaka svörun gefur takmarkaða möguleika á nánari útreikningum á sértækari (bakgrunns)breytum.

Unnið var úr niðurstöðum á vormánuðum 2012

í samvinnu við Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd. Bráðabirgðaniðurstöður voru kynntar á ráðstefnu um breytingar á barnalögum (Sigrún Júlíusdóttir, 2012).


Niðurstöður

Þegar félagsráðgjafarnir voru spurðir að því hvort þeir hefðu sinnt skilnaðarráðgjöf svöruðu 84 af 228 að þeir hefðu sinnt almennri skilnaðarráðgjöf eða 37%, eins og sést á mynd 5. Meirihluti þeirra, 50 manns, starfa hjá sveitarfélögum, 19 hjá ríki og 14 við annað. Um 11% höfðu sinnt samvinnusamtölum, 13% sáttamiðlun og 7,5% skilnaðarfræðslu, en 111 félagsráðgjafar (49%) höfðu ekki sinnt skilnaðarráðgjöf (þar sem nefna mátti fleiri en eitt atriði er hlutfall svarenda alls yfir 100%).




Mynd 5. Hefur þú sinnt skilnaðarráðgjöf? (n=228)

Á mynd 6 má sjá niðurstöður spurningarinnar „Hversu mikill/lítill hluti starfs þíns fer í skilnaðarráðgjöf?“. Af 176 félagsráðgjöfum sögðu 103, 58,5%, að skilnaðarráðgjöf væri frekar eða mjög lítill hluti af starfinu. Um 31% eða 54 sögðu skilnaðarráðgjöf engan hluta af starfi sínu. Um 8% eða 14 félagsráðgjafar sögðu skilnaðarráðgjöf vera frekar mikinn eða mjög mikinn hluta starfs þíns, en 5 einstaklingar merktu við *veit ekki* eða *á ekki við*.




Mynd 6. Hversu mikill/lítill hluti starfs þíns fer í skilnaðarráðgjöf? (n=176)

Þegar spurt var að því hvort félagsráðgjafarnir teldu að þekking og færni í skilnaðarráðgjöf sé nægileg hjá félagsráðgjöfum merktu 90 einstaklingar við *veit ekki* eða *á ekki við*, eða um 45% heildarsvarenda. Eins og sjá má á mynd 7 töldu 34%, eða 67 félagsráðgjafar, þekkingu og færni í skilnaðarráðgjöf ekki vera nægilega hjá fagstéttinni, en um 21% eða 41 töldu þá þekkingu og færni nægilega.



Mynd 7. Telur þú að þekking og færni í skilnaðarráðgjöf sé nægileg hjá félagsráðgjöfum? (n=198)

Á mynd 8 má sjá svar við því hvort félagsráðgjafar telji að skilnaðarmál ættu að fá meira rými í starfi þeirra. Af 197 sem svöruðu þessar spurningu töldu 112 félagsráðgjafar (57%) að skilnaðarmál ættu ekki að fá meira rými í starfinu. Nokkur hluti, um 31% eða 61 félagsráðgjafi, vissi ekki hvort skilnaðarmál ættu að fá meira rými í starfinu eða fannst þessi spurning ekki eiga við. Aðeins 24 félagsráðgjafar, 12%, töldu að skilnaðarmál ættu að fá meira rými í starfi þeirra og störfuðu þeir nær allir hjá félagsþjónustu sveitarfélaga.



Mynd 8. Telur þú að skilnaðarmál ættu að fá meira rými í þínu starfi? (n=197)

Lagaákvæði um ráðgjöf í skilnaðarmálum

Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 segir skv. 16. gr. að félagsmálanefndir skulu bjóða upp á félagslega ráðgjöf og er markmið hennar að veita

upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Í 17. gr. segir að félagsleg ráðgjöf taki m.a. til ráðgjafar á sviði fjármála, húsnæðismála, uppeldismála, skilnaðarmála, þar með talinna forsjár- og umgengnismála, ættleiðingarmála o.fl.

Í barnalögum nr. 76/2003 segir í 33. gr. að sýslumaður skuli „bjóða aðilum forsjár-, umgengnis- og dagsektarmála sérfræðiráðgjöf til að aðstoða þá við að finna lausn máls með tilliti til þess sem er barni fyrir bestu. Sá sem veitir ráðgjöf getur rætt við barn, sem mál varðar, telji hann það þjóna hagsmunum þess, enda séu forsjárforeldrar því samþykkir.“ Einnig kemur fram að sýslumaður getur látið hjá líða að bjóða sérfræðiráðgjöf ef hann telur hana ónauðsynlega eða tilgangslausa.

Með nýjum lögum nr. 61/2012, sem tóku gildi 1. janúar 2013, og lögum nr. 144/2012 urðu veigamiklar breytingar á barnalögnum frá 2003. Meðal helstu breytinga er ný grein, 33. gr. a, sem fjallar um sáttameðferð: „Áður en krafist er úrskurðar eða höfðað mál um forsjá, lögheimili, umgengni, dagsektir eða aðför er foreldrum skylt að leita sáttu samkvæmt þessari grein. Sýslumaður skal bjóða aðilum forsjár-, lögheimilis-, umgengnis-, dagsektar- og aðfararmála sáttameðferð en aðilar geta einnig leitað til annarra sem hafa sérfræðiþekkingu í sáttameðferð og málefnum barna.“ Hér er í fyrsta sinn kveðið á um ráðgjöf og sáttamiðlun í íslenskum lögum. Í febrúar 2013 gaf ráðherra út reglur um ráðgjöf og sáttameðferð samkvæmt 33. og 33. gr. a barnalaga nr. 76/2003 (Innanríkisráðuneyti, 2013).

Við nýja útfærslu á löggjöf um skilnaðarráðgjöf koma mörg atriði við sögu en einkum er það tvennt sem máli skiptir. Hið fyrra varðar fyrirliggjandi þekkingu og forsendur fagstétta til að sinna þessari aðstoð. Hið síðara varðar hversu víðtækt eða þröngt skilgreind þessi þjónusta á að vera, m.a. út frá þörfum og óskum skilnaðarforeldra. Til grundvallar umræðu um þetta er gagnlegt að kynna hér til sögunnar hugmynd um samfelldu þjónusturófi.

Líkan að samfelldu þjónusturófi

Með vísun í reynslu og skipan mála í nágranna-löndum okkar, íslenskar rannsóknir (sbr. hér að framan) og löggjöf um ráðgjöf og sáttamiðlun má setja fram fjögurra þrepa þjónustulíkan að heildstæðri skilnaðarráðgjöf. Markmið allrar skilnaðarráðgjafar, á hverju þessara fjögurra stiga sem er, er að aðstoða foreldra og auka vitund þeirra um mikilvægi foreldrasamvinnu þar sem hagsmunir barnsins

eru í fyrirrúmi. Slíkt er til þess fallið að stuðla að sátt og fækka hlutfalli foreldra sem deila, en þannig má draga úr skaðsemi skilnaðar fyrir börn.

Samvinnusamtöl

Vitað er úr rannsóknum og klíniskri reynslu að langflestum „venjulegum“ foreldrum, eða um 80%, tekst að semja um skilnaðarskilmála og gera upp málin sín á milli í friðsemd án aðstoðar fagfólks (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2012). Stundum koma þó upp hnökrar eða þörf á endurskoðun stuttu á eftir eða þegar frá líður. Þess vegna er mikilvægt og heppilegast að það sé skylda að *allir* skilnaðarforeldrar eigi kost á svokölluðum samvinnusamtölum. Í því felst mikilvæg forvörn, en með 1–2 samtölum má leiða foreldra í gegnum undirbúning og framkvæmd skilnaðar, tengt tilfinningalegu uppgjöri og sameiginlegri ákvörðun um skipan mála, með velferð barna að leiðarljósi (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Óski foreldrar eftir því ætti að vera kostur á fjölskyldusamtali þar sem börnin eru með. Með því að setja ekki lok á eða afneita eðlilegum ágreiningi eða ólíkum þörfum, í byrjun eða síðar, má koma í veg fyrir togstreitu eða átök sem geta annars orðið erfið og haft neikvæð áhrif á líðan og aðstæður barnanna. Það þjónar hagsmunum bæði foreldra og barna að fara í gegnum slíka úrvinnslu með aðstoð fjölskylduráðgjafa sem er sérfræðingur í skilnaðarmálum og með þjálfun og reynslu af fjölskyldumeðferð- og fræðslu. Í samvinnusamtölum reynir oft á að miðla niðurstöðum rannsókna og aðstoða foreldra við að undirbyggja val sitt og treysta samkomulag á grundvelli þekkingar, eigin óska og skilnings á þörfum barnanna.

Sáttamiðlun

Annar hópur eru foreldrar sem greinir raunverulega á um álit á því hvað sé málefnalega heppilegast og hafa óskir sem stangast á um skipan mála, oft vegna persónu- og fjölskylduadstæðna og/eða vegna starfs. Þessi hópur þarf á sérhæfðri sáttamiðlun (e. *mediation*) að halda. Best fer á að hana veiti fjölskylduráðgjafi sem er oft líka lögfræðimenntaður og/eða hefur þjálfun sem sáttamiðlari, með færni til að beita samningatækni út frá skýru markmiði um bestu mögulega niðurstöðu fyrir hagsmuni og velferð foreldra og barna. Samtalið miðast hér við að hjálpa foreldrunum til að ná sameiginlegri niðurstöðu þar sem báðir vinna og báðir láta að einhverju leyti af sínum eigin óskum. Viðtölin þurfa oftast að vera 3–5. Sá hópur sem þarf á þessari aðstoð að halda er að jafnaði um 10–15% skilnaðarmála.

Ágreiningsúrlausn

Þriðji hópurinn eru foreldrar sem deila hart og ágreiningurinn tengist fyrst og fremst óunnum tilfinningalegum átökum, vonbrigðum, samkeppni og persónulegri ósátt annars eða beggja við skilnaðinn og samskiptin þeirra á milli. Þeir byrja oft á því að fara með ágreining sinn fyrir dómstóla en með skilvirkri aðstoð má oftast en ekki stöðva það ferli (Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir, 2013). Hér er vandinn í raun ekki alfarið af málefnalegum toga heldur tilfinningalegum ásamt persónuleikatengdum flækjum. Stundum fara þessi mál fyrir dóm en sátt næst fyrir tilstuðlan sáttamiðlunar, tilfinningalegrar úrvinnslu og leiðsagnar. Þessi hópur þarf á því að halda að reyndur fjölskylduráðgjafi fari í gegnum tilfinningalegu atriðin, hjálpi foreldrunum við að aðgreina persónulegar tilfinningar, samskipti við fyrrverandi maka og hagsmuni barnsins í skilnaðaruppgjörinu. Stýring og bein leiðsögn er gildur þáttur í tengslum við þessa úrvinnslu. Oft þarf jafnframt að vinna með aðilunum hvorum í sínu lagi og stundum þarf hér fleiri en fimm viðtöl. Ágreiningsúrlausn veitir fjölskylduráðgjafi sem jafnframt hefur þjálfun sem sáttamiðlari. Sá hópur sem þarf á slíkri aðstoð að halda er að jafnaði um 5–10% skilnaðarmála.

Dómsátt eða dómsúrskurður

Örlítill hópur, að jafnaði innan við 5% skilnaðarmála, fær að lokum meðferð fyrir dómi. Hluti af þeim tilheyrir ágreiningshópnum hér að ofan sem þá hefur ekki tekist að ná sátt. Þeim hópi til viðbótar kemur lítill hópur foreldra sem á við alvarlegar persónuleikaraskanir að stríða, neysluvanda eða ofbeldi, stundum allt í senn. Oftast hafa mál þeirra komið til kasta barnaverndar. Sá foreldrahópur er oft ekki fær um að fara með forsjá barna sinna og þarf sjálfur á aðstoð á halda, eða fer með forsjá barns undir eftirliti/með aðstoð félagsráðgjafa eða annarra fjölskylduráðgjafa sem eru sérfræðingar í barnavernd (Sigrún Júlíusdóttir o.fl., 2012).

Lokaorð

Niðurstöður íslenskra rannsókna benda til þess að það sé vaxandi vilji foreldra að leita sér aðstoðar fagaðila í tengslum við skilnað. Nú fá flestir foreldrar almenna ráðgjöf hjá sýslumanni um helstu þætti skilnaðaruppgjörs. Óskir eru hins vegar um að sækja ráðgjöf í ríkari mæli til annarra sérfræðinga þegar kemur að atriðum um samskipti, samvinnu og almennar upplýsingar.

Skilnaðarráðgjöf er almennt frekar eða mjög lítill, eða jafnvel ekki hluti af störfum félagsráðgjafa í Félagsráðgjafafélagi Íslands og telur stærstur hluti að skilnaðarmál ættu ekki að fá meira rými í sínu starfi.

Erlendar rannsóknir og reynsla, einkum á Norðurlöndum, sýna að félagsráðgjafar, sálfræðingar og fjölskylduráðgjafar eru þeir fagaðilar sem hafa þá þekkingu sem þarf til að sinna skilnaðarráðgjöf. Best reynsla er af því að þeir, sem vinna með foreldrum í hvað hörðustum deilum sín á milli, séu bæði löglærðir í sífjarétti og í sáttamiðlun (Emery, 2004; Hydén og Hydén, 2002).

Hér hefur verið reynt að draga saman fyrirbyggjandi þekkingu um þörf fyrir skilnaðarráðgjöf og sett fram hugmynd að þjónustulíkani sem vænst er til að geti komið að gagni við þróun þjónustu við skilnaðarforeldra og börn þeirra. Af niðurstöðum kannananna tveggja að dæma sem fjallað var um í greininni virðist verulegra úrbóta þörf hvað við kemur þeirri skilnaðarráðgjöf sem foreldrum stendur til boða. Einnig er augljóslega þörf á áherslubreytingum í námi og störfum félagsráðgjafa til að koma til móts við óskir og þarfir skilnaðarforeldra. Er það verðugt rannsóknarefni að kanna nánar hvað liggur að baki svörum félagsráðgjafa um að þeir hafi takmarkaða þekkingu til að sinna skilnaðarráðgjöf og að hún sé jafnvel ekki á fagsviði þeirra.

Heimildir

- Ahrons, C.R. (1994). *The good divorce: Keeping your family together when your marriage comes apart*. New York: HarperCollins Publishers.
- Amato, P.R. (2000). The consequences of divorce for adults and children [rafræn útgáfa]. *Journal of Marriage and the Family*, 62(4), 1269–1287.
- Barnalög nr. 20/1992.
- Barnalög nr. 76/2003.
- Emery, R.E. (2004). *The truth about children and divorce: Dealing with the emotions so you and your children can thrive*. New York: Plume.
- Hydén, M. og Hydén, L.-C. (2002). *Samtal om den nya familjen och det eviga föräldraskapet*. Stockholm: Natur och kultur.
- Innanríkisráðuneyti. (2013). *Reglur um sáttameðferð*. Sótt 13. mars 2013 á <http://www.innanrikisraduneyti.is/media/frettir-2013/Reglur-um-sattamedferd.pdf>.
- Íris Dögg Lárusdóttir. (2012). *Skilnaðarráðgjöf: Reynsla og þörf skilnaðarforeldra*. Óbirt MA-ritgerð. Háskóli Íslands, Félagsráðgjafardeild.
- Lög um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (forsjá og umgengni) nr. 61/2012.
- Lög um breytingu á lögum nr. 61/2012, um breytingu á barnalögum, nr. 76/2003, með síðari breytingum (frestun gildistöku o.fl.) nr. 144/2012.

Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

- Maes, S.D.J., De Mol, J. og Buysse, A. (2011). Children's experiences and meaning construction on parental divorce: A focus group study. *Childhood*, 19(2), 266–279.
- Persónuvernd. (e.d.). *Leyfisskyld vinnsla persónuupplýsinga*. Sótt 15. mars 2013 á <http://www.personuvernd.is/umsoknir-og-eydublod/um-leyfisskylda-vinnslu/>.
- Portnoy, S.M. (2008). The psychology of divorce: A lawyer's primer. Part 2: The effects of divorce on children. *American Journal of Family Law*, 21, 126–134.
- Sigrún Júlíusdóttir. (2012). Skilnaðarráðgjöf – ólíkar þarfir foreldra. Ráðstefna RBF og RÁS. *Hvað er nýtt – hvað er framundan? Breytingar á barnalögum, undirbúningur gildistöku og framkvæmd laganna*. Háskóli Íslands, 8. nóvember.
- Sigrún Júlíusdóttir, Helena Konráðsdóttir og Dögg Pálsdóttir. (2012). Foreldrar í forsjárdeilu: Rannsókn á umfangi, ferli og félagslegum þáttum forsjármála fyrir héraðsdómstólum á Íslandi. *Tímarit lögfræðinga*, 62(3), 285–318.
- Sigrún Júlíusdóttir og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2008). Sameiginleg forsjá sem meginregla og íhlutun stjórnvalda: Rannsókn um sjónarhorn foreldra. *Tímarit lögfræðinga*, 58(4), 465–495.
- Sigrún Júlíusdóttir og Nanna K. Sigurðardóttir. (2000). *Afram foreldrar: Rannsókn um sameiginlega forsjá og velferð barna við skilnað foreldra*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigrún Júlíusdóttir (ritstj.). (1995). Friðrik H. Jónsson, Nanna K. Sigurðardóttir og Sigurður J. Grétarsson. *Barnafjölskyldur: Samfélag – Lífsgildi – Mótun*. Reykjavík: Félagsmálaráðuneytið.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2009). *Félagsleg skilyrði og lífsgæði: Rannsókn á höfum einstæðra foreldra á Ásbrú/Keili í Reykjanessbæ*. Reykjavík: Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd (RBF) og Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands.
- Sigrún Júlíusdóttir og Sólveig Sigurðardóttir. (2013). *Eftir skilnað: Um foreldrasamstarf og kynslóðatengsl*. Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Sigurður Kristinsson. (2003). Siðfræði rannsókna og siðanefndir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstj.), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í heilbrigðisvísindum* (bls. 161–180). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Valgerður Halldórsdóttir. (2012). *Hver er í fjölskyldunni? Skilnaður – stjúp tengsl*. Reykjavík: Forlagið.

Frá valdaleysi til valdeflingar

Þróun í viðhorfum og þjónustu við fólk með geðsjúkdóma

Lára Björnsdóttir



Lára Björnsdóttir,
félagsráðgjafi MA,
formaður Velferðar-
vaktarinnar

Grein þessi fjallar um stöðu fólks með geðraskanir í íslensku samfélagi og hvernig viðhorf og þjónusta við þennan hóp hefur þróast. Farið er yfir hugmyndir um geðsjúkdóma, á hvaða þekkingargrundvelli þær hafa byggst og hvaða meðferðarræðum hefur verið beitt við að lækna eða líkna fólk með geðsjúkdóma. Leitast er við að varpa ljósi á það hvernig fordómar í garð fólks með

geðsjúkdóma hafa rýrt lífsgæði þess og aðstandenda þess. Leiddar eru líkur að því að þessi viðhorf hafi aukið á félagslegan vanda þessara einstaklinga sem m.a. hefur birst í fátækt og félagslegri útskúfun.

Spurt er hvort breytt hugmyndafræði um valdeflingu og mannréttindi og aukin þekking á eðli geðsjúkdóma hafi leitt til breytinga í meðferð í átt að jafningjafraeðslu og valdeflingu.

Inngangur

Geðsjúkdómar hafa frá fyrstu tíð fylgt mannkyninu og sjá má lýsingar og tilvísanir til geðsjúkdóma í fornum ritum, svo sem Gamla testamentinu og ritum Forn-Grikkja. Fáfræði og hindurvitni hafa verið dyggir fylgifiskar geðsjúkdóma um aldir allt fram á þennan dag. Skilningur og viðbrögð við þeim hafa gjarnan mótast af ríkjandi þjóðfélagsgerð og þeim mannskilningi og trúarbrögðum sem hverju sinni hafa einkennt samfélagið.

Geðraskanir eru oft langvinnir sjúkdómar þar sem skiptast á veikindi og tímabil betri heilsu. Félagleg vandamál í kjölfar þeirra, svo sem fátækt og félagleg útskúfun, hindra bata fólks sem glíma við þá. Geðraskanir eru meðal algengustu sjúkdóma samfélagsins (WHO, 2004) og er því til mikils að vinna að finna leiðir til bata og betra lífs.

Í þessari grein er sjónum beint að stöðu fólks með geðsjúkdóma í ljósi sögunnar og að þróun viðhorfa og þjónustu við þennan hóp fólks á 20. öldinni og

fram á nýja öld. Reynt er að varpa ljósi á samhengi neikvæðra viðhorfa til fólks með geðsjúkdóma og þess hve hægt hefur gengið að bæta kjör þess og mannréttindi.

Geðsjúkdómar á Íslandi í ljósi sögunnar

Á Íslandi er geðsjúkdóma getið í elstu lögum landsins, *Grágás*, og kveðið á um hvernig skuli fara með framfærslu geðsjúkra manna og enn fremur hvernig hægt sé að vernda umhverfið og einstaklinginn sjálfan fyrir hinu sjúklega ástandi (*Grágás*, 1997). Ábyrgð á geðsjúkum hvíldi fyrst og fremst á fjölskyldum eins og reyndar á öllum þeim sem ekki gátu séð sér farborða af eigin rammleik sökum æsku, elli eða sjúkdóma. Ef fjölskyldu var ekki til að dreifa eða hún gat ekki staðið undir þessum skyldum tóku hrepparnir við með aðferðum sem héldust óbreyttar um aldir, fyrst og fremst með því að setja ómaga niður hjá bændum í hreppnum (Gísli Ágúst Gunnlaugsson, 1997).

Allt fram á 20. öld voru bæði viðhorf og umönnun geðsjúkra byggð á vanþekkingu og vanmætti. Á Íslandi, eins og víðast annars staðar á þessum tíma, bjó fólk með geðsjúkdóma við auman kost og saga þess er vörðuð harðræði, ofbeldi og útskúfun úr samfélagi manna. En hvort heldur umsjá geðsjúkra var í höndum fjölskyldunnar eða hreppanna var fátt um úrræði til að hjálpa sjúklingunum, ekki síst í versta sjúkdómsástandinu. Oft var gripið til þess ráðs að koma fólk fyrir í búrum eða þröngum kössum, iðulega í útihúsum, til þess að sjúklingurinn færi sér ekki að voða eða skaðaði aðra. Þessar ómannúðlegu ráðstafanir gagnrýndi Þorgrímur Johnsen héraðslæknir í bréfi til yfirvalda 1872 og fullyrta að engir sjúklingar séu eins illa staddir hér á landi og geðsjúklingar. Þetta mun hafa verið í fyrsta sinn að vakin var athygli yfirvalda á málefnum geðsjúkra á Íslandi og í kjölfarið var farið að gefa þessum málefnum gaum. Rúmum aldarfjórðungi síðar, árið 1899, skrifaði Guðmundur Hannesson læknir grein í læknaðlaðið, „Um meðferð á geðveikum mönnum“, þar sem hann dregur upp mjög dökka mynd af aðbúnaði geðsjúklinga og segir

að „oft og víða hafi meðferð þeirra verið verri en á skepnum“ (Óttar Guðmundsson, 2007).

Þróun í málefnum geðsjúkra á 20. öld

Árið 1905 samþykkti Alþingi lög um stofnun geðveikrahælis. Í greinargerð með frumvarpinu frá nefnd í fátækra- og sveitarstjórnarmálum er talið að af 2186 „þurfalimum“ séu 154 „óðir, sturlaðir eða fábjárnar“. Rökin fyrir því að koma upp geðveikrahæli voru m.a. að „lina böll“ þeirra sem stríddu við geðsjúkdóma, erfiðleikar aðstandenda en ekki síst vandræði sem sveitarstjórnir þurftu að glíma við vegna vitskertra manna. Árið 1907 var Kleppur tekinn í notkun fyrir þá sjúklinga sem taldir voru hættulegastir og veikastir. Í fyrstu var lítið á Klepp sem hæli fremur en sjúkrahús og ekki talið að margir myndu lækna, enda í lengdust margir; fyrsti sjúklingurinn sem kom á Klepp vorið 1907 lést þar árið 1955.

Alla 20. öld og allt fram á þá tuttugustu og fyrstu dvaldi fólk á Kleppi langtímum saman sem ekki átti annað heimili en sjúkrahúsið (Félagsmálaráðuneytið, 2006).

Þótt geðsjúkrahús væri komið til sögunnar í upphafi nýrrar aldar og þar með mannúðlegri aðbúnaður en áður hafði tíðkast var á næstu áratugum lítið um lækningar eða aðra meðferð en gæslu og líkamlega umönnun. Þekking á geðsjúkdómum var af fremur skornum skammti hér á landi sem og annars staðar á þessum tíma. Meðferð geðsjúkra hvarvetna í heiminum einkenndist næstu áratugina af tilraunum sem voru oft byggðar á vafasömum grunni. Má þar nefna hrottalegar „læknisaðferðir“ með ýmist sjóðheitum eða ísköldum böðum á víxl (Óttar Guðmundsson, 2007).

Raflækningar komu til sögunnar 1938 og hafa endurbættar verið notaðar fram á þennan dag. Þær voru þó bannaðar á Kleppi um langt árabil en stundaðar af læknum á stofum og síðar á geðdeild Borgarspítalans. Skurðaðgerðir á heila (*lobotomia*) var ein tilraunin sem þótti svo merkileg að fyrir þær voru veittar Nóbelsverðlaun. Þær voru stundaðar hér á landi en þó bannaðar á Kleppi. Þær lögðust smám saman af, bæði vegna alvarlegra aukaverkana og vegna þess að nothæf geðlyf komu til sögunnar (Óttar Guðmundsson, 2007; Styrmir Gunnarsson, 2011).

Á Kleppi voru ýmsar kenningar og aðferðir til að lækna og líkna sjúklingunum. Fyrsti yfirlæknirinn, Þórður Sveinsson, hafði mikla trú á mætti vinnunnar og notaði sveitabúskapinn á Kleppi í því skyni. Einnig aðhylltist Þórður vatnsmeðferð, bæði innvortis og út-

vortis. Hins vegar hafði hann mestu ótrú á lyfjum og það var ekki fyrr en nýr yfirlæknir, Helgi Tómasson, kom til starfa 1932 að farið var að nota lyf markvisst í meðferð geðsjúkra. Spennitreyjur og ólar voru hluti af hælís- eða sjúkrahúslífi geðsjúks fólks og sellur og einangrunarklefar þóttu sjálfsagðir til að geyma órólega og hættulega sjúklinga en Helgi lét brenna allar spennitreyjur, belti og ólar sem notuð höfðu verið og var það algjört nýmæli í geðlækningum þess tíma (Óttar Guðmundsson, 2007).

Lyf sem gögnuðust að einhverju marki komu ekki til sögunnar fyrr en eftir miðbik 20. aldar. Segja má að með tilkomu þessara lyfja, þótt ekki hafi þau verið gallalaus þá fremur en nú, hafi orðið algjör þáttaskil í lífi fólks með geðsjúkdóma. Óttar Guðmundsson geðlæknir segir í bók sinni, *Kleppur í 100 ár*, að lyfið klórprómasín hafi verið sambærileg bylting í geðlæknisfræðinni og penisillín í smitsjúkdómafræðinni. Með tilkomu þess gátu sjúklingarnir farið að útskrifast af geðsjúkrahúsum og komist aftur út í samfélagið.

Framleiðsla geðlyfja á síðustu áratugum hefur farið slíka sigurför að myndast hefur mjög sterkur markaður. Bætt eftirlit og stórefldar rannsóknir á aukaverkunum og misnotkun geðlyfja hefur í kjölfarið leitt af sér gagnrýna umræðu um markaðsveldi lyfjaiðnaðarins (Steindór J. Erlingsson, 2011).

Viðhorf og fordómar

Þegar geðlækningum á 20. öld óx fiskur um hrygg þótti fullsannað að geðsjúkdómar væru af líkamlegum toga þótt lítið væri vitað um orsakir þeirra. Ýmiss konar góðsagnir um orsakir geðsjúkdóma voru þó lífseigar, til dæmis að þeir væru tilkomnir vegna siðlauss lífvernis eða að mæður gætu orsakað geðklofa sona sinna.

Margir áttu ekki afturkvæmt af geðsjúkrahúsum sem þangað innrituðust og sögur um það sem fram fór á þessum stofnunum voru um margt ógnvekjandi og minntu þær fremur á fangelsi en sjúkrahús. Almennigur óttaðist bæði stofnanirnar og það fólk sem þar vistaðist, sem ól á fordómum, ótta og skömm og íþyngdi bæði sjúklingunum sjálfum en einnig bitnaði þetta á aðstandendum, foreldrum, mökum og börnum geðsjúkra (Helga Thorberg, 1988; Óttar Guðmundsson, 2007; Styrmir Gunnarsson, 2011).

Á Íslandi urðu til orð eins og „kleppsvinna“, „klepptækur“ og „kleppari“ sem neikvæð hugtök í hugum almennings um heim sem var framandi og ógnvekjandi og um fólk sem var öðruvísi, ekki mark

á takandi og oft hættulegt. Fáir sjúklingar létu í sér heyra opinberlega og þeir sem það gerðu og t.d. gagnrýndu spítalann eða meðferðina þar voru oftast álitnir ómarktækir vegna veikindanna.

Geðverndarfélagi Íslands, sem var stofnað 1950, var ætlað að auka skilning á geðheilbrigði og eyða fordómum. Það var ekki fyrr en tæpum 30 árum síðar, árið 1979, að Geðhjálp, félag fólks með geðræn vandamál, aðstandenda þess og áhugafólks um geðheilbrigðismál, var stofnað. Tilgangur félagsins er að aðstoða geðfatlað fólk til fullrar þátttöku í samfélaginu, standa vörð um réttindi þess og fræða almenning um geðræna sjúkdóma (Friðrik Olgeirsson, 2011).

Það urðu einnig þáttaskil í íslensku samfélagi þegar sterkir einstaklingar komu fram opinberlega og sögðu frá veikindum sínum og baráttu við geðsjúkdóma. Einnig þegar aðstandendur hafa talað um sína reynslu, oft um baráttuna við kerfið og lítinn skilning samfélagsins. Þessar frásagnir slógu á þögg-unina og sögðu skömminni og fordómunum stríð á hendur. Þessar íslensku frásagnir eiga sér ekki langa sögu og færast þeirra eru til á rituðu máli en þeim mun mikilvægari eru þær sem geymast. Í bókinni *Minna – engin venjuleg mamma* lýkur Helga Thorberg frásögn móður sinnar eftir lát hennar og fléttar inn í hana sína eigin frásögn. Hún segir í formála: „Með sögu þinni vildir þú gefa öðrum von og kjark til að sigrast á eigin erfiðleikum. Þér tókst það, því þá ekki öðrum?“ (Helga Thorberg, 1988, bls. 5).

Bókin *Englar alheimsins* eftir Einar M. Guðmundsson (1993) sló í gegn, bæði hér á landi og víða erlendis, og um hana var gerð kvikmynd. Bókin er skrifuð sem skáldverk en þarna talar skáldið í orðastað bróður síns sem glímdi við geðsjúkdóm til æviloka, enda er bókin skrifuð í minningu hans. Í bókinni er að finna ótrúlega sterkar lýsingar á líðan söguhetjunnar og glímu hans við sjúkdóminn en ekki síður varnarleysi hans gagnvart stofnuninni og valdinu. Þær lýsingar geta átt við um stofnanir almennt, vald sem þar er að finna og oft er ósýnilegt öðrum en þeim sem fyrir því verða. Ein sögupersóna í bókinni bendir á að „Kleppur er víða“ (Einar M. Guðmundsson, 1993).

Þrátt fyrir stórstígar framfarir í meðferð geðsjúkdóma og að langflestir sem haldnir eru geðsjúkdómum lækni eða takist að halda sjúkdómnum í skefjum með lyfjum og öðrum aðferðum hefur þögg-unin, skömmin og fordómar gagnvart geðsjúkdómum hamlað bata einstaklinga og dregið úr lífsgæðum að-

standenda allt fram á þennan dag (Lára Björnsdóttir, Halldór Guðmundsson, Kristín Sigursveinsdóttir og Auður Axelsdóttir, 2011; Styrmir Gunnarsson, 2011).

„Hvers vegna að segja þessa sögu?“ spyr Styrmir Gunnarsson í formála bókar sinnar *Ómunatíð, saga um geðveiki* sem út kom 2011. Hann svarar spurningunni m.a. með vísan til orða höfundar skáldsögunnar *Ljósu* (Kristín Steinsdóttir, 2011) þar sem segir: „Þetta er saga um ömmuna sem aldrei var talað um.“ Bókin *Ómunatíð* er um geðveiki og þá miklu erfiðleika sem sjúkdómurinn leiðir af sér fyrir einstaklinginn og fjölskylduna alla. En þetta er líka bók um sigra, m.a. á þöggun, skömm og fordómum. Í eftirmála Huldu Dóru Styrmsdóttur segir: „En skammtilfinningin var raunveruleg. Það skipti litlu máli hversu vænt mér þótti um mömmu mína. Það var ekki fyrr en ég las bandaríska bók sem heitir *Mad in America* fyrir nokkrum árum að ég fór að átta mig á því að skammtilfinningin sem ég var búin að vera að burðast með í nær fjóra áratugi var ekki mín eða móður minnar heldur arfleifð samfélags sem vissi ekki betur.“ (Styrmir Gunnarsson, 2011, bls. 15 og 191–192).

Breyttir tímar og þróun þjónustu

Á síðustu áratugum 20. aldar urðu miklar samfélagsbreytingar víðs vegar á Vesturlöndum og íslenskt samfélag fór ekki varhluta af þeim. Stúdenta- og kvenfrelshreyfingar settu m.a. svip sinn á stjórn málin og hið opinbera líf en einnig einkalíf fólks. Ýmsar mannréttindahreyfingar minnihlutahópa fóru að gera sig gildandi eins og hagsmunasamtök fatlaðs fólks og samtök samkynhneigðra svo dæmi séu tekin. Þetta hafði mikil áhrif á viðtekin viðhorf og valda-stofnanir og krafan um rétt fólks til mannsæmandi lífs varð hávær. Fram kom hugtakið réttur til þjónustu og hvernig skortur á þjónustu gat haft hamlandi áhrif á líf og lífsgæði fólks, einkum kvenna, barna og þeirra sem höfðu veika stöðu í samfélaginu. Á Íslandi komu nýjar stéttir til sögunnar sem áður höfðu verið óþekktar, svo sem félagsráðgjafar, iðjuþjálfar og sálfræðingar. Margir höfðu hlotið menntun sína erlendis og fluttu með sér stefnur og strauma af vettvangi sínum. Á þessum áratugum samþykkti Alþingi ýmis lög sem renndu stöðum undir réttindi almennings. Þar má nefna lög um málefni fatlaðra 1983, lög um félagsþjónustu sveitarfélaga 1991, stjórnsýslulög 1993 og upplýsingalög 1996.

Þessar félagslegu og pólitísku hræringar teygðu

anga sína inn í félags- og geðheilbrigðiskerfið. Krafa um bætt og breytta þjónustu við fólk með geðsjúkdóma kom víða fram og aðstoða þyrfti fólk við að komast út í samfélagið eftir langar dvalir á sjúkrahúsum. En á sama tíma og fjöldi sjúkraráðgjafa urðu litlar úrbætur á samfélagslegri þjónustu við fólk með geðsjúkdóma. Rannsóknir sýndu skadleg áhrif langvarandi stofnanadvalar og þeir sem í hlut áttu gerðu sér líka grein fyrir þessum áhrifum. Minna Breiðfjörð segir: „Eftir 10–12 ár í slíku vernduðu umhverfi er búið að heilapvo þig þannig, að þú ert hættur að hugsa ...“ (Árni Johnsen, 1980).

Framsæknir einstaklingar og faghópar áttu frumkvæði að nýjum úrræðum fyrir einstaklinga sem ella hefðu ekki komist af geðsjúkráhusum. Á áttunda áratugnum hófst öflugt samstarf félagsráðgjafa á geðdeildum Landspítalans og félagsráðgjafa hjá Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar um rekstur á svokölluðum vernduðum heimilum eða áfangastöðum þar sem geðfatlaðir einstaklingar bjuggu saman eftir útskrift af geðdeild og fengu aðstoð og félagslegan stuðning félagsráðgjafa frá báðum stofnunum (Kristín Gyða Jónsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir, 2006).

Jafnframt var í auknum mæli bent á nauðsyn félagslegrar endurhæfingar og tóku félagsráðgjafar virkan þátt í þeirri umræðu og þróun félagslegra úrræða af margvíslegum toga. Þess má meðal annars sjá stað í ársriti Geðverndarfélagss Íslands árið 1985 þar sem félagsráðgjafar fjalla um þessa hugmyndafræði og úrræði (Anni G. Haugen, Dóra Júlíussen og Elín G. Snædal, 1985; Bjarney Kristjánsdóttir, 1985; Sigrún Júlíusdóttir, 1985; Sigurrós Sigurðardóttir, 1985).

Skortur á úrræðum fyrir geðfatlaða utan sjúkrahúsa bitnaði ekki bara á einstaklingunum sjálfum heldur einnig á fjölskyldum þeirra.

Tvívegis, árin 1991 og 2004, lét félagsmálaráðuneytið gera kannanir á aðstæðum geðfatlaðra. Niðurstaðan var sú sama í bæði skiptin, að þörf geðfatlaðs fólks fyrir húsnæði og aðra félagslega þjónustu væri gífurleg og að gera þyrfti átak til úrbóta og það gekk eftir (Félagsmálaráðuneytið, 2006; Margrét Margveirsdóttir, 2001).

Árin 2006–2010 veittu stjórnvöld til dæmis 1500 milljónum króna í svonefnt Straumhvarfaverkefni í þeim tilgangi að bæta „búsetuhagi og tilheyrandi stoðþjónustu“ fyrir 159 geðfatlaða einstaklinga sem þóttu verst settir á þeim tíma (Félagsmálaráðuneytið, 2006).

Þrátt fyrir góð áform stjórnvalda og ýmsar fram-

farir sýndi skýrsla sem Háskóli Íslands gerði fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið 2011 að staða fólks með geðræna erfiðleika virtist á ýmsan hátt verri en fólks með aðrar skerðingar. Það var líklegra til að upplifa fjárhagsörðugleika, fábreyttara félagslíf og mun líklegra til að hafa orðið fyrir ofbeldi (Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, 2011). Þessar alvarlegu niðurstöður eru í samræmi við erlendar rannsóknir á stöðu fólks með geðraskanir. Í skýrslu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) kemur fram að geðraskanir valdi sennilega um helmingi fatlana og ótímabærs dauða um allan heim (WHO, 2004). Á Íslandi fá nær 40% allra öryrkja örorkubætur vegna geðsjúkdóma (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011).

Enn er langmestu fjármagni og faglegum úrræðum til geðheilbrigðismála varið til að veita bráðaþjónustu inni á stofnunum og geðdeildum. Of lítið fjármagn fer í samfélagsþjónustu og eftirfylgd og of fáir valmöguleikar eru aðrir en bráðaþjónusta geðdeilda (WHO, 2011).

Valdefling – leið til bata og betra lífs

Við upphaf nýrrar aldar hlutu breyttar hugmyndir um geðsjúkdóma brautargengi, lýðræðisáhrifa nýrra tíma gætti og umræðan varð opnari um aðstæður þeirra sem glíma við geðsjúkdóma. Þetta gaf byr í seglin og von um betra líf fyrir þá sem glíma við geðsjúkdóma. Farið var að líta á málefni geðsjúkra út frá sjónarmiðum jafnaðar og mannréttindabaráttu eins og Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (2007) er góður vitnisburður um.

Í Helsinki-yfirlýsingunni frá 2005, sem var samþykkt á fundi heilbrigðisráðherra 52 Evrópuríkja, er lögð áhersla á að efla geðheilbrigðisþjónustu á öllum sviðum og stigum, m.a. að auka fræðslu til að draga úr fordómum, styrkja hagsmunasamtök fólks með geðraskanir, efla geðheilbrigðisþjónustu innan almennrar heilsugæslu, styrkja nærþjónustu og efla sjálfstæði og virka þátttöku í atvinnu, félags- og menningarlífi (Félagsmálaráðuneytið, 2006).

Nýir sprotar hafa einnig víða skotið rótum í samfélagslegri þjónustu og eftirfylgd eftir sjúkrahúsvist. Nefna má úrræði eins og Klúbbinn Geysi, Geðheilsu eftirfylgd, Hugarafli, Hlutverkasetur, geðteymi heimaþjónustu Reykjavíkurborgar, samfélagsgeðteymi Landspítala og ýmis verkefni á landsbyggðinni. Með þeim er leitast við að veita einstaklingum með geðraskanir aukinn stuðning utan stofnana og í nærumhverfi þeirra.

Í verkefni sem styrkt var af Norrænu ráðherra-

nefndinni árið 2009 var sjónum beint að þessum nýsköpunarverkefnum á Íslandi og öðrum svipuðum í Danmörku og Noregi (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011). Markmiðið með verkefninu var m.a. að skoða nýjungar og þróun í þjónustu og safna upplýsingum um hvort og þá hvernig hugmyndafræði valdeflingar væri notað í þjónustu við fólk með geðræna sjúkdóma. Helstu niðurstöður voru að mikla grósku og fjölbreytileika úrræða væri að finna í þessum úrræðum. Nýjum aðferðum af ýmsum toga er beitt og einnig er víðast lögð áhersla á valdeflingu. Verkefnin eru ólík innbyrðis en áhersla er á hugmyndafræði og aðferðir valdeflingar þótt ekki sé alltaf stuðst við ákveðnar eða sömu skilgreiningar. Niðurstöðurnar sýna að vaxandi áhersla er lögð á sjónarmið og þátttöku notenda í þjónustu og skipulagningu úrræða en hins vegar er aðkoma þeirra mismikil. Það vekur athygli hversu stefnumótun stjórnvalda er ólík milli landanna. Í verkefnum frá Danmörku og Noregi er vísað til opinberrar stefnumörkunar sem er rammri verkefna og fjárveitinga en mun síður á Íslandi þar sem verkefnin eru oftast háð frumkvöðlastarfsemi einstaklinga og hópa (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011).

Valdefling er þýðing á enska orðinu „empowerment“. Hugtakið hefur hlotið vaxandi athygli og verið í brennidepli innan velferðarþjónustunnar á síðustu árum. Oft er þó óljóst hvað felst í orðinu og fram hafa komið varnaðarorð um að hætta sé á því að orðið verði notað sem slagorð (Askheim og Starrin, 2010). Skilgreiningar á valdeflingu sem baráttukona fyrir réttindum fólks með geðsjúkdóma, Judi Chamberlin, setti fram 1997 eru bæði gagnlegar og skýrar, alls fimmtán talsins. Þar má nefna: Að hafa ákvörðunarvald, að hafa aðgang að upplýsingum, að eiga ýmissa kosta vöð, að rækta með sér ákveðni, að hrinda af stað breytingum í eigin lífi, að koma út úr skápnum, að finnast maður ekki vera einn, að styrkja jákvæða sjálfsmynd og sigrast á stimplun samfélagsins (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011).

Valdefling á sér m.a. rætur í starfi sjálfshjálparhópa og hagsmunahreyfinga þar sem lögð er áhersla á að fólk hafi val og nái stjórn á eigin lífi. „Jafningjar eru bestir til að leiða fólk til bata“, fullyrðir bandaríski geðlæknirinn Daniel Fisher sem þróað hefur sérstakt batalíkan sem byggist fyrst og fremst á þeirri trú að hægt sé að ná bata af alvarlegum geðröskunum (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011, bls. 10).

Valdefling sem hugtak hefur einnig þróast innan ýmissa fagstétta, svo sem félagsráðgjafar, iðjuþjálfunar og sálfræði, og verið notað í stefnumörkun í

velferðarmálum. Talið er að valdefling eigi sérstaklega vel við þegar um er að ræða skipulagningu og veitingu þjónustu við einstaklinga og hópa sem eru í veikri stöðu eða á jaðri samfélagsins. Hugarafl, hópur notenda innan Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, skilgreinir valdeflingu á þá leið að það sé „einstaklingsmiðað og batahvetjandi kerfi sem byggir á trú á bata, samvinnu starfsmanns og notanda sem byggð er á trausti, virðingu og heildrænni sýn“. Í rannsókn á upplifun notenda í Hugarafli kom fram að þátttaka þeirra færir þeim aukna sjálfsvirðingu og breytingu til hins betra í daglegu lífi (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011).

Skilaboð til notenda geðheilbrigðisþjónustunnar með aðferðum valdeflingar eru að viðkomandi sé að takast á við geðrænan vanda sem hafi áhrif á líf hans tímabundið og að besta leiðin til bata sé að hefjast handa við verkefni sem hafa þýðingu fyrir notandann. Ýmsar rannsóknarniðurstöður sýna jákvæð áhrif valdeflingar á sjálfsmynd einstaklingsins þar sem horft er til styrkleika fremur en sjúkdómsins. Einnig að gagnlegt sé fyrir bataferlið að taka þátt í ákvarðanatöku um meðferð sinna mála og fá tækifæri til að vinna með jafningjum (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011).

Umræða

Þegar fjallað er um aðstæður fólks með geðsjúkdóma á 21. öld er mikilvægt að hafa arfleifð sögunnar í huga því enn eimir eftir af aldagömlum fordómum, ótta og skömm sem fólk, sem glímt hefur við geðsjúkdóma, og aðstandendur þess hafa alla tíð þurft að þola í ofanálæg við sjálfan sjúkdóminn. Allt fram á 20. öld bjuggu geðsjúkir á Íslandi við illan kost, harðræði og útskúfun úr samfélagi manna. Eftir tilkomu geðsjúkrahúss í byrjun 20. aldar bauðst þeim mannúðlegri atlæti en varla var hægt að tala um lækningar fyrr en nothæf lyf komu til sögunnar. Það var ekki fyrr en á síðustu áratugum aldarinnar að farið var að huga að félagslegum réttindum geðsjúkra og öðrum lausnum í bataskyni en langtímadvöl á geðsjúkrahúsi.

Eftir fremsta megni reyndu flestar fjölskyldur lengst af að leyna því að ættingjar þeirra liðu af geðsjúkdómi enda urðu margir fyrir fordómum og umtali sem reyndist sársaukafullt í litlu samfélagi. Hver vildi vera kallaður „kleppari“ eða þola slíkt umtal um sína nánustu? Eftir að fólk sem sjálft hefur glímt við geðsjúkdóma fór að tala sínu máli og annarra í svip-

aðri stöðu hefur það verið sá dropi sem holar steininn gegn þöggun og skömm.

Einnig hafa alþjóðlegar stofnanir og mannréttindasamtök lagt sitt af mörkum til að halda mannréttindum fólks með geðsjúkdóma og geðfatlaðra á lofti. Ísland á aðild að slíkum alþjóðlegum stofnunum og hefur skrifað undir slíka mannréttindasáttmála, svo sem Helsinki-yfirlýsinguna 2005 og Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks 2007.

Þrátt fyrir slíkar framfarir, góðan vilja og viðleitni stjórnvalda til umbóta í málefnum fólks með geðraskanir er þróunin of hægfara. Enn er mestum fjármunum varið til bráðþjónustu fremur en samfélagslegra úrbóta og nýrra lausna utan stofnana. Efnahagsþrengingar síðustu ára hafa óhjákvæmilega komið niður á málaflöknum og því má leiða líkur að því að minna svigrúm hafi verið fyrir úrbætur og framþróun í þjónustu við fólk með geðsjúkdóma en ella hefði verið.

Frumkvöðlar um breytta og bætta geðheilbrigðisþjónustu hafa þó riðið á vaðið og sett á laggirnar verkefni þar sem unnið er samkvæmt hugmyndafræði um valdeflingu með því að auka þátttöku notenda og nýta jafningjafraeðslu (Lára Björnsdóttir o.fl., 2011). Í samanburði á slíkum verkefnum frá Íslandi, Danmörku og Noregi kemur í ljós að íslensku verkefni eru mun síður en hin unnin á grundvelli opinberrar stefnumótunar. Það bendir til þess að þau standi ekki á eins styrkum stöðum þar sem þau eru fyrst og fremst byggð á frumkvöðlastarfsemi einstaklinga og hópa. Valdefling í vinnu með fólki með geðsjúkdóma þarf að endurspeglast í stefnumótun stjórnvalda, tryggja þarf fjármagn til slíkra verkefna, þar með talið þróunar og rannsóknna, í samvinnu við notendur þjónustunnar.

Heimildir

- Anni G. Haugen, Dóra Júlíussen og Elín G. Snædal. (1985). Áfangastaðir- Mat á starfsemi. Þemahefti um félagslega endurhæfingu. *Geðvernd*, 18(7), 11-18.
- Askheim, O.P. og Starrin, B. (ritstj.) (2010). *Empowerment i teori og praksis*. Oslo: Gyldendal.
- Bjarney Kristjánsdóttir. (1985). Dagdeildir. Þemahefti um félagslega endurhæfingu. *Geðvernd*, 18(7), 23-25.
- Árni Johnsen. (1980). Alla langar til að kíkja út í heiminn [Viðtal við Guðfinnu Breiðfjörð]. *Morgunblaðið*, 7. desember.
- Einar Már Guðmundsson. (1993). *Englar alheimsins*. Reykjavík: Mál og menning.
- Félagsmálaráðuneytið. (2006). *Þjónusta við fatlað fólk*. Áfangaskýrsla. Sótt 4. mars 2013 á http://www.velferdaraduneyti.is/media/acrobat-skjol/Thjonusta_gedfatladir.pdf.

- Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. (2011). *Flutningur þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga: Kortlagning á stöðu þjónustunnar*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Friðrik G. Olgeirsson. (2011). *Eitt samfélag fyrir alla: Saga Öryrkjabandalags Íslands 1961–2011*. Reykjavík. Öryrkjabandalag Íslands.
- Gísli Ágúst Gunnlaugsson. (1997). *Saga og samfélag*. Reykjavík: Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands og Sögufélag.
- Grágás: *Lagasafn íslenska þjóðveldisins*. (1997). Reykjavík. Mál og menning.
- Helga Thorberg. (1988). *Minna – engin venjuleg mamma*. Reykjavík: Ísafold.
- Kristín Gyða Jónsdóttir og Sigurrós Sigurðardóttir. (2006). Búseta geðfatlaðra. Í Sigrún Júlíusdóttir og Halldór S. Guðmundsson (ritstj.), *Heilbrigði og heildarsýn* (bls. 187–198). Reykjavík: Háskólaútgáfan og Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Kristín Steinsdóttir. (2011). *Ljósa*. Reykjavík: Vaka Helgafell.
- Lára Björnsdóttir, Halldór S. Sigurðsson, Kristín Sigur Sveinsdóttir og Auður Axelsdóttir. (2011). *Ný sjónarhorn og leiðir til battrar geðheilsu*. Reykjavík: Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd.
- Margrét Margeirsdóttir. (2001). *Fötun og samfélag*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Óttar Guðmundsson. (2007). *Kleppur í 100 ár*. Reykjavík: JPV-útgáfa.
- Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks*. (2007). Sótt 4. mars 2013 á <http://www.velferdarraduneyti.is/malaflokkar/fatladra/utgefnd-efni/>.
- Sigrún Júlíusdóttir. (1985). Um félagslega endurhæfingu. Þemahefti um félagslega endurhæfingu. *Geðvernd*, 18(7), 6-7.
- Sigurrós Sigurðardóttir. (1985). Starfsþjálfun og atvinnu-mál. Þemahefti um félagslega endurhæfingu. *Geðvernd*, 18(7), 18-23.
- Steindór J. Erlingsson. (2011). Glímur geðlæknisfræðin við hugmyndafræðilega kreppu? Um vísindi og hagsmuni. *Tímarit félagsráðgjafa*, 5(1), 5–15.
- Styrmir Gunnarsson. (2011). *Ómunatíð*. Reykjavík: Veröld.
- WHO – World Health Organization. (2004). *Preventions of mental disorders: Effective interventions and policy options*. Summary Report. Sótt 4. mars 2013 á http://www.who.int/mental_health/evidence/en/prevention_of_mental_disorders_sr.pdf.
- WHO – World Health Organization. (2011). *Mental health Atlas 2011*. Sótt 4. mars 2013 á http://whqlibdoc.who.int/publications/2011/9799241564359_eng.pdf.

Hvernig bregðast félagsráðgjafar við vaxandi áhuga fjölmiðla og samfélagsmiðla á störfum þeirra og viðfangsefnum?

Að ræða þarft eða þegja – þar er efinn

Pröstur Haraldsson



Pröstur
Haraldsson,
bládamður

Hver kannast ekki við að í fjölmiðlum upphéfst hávær umfjöllun um vandkvæði einhverra skjólstæðinga félagsþjónustu, barnaverndar eða heilbrigðiskerfis – en fulltrúar þessara stofnana þegja þunnu hljóði og leggja ekkert til málanna? Þegar slíkt fær upphéfst gleymist að heita má alltaf að spyrja: Hvernig líður fagfólkinu sem fæst við málin?

Það má ekki tjá sig af tillitssemi og hollustu við skjólstæðinga sína og vegna þess að það er bundið þagnarskyldu um málefni þeirra og af siðareglum fagfélags síns. Hvað er starfsfólkið að hugsa?

Málin sem hér um ræðir eru af ýmsum toga. Stundum hafa foreldrar sem eiga í forsjárdeilu vegna barna sinna samband við fjölmiðla, í öðrum tilvikum eru það foreldrar sem hafa verið sviptir forræði yfir börnum sínum af einhverjum orsökum, en það getur líka verið um að ræða fólk sem finnst það eiga harma að hefna vegna þess sem það álitur vera mistök í heilbrigðis- og félagsþjónustu. Flest eiga málin það sameiginlegt að fjölmiðlarnir birta einungis sjónarmið annars aðila deilunnar, hinn er þögull.

Þar liggur vandi fjölmiðlanna. Þeir sem starfa við barnavernd, aðra félagsþjónustu eða heilbrigðisþjónustu eru bundnir trúnaði og geta ekki tjáð sig opinberlega um málefni einstakra skjólstæðinga sinna. Þar með er fjölmiðlum gert ókleift að birta báðar eða allar hliðar málsins eins og þeim ber þó að leitast við að gera. En margir fjölmiðlar falla í freistni því að svona mál eru vinsælt efni. Það er á norrænum málum stundum kallað „social pornografi“ sem þýða má sem félagslegt klám eða afskræming. Hlutir eru rifnir úr sambengi, kjamsað á ógæfu folks og hún gerð að söluvöru.

Svo hefur tölvuvæðingin og tilkoma samfélagsmiðla aukið á vandann. Segja má að Gróa á Leiti hafi

verið nógu slæm hér áður fyrr en nú þegar hún hefur tölvuvæðst er hún hálfu skæðari. Þess eru dæmi að starfsfólk sem vinnur að barnaverndarmálum sé nafngreint og jafnvel birtar af því myndir á Netinu. Að sjálfsögðu er fréttaflutningur af þessu tagi lítið skárri, oftast mun verri en sá sem ratar í hina opinberu fjölmiðla.

En hvað getur fagfólk tekið til bragðs til að snúa ofan af þessari þróun? Er ráðlegt fyrir það að taka til máls og svara þeim fjölmiðlum sem kjósa að birta einhliða fréttir af viðkvæmum málum? Tímaritið leitaði til þriggja félagsráðgjafa og lagði fyrir þá nokkrar spurningar um þessi mál. Viðmælendur okkar eru **Guðrún Marinósdóttir** deildarstjóri meðferðardeildar hjá Barnavernd Reykjavíkur, **Páll Ólafsson** sviðsstjóri ráðgjafar- og fræðsluviðs Barnaverndarstofu og **Guðlaug M. Júlíusdóttir** verkefnastjóri félagsráðgjafar á Barna- og unglingageðdeild Landspítalans og Barnaspítala Hringingsins.

Pung mál og miklar tilfinningar

Hvernig líður félagsráðgjöfum þegar mál sem þeir starfa við á sínum faglega vettvangi eru skyndilega orðin fjölmiðlaefni?

Guðrún: Það getur haft nokkuð víðtæk áhrif. Þessi mál geta verið gríðarlega þung og þó maður reyni að leysa úr þeim á faglegan hátt þá eru oft miklar tilfinningar í þeim sem ekki er hægt að hunsa. Iðulega verðum við að taka ákvarðanir sem eru erfðar fyrir þær fjölskyldur sem hlut eiga að máli og þær eru ekki síður erfðar fyrir okkur sem að málunum vinnum. Því getur svo fylgt umtalsvert aukaálág þegar sleggjudómar í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum bætast ofan á. Þá er oft snúið að geta ekki rætt málin opinberlega. Oft lendir maður líka í samræðum um svona mál úti í samfélaginu og verður þá dálítið út undan – í undarlegri stöðu – því maður má ekkert segja.

Því er stundum haldið fram að þegar einhver aðili máls fari í fjölmiðla sé hann þar með búinn

að opna málið og aflétta trúnaði. En þá vaknar sú siðferðisspurning hjá okkur félagsráðgjöfum hvort við viljum munnhöggvast við fólk í fjölmiðlum um börn sem eiga hlut að máli og geta ekki varið sig. Barnið á málið og við erum málsvarar þess. Auðvitað erum við líka málsvarar fjölskyldunnar og reynum að styðja hana. Stundum tekst ekki að halda henni saman og þá erum við málsvarar barnsins, það er skjólstæðingur okkar. Við tökum yfirleitt þann kost að segja minna, enda eru sjaldnast miklir almanna-hagsmunir í húfi. Flest þessara mála eru flóknir fjöl-skylduharmleikir.

Guðlaug: Hvernig okkur líður? Við erum mann-
eskjur og þegar mál fara í fjölmiðla reynum við að beina athygli okkar að þörfum barnsins og vernda það fyrir fjölmiðlaumræðunni. Um hríð stundaði DV það að taka ljósmyndir af börnum með foreldrum sínum þar sem hægt var að þekkja þau. Með þessu var verið að skerða rétt barnsins til einkalífs og persónuverndar. Sem betur fer hefur dregið úr þessu og einkalíf barnsins hefur fengið meira vægi.

Við teljum okkur vinna starf okkar af kostgæfni og að við þurfum sjaldnast að verja það fyrir utanaðkomandi gagnrýni. Við erum oft að fást við þung og snúin mál þar sem við reynum að virða meðalhóf, jafnræði og andmælarétt. Séu foreldrar engu að síður ósáttir við niðurstöðuna bendum við þeim á að leita til landlæknis eða ráðuneytis og vissulega hafa þeir rétt á að tala við fjölmiðla, kjósi þeir það. Því miður snúast þessi mál oft um færni fólks til að gegna foreldrahlutverkinu og margir eru í eilífri leit að skotmörkum sér til varnar í stað þess að horfa inn á við.

Páll: Starfsfólk barnaverndar vinnur undir miklu álagi, það telur þyngd mála hafa aukist og að þau séu flóknari. Starfsfólkið upplifir að heimurinn sé orðinn harðari hvað viðkemur samstarfi, trausti og tiltrú almennings á barnaverndarstarfinu. Okkur sem störfum að barnavernd hefur stundum fundist dálítið undarleg öll þessi umræða um álag á heilbrigðisstarfsfólki sem vissulega hefur staðið í ströngu og ekki hefur það batnað eftir hrún. Svona ástand hefur ríkt í barnaverndinni frá því hún varð til í þeirri mynd sem við þekkjum hana. Álagið er alltaf í toppi og hver starfsmaður er með alltof mörg mál. Þau þarf að vinna á alltof skömmum tíma og aðgangur að úrræðum sem önnur kerfi eiga að standa að er oft takmarkaður, svo sem fyrir börn með geðræna erfiðleika og miklar fatlanir. Það er ekki gott að fólk liggi á göngum Landspítalans og bíði eftir plássi, en það er verra að börn bíði á göngum

barnaverndarinnar eftir að komast á rétta staði til að fá þjónustu við hæfi.

Þess vegna er það náttúrlega grafalvarlegt þegar fjölmiðlar blása upp mál sem síðan er rangtúlkað, teygt og togað í netheimum og veldur því að fólk missir trú á aðstoð frá fagfólki barnaverndar. Þetta verður til þess að erfiðara er fyrir félagsráðgjafa að ná trausti foreldra og barna sem þurfa á þjónustu barnaverndar að halda.

Svörin heyrast ekki

En geta starfsmenn ekki tjáð sig um mál með einhverjum hætti? Jú, þau eru sammála um að svo sé, en að það beri oft lítinn árangur.

Guðrún: Ég hef tekið þátt í að skrifa í blöð um það hvernig málin ganga fyrir sig almennt. Þá reynir maður að leiða almenningi fyrir sjónir með fræðslu um það hvernig málin eru unnin og hvað þurfi að liggja til grundvallar tilteknum ákvörðunum. Gallinn við þetta er að slíkar greinar vekja ekki þá athygli sem æskilegt væri því að fólk virðist oft hafa mestan áhuga á einhverju „safaríku“ sem jafnvel jaðrar við slúður.

Páll: Félagsráðgjafar geta beint upplýsingum til viðkomandi fréttamanna eða yfirmanna þeirra ef um rangfærslur er að ræða í fjölmiðlum og eiga að gera það í mun meira mæli en raunin er. Það er alltaf hægt að tjá sig almennt um mál, málsmeðferð, leiðréttá misskilning eins og þegar fólk ruglar saman aðför sýslumanns og aðgerðum barnaverndar. Við þurfum að láta vita hver beri ábyrgð á forsjármálum og hvernær mál eigi að fara dómstólaleiðina svo dæmi séu tekin.

Njótum ekki verndar

Þeim verður öllum tíðrætt um samfélagsmiðlana sem oftast nær eru mun verri viðureignar en opinberu fjölmiðlarnir.

Páll: Umræðan „gegn“ eða „til höfuðs“ barnaverndinni hefur færst í æ meiri mæli yfir á síður netheimanna. Á hinum ýmsu heimasíðum skrifar fólk hluti sem eru þess eðlis að það er eins og það gildi um þau skrif einhver önnur lög eða siðareglur en í öðrum fjölmiðlum. Í kjölfar fjölmiðlaumfjöllunar falla svo oft miður falleg ummæli í athugasemdakerfi þessara síðna. Einnig hefur tiltekin útvarpsstöð tekið sérstaklega fyrir störf barnaverndarstarfsfólks, þar er jafnvel talað við mjög veikt fólk og eynd þess beinlínis notuð á siðlausan hátt. Við þessa umfjöllun er erfitt að eiga og lítill vilji hjá fjölmiðlum til að leiðréttá rangfærslur.



Guðrún: Í nýlegu máli barna sem flutt voru gegn vilja móður þeirra til annars lands var reynt að benda á að þar væri ekki við barnaverndaryfirvöld að sakast því að málið var á forræði dómskerfisins. En það var lítið hlustað á það, umræðan breyttist ekkert og það var áfram farið niður á Barnaverndarstofu og ráðist að Braga Guðbrandssyni forstjóra. Það virðist ekki þýða mikið að láta í sér heyra og það fælir fagfólk frá því að taka til máls. Fólk kærir sig ekki um að stíga fram og munnhöggvast við fjölmiðla.

Guðlaug segist hafa borið það undir lögfræðinga Landspítalans hvort ekki sé hægt að grípa til varna gegn samfélagsmiðlunum, ekki síst þegar einstakir starfsmenn spítalans eru nafngreindir og sakaðir um að vera ófaglegir eða að hafa gerst brotlegir í starfi. „Þeir segja að við njótum engrar verndar gagnvart slíku. Það þurfi hreinlega að hóta okkur ofbeldi til þess að hægt sé að bregðast við á formlegan hátt,“ segir Guðlaug.

Ábyrgð fjölmiðla, hver er hún?

Guðlaug segist hafa aðrar áhyggjur af fjölmiðlunum.

„Ég hef spurt mig að því hver sé ábyrgð fjölmiðla á því að bera þetta á borð. Við þekkjum til mála erlendis þar sem fjölmiðlabann hefur verið sett á umfjöllun mála af þessu tagi meðan á málarekstri stóð. Eru einhverjir möguleikar á að stöðva umfjöllun hér á landi meðan mál eru í vinnslu? Ég veit ekki til þess, en það þyrftu að vera slík ákvæði í lögum. Þetta snýst um það að við virðum Barnasáttmálann og rétt barna til þess að dragast ekki inn í málflutning af þessu tagi. Hver er málsvari barnanna í þeim aðstæðum? Eru fjölmiðlar ekki hluti af samfélagi sem vill vernda börn? Þetta truflar mig meira en það hvort við fagfólkið getum svarað fyrir okkur og það sem við gerum.“

Þegar kastljós fjölmiðla beinast að erfiðleikum barna, hvort sem um er að ræða forsármál, slys eða sjúkdóma, er þess oft ekki gætt að fyrir framan viðtækin sitja börn sem þekkja til eða eru jafnvel fórnarlömb í slíkum málum. Hvaða áhrif hefur slík umfjöllun á þau?

Guðlaug segir að hún hafi tvímælalaust áhrif á börn og oft meiri en margan grunar. „Sem dæmi má nefna að umfjöllun um óábyrga meðferð á lyfjum við ofvirkni hefur áhrif á börn sem sjálf neyta slíkra lyfja að læknisráði. Þau taka þetta beint til sín. Á þessum aldri eru börn sjálfmiðuð og hafa ekki þroska til að skilja að þarna er verið að fjalla almennt um þessa iðju en ekki þau persónulega. Sá hópur barna sem orðið hefur fyrir

kynferðislegri misnotkun tekur einnig umræðu um slíkt oft á tíðum beint inn á sig.“

Vantar fjölmiðlafulltrúa?

Þegar spurt er hvað fagfólk einsog félagsráðgjafar geri til að standa undir álaginu sem fjölmiðlaumfjöllunin veldur nefna þau öll handleiðsluna sem starfsmenn eiga rétt á að njóta og gerð er krafa um að þeir notfæri sér. Einnig leiti fólk til starfsfélaga eftir stuðningi. En þau taka öll undir að það þyrfti að vera til einhver aðili, eins konar umboðsmaður, sem svarar fyrir fagfólk sem ekki getur varið sig sjálft vegna eðli máls.

Guðrún: Já, mér finnst það alveg koma til greina, ekki síst í ljósi þess hve öflugir miðlarnir eru orðnir. Ef við segjum sem svo að ég væri að fást við mál sem væri áberandi í fjölmiðlum gæti þannig aðili komið til mín og spurt mig hvað væri best að hann segði. Það getur enginn annar svarað fyrir málið en sá sem er að vinna í því, en hann er kannski ekki sá besti til að koma fram út á við og stundum er það beinlínis óviðeigandi og andstætt siðareglum.

Það er erfitt fyrir fagmann að vinna úr þeim tilfinningum sem málin vekja. Starfsmaður er alltaf fagmaður en um leið og hann kemur fram í blöðum með nafni og mynd þá fer persóna hans að hafa meira vægi. Þetta er hál lína sem getur verið erfitt að halda sig á og auðvelt að misstíga sig. Svo eru bara flestir það störfum hlaðnir að þeir treysta sér ekki til að bæta á sig þeirri vinnu sem svona lagað útheimtir.

Það er búið að stofna fagdeild barnaverndar í Félagsráðgjafafélagi Íslands sem hefur beitt sér fyrir því að skrifa greinar. En í þeim hraða sem nú ríkir í fjölmiðlum þyrfti að vera einhver fjölmiðlafulltrúi sem myndi þá leita til viðkomandi starfsmanns sem sérfræðings um hans sýn á málið. Svo mætti hugsa sér að stofnanirnar sem slíkar geti stigið betur fram í nafni síns umboðs og svarað pólitískum spurningum. Miðlunin hefur aukist og umræðan sömuleiðis, landslagið er breytt svo við þurfum að huga að breytingum líka.

Páll: Vegna þess álags sem ríkir í starfinu er enn mikilvægara að þeir sem standa að barnavernd og yfirstofnanir þeirra styðji við barnaverndarstarf og þá sem vinna við hana. Þess vegna þykir starfsfólki barnaverndar það mjög erfitt að yfirmenn þeirra, stéttarfélag, fagdeildir eða samstarfsaðilar þegi þunnu hljóði, þegar óhróðurinn er sem mestur gegn fólki sem er að vinna vinnuna sína, og bera fyrir sig trúnaði. Þegar verst lætur getur þetta valdið því að samstaðan og andinn í vinnuhópnum, sem eru þau

bjargráð sem hafa fleytt starfsfólkinu áfram, versnar og þá er ekki von á góðu. Þess má geta að samkvæmt niðurstöðum könnunar á kulnunareinkennum meðal félagsráðgjafa, sem gerð var nýlega, kom í ljós að 30% þeirra sýndu einkenni kulnunar sem er grafalvarlegt, og þarf vissulega að skoða nánar.

Svo mörg voru orð þeirra Guðrúnar, Páls og Guðlaugar og kannski ekki miklu við þau að bæta. Guðlaug varpaði fram þeirri spurningu hvort ekki þyrfti að setja í lög heimildir dómstóla til að stöðva umfjöllun fjölmiðla um barnaverndarmál meðan á mála- rekstri stæði. Það verður tæplega gert á næstunni því að engin slík ákvæði er að finna í lögum um fjölmiðla,

hvorki þeim sem sett voru 2011 né þeim breytingum sem eru til umfjöllunar í Alþingi en náðu ekki að verða að lögum fyrir þinglok vorið 2013.

Félagsráðgjafar hafa nokkurt hald í siðareglum sínum sem segja þeim að hlýða samvisku sinni og sannfæringu. Þar segir enn fremur í 3. grein: „Félagsráðgjafi gætir trúnaðar um þau mál sem hann verður áskynja í starfi sínu. Undantekningu frá þagnarskyldu má einungis gera samkvæmt lagaboði eða af brýnni nauðsyn.“ Á hinn bóginn segir í 16. grein að þeim sé bæði frjálst og skylt að miðla þekkingu sinni sem víðast og til alls almennings. Það er því ekkert sem stöðvar þá í að ræða málin opinberlega, svo lengi sem trúnaður er haldinn við skjólstæðinga.

Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjúp tengsl

Höfundur: Valgerður Halldórsdóttir
Vaka-Helgafell. Reykjavík. 2012
225 bls. ISBN 978-9979-2-2198-2



Bókin *Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjúp tengsl*, eftir Valgerði Halldórsdóttur, kennara og félagsráðgjafa, MA, fjallar um tengsl og aðstæður í hinni margbreytilegu fjölskyldu í samfélagi nútímans þar sem skilnaður hjóna og para ásamt myndun stjúp- fjölskyldna er orðinn algengur viðburður. Það er fagnaðarefni að út skuli vera komin bók um

íslenskan veruleika á þessu sviði. Margt hefur gerst síðustu áratugi hvað varðar söfnun fróðleiks um stjúp- tengsl og stjúp fjölskyldur á Íslandi með rannsóknum og skrifum af ýmsu tagi. Engu að síður er hér um tímamótaverk að ræða. Bókin er hvort tveggja í senn, hugsuð fyrir almenning ásamt því að nýtast fagaðilum og öðrum sem að málefnum fjölskyldna koma.

Formála að bókinni skrifar dr. Sigrún Júlíusdóttir, félagsráðgjafi og prófessor við Háskóla Íslands. Þar rekur hún á greinargóðan hátt þá þróun og þann breytileika sem átt hefur sér stað hjá fjölskyldunum í landinu, þróun sem tekur á sig margvísleg birtingar- form og skapar ótal fjölskyldumynstur.

Bók Valgerðar er byggð á faglegri þekkingu höf- undar ásamt tiltækum rannsóknum og klínískri vinnu

en síðast en ekki síst nýtir höfundur sína eigin persónulegu reynslu í skrifum sínum sem gerir verkið í heild bæði trúverðugt og hagnýtt.

Bókin skiptist í tíu kafla. Í hverjum þeirra eru teknir fyrir ákveðnir þættir og þemu sem tengjast daglegum veruleika stjúp fjölskyldunnar. Í fyrsta kafla bókarinnar er t.d. byrjað á því að fjalla um skilgrein- ingar, þ.e. hvernig stjúp fjölskyldan skilgreinir sig og hvernig hún er skilgreind í samfélaginu. Höfundur notar hugtakið stjúpblindu í því sambandi. Fjallað er um þær margvíslegu breytingar sem eiga sér stað þegar stjúp tengsl myndast. Í öðrum kafla talar höfundur um að fjölskyldan sé eins og órói og á þá við að allar breyt- ingar hafi einkum áhrif í fyrstu. Jafnframt er fjallað um þær breytingar sem verða á hlutverkum, ábyrgð og efnahagslegri stöðu. Þannig býður hver kafla upp á tiltekin viðfangsefni sem öll tengjast myndun stjúp- fjölskyldna og þeirri þróun sem átt getur sér stað þegar fram líða stundir.

Í byrjun hvers kafla eru sett fram atriði í spurnar- formi sem fá sína umfjöllun í kaflanum. Undantekning frá þessu er síðasti kaflinn sem er stutt hugleiðing um há- tíðir og gjafir í stjúp fjölskyldum. Hver kafla endar síðan á íhugunarpunktum sem eru eins konar niðurstaða um- fjöllunarinnar og eru vel til þess fallnir að vekja vanga- veltur og umræður um hina ýmsu þætti. Þessi fram- setning gefur möguleika á því fletta upp á ákveðnum viðfangsefnum sem fólki eru hugleikin hverju sinni.

Ef foreldrar, sem ekki búa saman, vilja t.d. bæta for- eldrasamvinnuna er hentugt að lesa þriðja kafla bókar- innar og velta síðan fyrir sér íhugunarpunktunum. Þar er fjallað um tengsl foreldranna, hvort þau snúist fyrst og fremst um velferð barnanna eða séu e.t.v. of náin eða einkennist af illdeilum.

Það er reynsla undirritaðrar að margir stjúpor-eldrar séu óöruggir í hlutverki sínu og oft í miklum vafa um hvernig þeir eigi að skapa sér sess í fjölskyldunni án þess að sæta erfiðri gagnrýni. Þessu gerir höfundur góð skil.

Fimmti kaflinn fjallar um systkinatengsl í stjúpfjölskyldum. Oft verður nánast bylting í lífi barna þegar þau eignast stjúpsystkini. Aldursröðin getur breyst mikið og sömuleiðis verkefni og skyldur barnanna í fjölskyldunni.

Óraunhæfar hugmyndir eru viðfangsefni sjöunda kafla. Þetta er sérstaklega mikilvægt atriði í ljósi þess að sambönd standa oft og falla með því hversu raunhæfar eða óraunhæfar væntingar og hugmyndir fólk hefur þegar verið er að byggja upp stjúptengsl.

Á þennan hátt getur lesandinn sótt sér fræðslu við hæfi og eftir þörfum því að viðfangsefnin eru sannarlega margvísleg í köflunum tíu. Boðskapur bókarinnar getur að álitu undirritaðrar falist í því að fólk eigi að flýta sér hægt þegar verið er að skapa nýjar aðstæður í fjölskyldum. Of mikill flýttir, hvort sem um er að ræða að kynna börn fyrir nýjum stjúpforeldrum eða að fara of fljótt í nýja sambúð, getur aukið líkur á nýjum skilnaði.

Höfundur kynnir til sögunnar ýmsar persónur sem hver leikur sitt hlutverk. Inn í það fléttast lýsingar á því hvernig mynstur og tengsl breytast eftir skilnað og hvernig ný tengsl myndast þegar fólk eignast nýja maka og stjúpbörn. Lýst er hversu flókin veröldin getur orðið börnum við slíkar aðstæður. Ég hefði gjarnan viljað sjá fleiri myndir (*genogram*) af fjölskyldunum líkt og höfundur dregur upp í þriðja kafla (bls. 67) og í fjórða kafla (bls. 88) því að stundum reyndist snúið að átta sig fyllilega á hvaða fjölskyldu er verið að fjalla um hverju sinni. Engu að síður er umfjöllunin í heild afar fróðleg og lýsir vel hvernig fjölskylduformið getur tekið á sig nánast óteljandi myndir í kjölfar þess að fólk skilur, stundum í annað eða jafnvel þriðja sinn. Það er ekki lítið verk að þurfa að takast á við það þúsluspil að allir fái notið sín í samsettum fjölskyldum. Greinilegt er að höfundur hefur yfirgripsmikla þekkingu á því sem fjallað er um.


Uppsetning verksins er skýr. Mikil vinna hefur verið lögð í atriða- og heimildaskrá. Gefur það verkinu meira vægi hvernig rannsóknir og skrif annarra höfundar á þessu sviði eru nýttar til að undirstrika hinn hversdagslega veruleika stjúpfjölskyldunnar.

Málfar er til fyrirmyndar og sömuleiðis allur frágangur. Óhætt er að mæla með bók Valgerðar, bæði fyrir leikmenn og lærða.

*Rannveig Guðmundsdóttir,
félagsráðgjafi Msc og fjölskylduþerapisti*

Talaðu við mig

Leiðbeiningar um samtöl barnaverndarstarfsmanna við börn



Kennsluheftið *Talaðu við mig! Leiðbeiningar um samtöl barnaverndarstarfsmanna við börn* og meðfylgjandi leikin DVD-mynd var gefið út af Barnaverndarstofu árið 2010 en efnið varð til að frumkvæði Barna- og jafnréttisráðuneytisins í Noregi sem veitti Barnaverndarstofu góðfúslegt leyfi til að þýða efnið á íslensku. Karl Marinósson félagsráðgjafi þýddi kennsluheftið og Matthías Kristiansen þýddi texta við DVD-myndina. Efnið er byggt á kenningum Haldors Övreeide en bók hans, *Samtöl við barn*, var endurútgefin árið 2009.

Myndin og kennsluheftið gagnast þeim sem hafa það að starfi að tala við börn, en efnið er sérstaklega ætlað barnaverndarstarfsmönnum. Efnið er jafnframt kjörið til kennslu í viðtalstækni fyrir nemendur á félags-, heilbrigðis- og uppeldissviði háskóla. Í leikinni mynd hittum við fyrir systurnar Matthildi og Benediktu í þann mund sem barnaverndarstarfsmenn grípa inn í líf fjölskyldunnar. Þar fylgjumst við með því hvernig starfsmenn barnaverndar koma á heimilið ásamt lögreglu, vista þær utan heimilis og hvernig þeim er síðan fylgt eftir með samtölum. Kennsluheftinu er ætlað að gefa fólk innisýn í það hvernig gera má betur þegar talað er við börn og unglínga. Fjallað er um rétt barna og ungmenna til þátttöku þar sem lögð er áhersla á samtalið sem mikilvægustu forsendu þess að skilja hvað aðrir upplifa og meina. Farið er yfir muninn á barnasjónarmiði og sjónarmiði barnsins og mismunandi gerðir samtala. Bent er á mikilvægi þess að hlusta þannig að barnið tali og að tala þannig að barnið hlusti og hvernig samtalið hjálpar barninu til þroska. Tekin eru dæmi um það hvernig sá fullorðni getur bætt við einhverju nýju, svo sem upplýsandi athugasemdum, orðum og lýsingum sem taka undir reynslu barnsins á nýjan máta sem verður til þess að barnið sér nýtt samhengi. Farið er yfir það hvernig hinn fullorðni fylgir takti barnsins en tekur jafnframt skýra stjórn. Þá eru nokkrar ráðleggingar um framvindu samtals, svo sem undirbúningur, hver á að vera með í samtalinu og hin mismunandi stig samtalsins. Myndina og kennsluheftið má nálgast á Barnaverndarstofu.

Steinunn Bergmann félagsráðgjafi, MPA

Þróun velferðarinnar 1988–2008

Ritstjórar: Guðný Björk Eydal og Stefán Ólafsson
Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. Reykjavík. 2012
369 bls. ISBN 978-9935-424-15-0

Bókarumfjöllun



Bókin *Þróun velferðarinnar 1988–2008* sem kom út á liðnu ári sætir tíðindum í heimi félagsvísinda. Viðfangsefni bókarinnar tengist stóru norrænu samstarfsverkefni sem hópur íslenskra fræðimanna hefur tekið þátt í. Í bókinni er tekið á helstu flokkum velferðarmála á Íslandi og hvernig þróunin hefur verið á þessum tveimur áratugum sem koma fram í titlinum. Upphafsrannsóknartímabilsins 1988 markast af gerð fyrstu norrænu lífskjarakönnunarinnar á Íslandi sem framkvæmd var það ár og lokaárið 2008 vísar til upphafs norræna verkefnisins um leið og það ár er sögulegt fyrir okkur Íslendinga með hruni bankanna.

Bókin er löng og ítarleg og inniheldur alls sautján kafla sem sextán höfundar koma að auk inngangs. Allir höfundarnir tengjast Háskóla Íslands með einum eða öðrum hætti. Flestir höfundanna koma úr félagsfræði og félagsráðgjöf enda snertir viðfangsefnið kjarnasvið beggja greinanna, velferðarmál í víðasta skilningi. Guðný Björk Eydal prófessor í félagsráðgjöf og Stefán Ólafsson prófessor í félagsfræði eru ritstjórar bókarinnar og eiga stærstan þátt með aðild að alls átta köflum, auk þess sem Stefán skrifar ítarlegan inngang þar sem vikið er að helstu umfjöllunarefnum bókarinnar og þróun lífskjara á tímabilinu sem um ræðir.

Efnissvið bókarinnar tekur til þróunar velferðarútgjalda, umfangs vinnunnar á Íslandi, afkomu aldraðra, stöðu fjölskyldunnar, innflytjendamála, tekjuþróunar, hlutverks sveitarfélaga, þriðja geirans auk heilsu og lífskjara. Óhætt er að fullyrða að tímabil rannsóknarinnar 1988–2008 hafi verið viðburðaríkt hér á landi og miklar breytingar orðið í þróun velferðarmála. Í upphafi tímabilsins voru lífskjör þegar orðin samþærileg við það besta sem þekktist á Norðurlöndum á þeim tíma. Íslendingar höfðu náð þessum einstaka árangri með meira vinnuframlagi en víða annars staðar á Vesturlöndum án þess þó að þurfa að reiða sig á eins víðtækt opinbert velferðarkerfi og önnur Norðurlönd.

Í bókinni má sjá hvernig einstakir þættir velferðarmála breyttust á rannsóknartímabilinu þar sem réttindi borgaranna jukust og meira fé var lagt í opinbera forsjá. Vinnutími styttist lítillega en Íslendingar voru þó enn meiri vinnuþjóð en flestar vestrænar þjóðir í lok tímabilsins. Mikilsverðar breytingar á lífskjörum þjóðarinnar urðu á þessum tveimur áratugum sem meðal annars fólu í sér aukna opnun til Evrópu með þátttöku í Evrópska efnahagssvæðinu, EES, og einkavæðingu opinberra eigna. Ætla mætti að stærstu lífskjarasporin hafi verið stigin á rannsóknartímabilinu sjálfu eftir tímabil haftabúskapar, óðaverðbólgu og að mörgu leyti lokaðs hagkerfis. Þess vegna vekur athygli að sjá í inngangi að tímabilið frá um 1960 og fram til 1987 skilaði meiri hagvexti á Íslandi en tímabilið 1988–2008. Aukið framboð á lánnum vegna húsnæðiskaupa í byrjun aldarinnar ýtti undir húsnæðisbólgu á sama tíma og vaxtabætur lækkuðu. Skuldabyrði almenninga varð því að verulegu vandamáli við hrun fjármálakerfisins árið 2008 sem dró enn frekar máttinn úr lífskjörum fólks. Til viðbótar varð vart við aukinn tekjuójöfnuð þegar líða fór á rannsóknartímabilið sem birtist einna helst í því að hátekuhópar nutu hagvaxtarins meira en aðrir tekjuhópar. Þrátt fyrir þetta kemur fram að Ísland hafi enn verið í efstu röð hagsældar í lok rannsóknartímans miðað við önnur Norðurlönd og meðal OECD-ríkjanna.

Við lestur bókarinnar vaknar sú spurning hvort ekki muni reyna enn meira á velferðarkerfið á komandi árum en á rannsóknartímabilinu sjálfu, ekki síst vegna hrunsins og skuldabyrðarinnar sem þjakar mörg heimili og þjóðarbúið í dag, svo ekki sé minnst á vaxandi tekjuójöfnuð. Í efnahagslegum uppgangi og nær fullri atvinnuþátttöku getur samfélag sjálfsbjargar vafalítið gengið upp eins og sýndi sig hér á landi án þess að reiða sig á öflugt velferðarkerfi. Þegar á móti blæs gegnir líklega öðru máli. Minnkandi hagvöxtur, auknar skuldir, vaxandi ójöfnuður, lægra atvinnustig og sífellt fjölmennari hópar utan vinnumarkaðar, svo sem aldraðir og öryrkjar, kallar óneitanlega á víðtækara öryggisnet en það sem okkur býðst í dag. Getur skapast sátt um eflingu opinberrar velferðar í samfélagi sem löngum hefur lagt áherslu á ábyrgð einstaklingsins og einkaframtak? Vill Ísland eiga nánari samleið með norræna velferðarmódelinu eða með hinum enskumælandi þjóðum? Eða mun Ísland fara bil beggja eins og reyndin hefur verið hér á landi og fram kemur í bókinni?

Yfirlit yfir þróun velferðarinnar undanfarna áratugi er óneitanlega brýn en það verður enn forvitnilegra að fylgjast með framvindunni á komandi árum þegar



reyna mun meira á þanþol velferðarkerfisins en síðustu ár. Pólitísk greining valkosta í stefnumótun velferðarmála og skipan valdsins í samfélaginu verður í því samhengi ekki bara kærkomin viðbót við rannsóknir á málefnum heldur blátt áfram ómissandi til að skilja þá braut sem Ísland hefur fylgt hingað til og hvaða leið verður ofan á í framtíðinni. Rannsóknarhópurinn mun því sem fyrr gegna mikilvægu hlutverki í íslenskum félagsvísindum á næstu árum.

Bókin er vönduð að allri gerð og ritrýndir kaflar gefa efninu aukið vægi. Textinn er á lipru máli og fáar prentvillur að finna. Enskir útdrættir fylgja öllum köflunum sem er mikill kostur og tengir efnið alþjóðlegum fræðahæmi. Nafna- og atríðisorðaskrá væri til bóta til að auka vægi bókarinnar sem uppflettrits. Áherslan er fyrst og fremst á Ísland í ritinu og spennandi verður að sjá Ísland sett í enn meira fjölbjóðlegt samhengi í framtíðinni. Alþjóðlega skírskotun er þó að finna í einstökum köflum bókarinnar. Málaflokkur afbrota og vímuefnanotkunar ætti tvímælalaust heima í umfjöllun um velferðarmál enda hafa rannsóknir ítrekað sýnt að afbrotavandinn er að jafnaði mestur í samfélögum þar sem félagsskipanin er í hvað mestum ólestri. Efnissvið bókarinnar tekur þó mið af áherslum norræna rannsóknarhópsins og því væntanlega ekki hægt að ætlast til umfjöllunar um önnur málefni en þau sem þar eru tekin fyrir.

Óhætt er að mæla með bókinni við alla þá sem stunda félagsvísindi á Íslandi eða hafa áhuga á þeim. Bókin er ekki eingöngu fyrir fagfólk á sviði félagsfræði eða félagsráðgjafar heldur er hún einnig aðgengileg öllum þeim sem áhuga hafa á þjóðfélagsmálum. Aðstandendum bókarinnar og höfundum er að lokum þakkað kærlega fyrir aðgengilegt og læsilegt verk um íslenskt samfélag.

Helgi Gunnlaugsson

prófessor í félagsfræði við Háskóla Íslands

Eftir skilnað

Foreldarsamstarf og kynslóðatengsl

eftir félagsráðgjafana Sigrúnu Júlíusdóttur og Sólveigu Sigurðardóttur er væntanleg frá Háskólaútgáfunni á næstu dögum. Verður hún kynnt nánar í næsta hefti *Tímarits félagsráðgjafa*. Bókin byggir á umfangsmikilli viðtalsrannsókn við foreldra og ömmur og afa í skilnaðarfjölskyldum. Hún á erindi til félagsráðgjafa og annars fagfólks á vettvangi sem vinnur með fjölskyldum, auk fræðimanna og nemenda á félags-, heilbrigðis- og menntasviði.

Lokaverkefni til MA-gráðu

Í desember 2012 luku eftirfarandi nemendur rannsóknarverkefnum sínum í MA-námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf. Verkefni eru aðgengileg á www.skemman.is.

Bjarney Rós Guðmundsdóttir.

Leiðbeinendur: Anni G. Haugen og Halldór S. Guðmundsson

Hegðun og líðan unglinga í 9. og 10. bekk grunnskóla. Hver eru áhrif vina og eineltis?

Dagbjört Rún Guðmundsdóttir

Leiðbeinandi: Hrefna Ólafsdóttir

Verndarar barna. Mat á forvarnarverkefni gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum

Eva Rós Ólafsdóttir

Leiðbeinandi: Halldór S. Guðmundsson
Strákar og tölvuleikir: Rannsókn á líðan, sjálfstjórn og notkun

Guðrún Gísladóttir

Leiðbeinandi: Hrefna Ólafsdóttir

Rannsókn á líðan foreldra í kjölfar andláts barns

Gylfi Jónsson

Leiðbeinandi: Freydis Jóna Freysteinsdóttir
Yfirfærsla á málaflökki fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga

Hafdís Erla Jóhannsdóttir

Leiðbeinandi: Anni G. Haugen

Eru sjómenn virkir þátttakendur í umönnun og uppeldi barna sinna: Sjómenn og fðurhlytverkið

Heiða Hraunberg Þorleifsdóttir

Leiðbeinandi: Hrefna Ólafsdóttir

Kjörforeldrar á Íslandi. Einkenni þunglyndis og stuðningur í kjölfar alþjóðlegra ættleiðinga

Íris Dögg Lárusdóttir

Leiðbeinandi: Sigrún Júlíusdóttir
Skilnaðarráðgjöf. Reynsla og þörf skilnaðarforeldra

Ísabella Björnsdóttir

Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnadóttir

Skaðaminnkun á Íslandi: Viðhorf og þekking

Jóhanna Jóhannsdóttir

Leiðbeinandi: Hervör Alma Árnadóttir

„Þú nærð engum árangri nema hafa fólk með þér.“ Hugmyndir félagsráðgjafa um samráð með notendum.

Klara Valgerður Brynjólfssdóttir

Leiðbeinandi: Guðný Björk Eydal

Langtímanotendur fjárhagsaðstodar: Ungir Reykvikingar í kjölfar kreppu

Kolbrún Bragadóttir

Leiðbeinandi: Halldór S. Guðmundsson

Viðhorf félagsráðgjafa til gagnræmdra aðferða

Marie Greve Rasmussen

Leiðbeinendur: Sigrún Júlíusdóttir og

Sólveig Sigurðardóttir

Fullkomin lausn eða skást fyrir alla. Reynsla fullorðinna skilnaðarbarna af jafnri búsetu

Marta Joy Hermannsdóttir

Leiðbeinandi: Sigurveig H. Sigurðardóttir

Stuðningurinn heim – Uppeldisráðgjöf:

Viðhorf og upplifun notenda

Ragna Dögg Þorsteinsdóttir

Leiðbeinandi: Hervör Alma Árnadóttir

„Þyngdin er bara einkenni.“ Reynsla og lífsgæði einstaklinga með matarfékkni

Framhald á bls. 62

Ávarp formanns Félagsráðgjafafélags Íslands

María Rúnarsdóttir



María Rúnarsdóttir,
formaður Félagsráð-
gjafafélags Íslands

Á aðalfundi Félagsráðgjafafélags Íslands 2012 var ákveðið að gera skipulagsbreytingar á starfsemi félagsins og kjósa formann til fjögurra ára í fullu starfi hjá félaginu, einnig sem formaður kjaranefndar. Um haustið var verkefnastjóri ráðinn í hálf t starf á skrifstofu félagsins, Eldey Huld Jónsdóttir félagsráðgjafi. Það er mér ánægja að hafa fengið þetta tækifæri til að starfa með félagsráðgjöfum að uppbyggingu félagsins og félagsráðgjafar á Íslandi á næstu árum.

Félagsráðgjafafélag Íslands er bæði fag- og stéttarfélag og því mikilvægur vettvangur til að stilla saman strengi hvort sem er faglega eða í kjarabaráttu. En af hverju viljum við vera saman í sérstöku félagi? Hvað gerir félagið fyrir okkur, félagsmenn sína?

Félagið gerir kjarasamninga sem ráða launum og starfskjörum. En hlutverk stéttarféлага hefur verið að breytast og snýr nú meira að launþeganum sjálfum, hvernig megi styrkja hann til að takast á við breytt starfsumhverfi þar sem hann þarf að sýna meira frumkvæði en áður í launasetningu sinni. Það er rétt að minna á að það ríkir félagafrelsi á Íslandi og við getum valið í hvaða félagi við viljum vera. Þetta er mikilvægt að hafa í huga þegar félagsráðgjafar ráða sig til starfa, sér í lagi á almennum vinnumarkaði.

Félagsráðgjafafélag Íslands er jafnframt fagfélag félagsráðgjafa. Má með sanni segja að það hafi eflst mjög á undanförunum árum en mikil vinna hefur verið lögð í uppbyggingu faglegrs innra starfs. Ber þar fyrst að nefna árlega útgáfu Tímarits félagsráðgjafa en útgáfa þess er mjög mikilvæg í faglegu starfi félagsráðgjafa og fyrir okkur sem fagstétt. Þar gefst okkur tækifæri til að koma á framfæri niðurstöðum rannsókna og í almenna hlutanum eru áhugaverðar greinar um málefni sem tengjast málavíðum félagsráðgjafar. Í öðru lagi hefur Félagsráðgjafafélag Íslands byggt upp öflugar fag- og landshlutadeildir sem hafa það markmið að gera félagsmönnum kleift

að styrkja tengslanet sitt á ákveðnum sérsviðum eða landshlutum. Deildirnar hafa staðið fyrir málþingum og þær hafa jafnframt verið mikilvægur tengiliður við stjórn félagsins. Það er stefna stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands að gera félagið öflugt á hinu fagpólítíska sviði, meðal annars með því að fjalla um margvísleg velferðarmálefni sem Alþingi óskar umsagna um. Þar gegna fagdeildirnar veigamiklu hlutverki. Nú eru starfandi átta fagdeildir og fimm landshlutadeildir en engin fagdeild er enn á sviði félags- og/eða heilbrigðisþjónustu. Við hvetjum áhugasama félagsráðgjafa sem starfa á þessum sviðum til að taka við keflinu og stofna fagdeildir.

Kjaramál eru nú í brennidepli og ætlar Félagsráðgjafafélag Íslands að renna styrkum stoðum undir kjarabaráttu félagsmanna sinna þegar kjarasamningar verða lausir snemma árs 2014. Kjaranefnd hefur fundað reglulega og kjararáðstefna verður haldin í haust þar sem formlegur undirbúningur að komandi kjarasamningalotu hefst. Við erum sterkari saman, það hafa dæmin sýnt okkur, og því hvet ég alla félagsmenn til þess að vera vakandi yfir því sem er ábótavant í núgildandi kjarasamningum, hvað þarf að skýra betur og á hvaða sviðum við þurfum að beita okkur.

Trúnaðarmenn félagsráðgjafa eru afar mikilvægir í innra starfi félagsins en virkt trúnaðarmannakerfi er undirstöðupáttur í réttinda- og kjarabaráttu félagsráðgjafa til eflingar á stéttarvitund og til að standa vörð um störf félagsráðgjafa.

Haustið 2012 var í fyrsta sinn gerð rannsókn á kulnun meðal félagsráðgjafa á Íslandi. Niðurstöðurnar eru sláandi. Af þeim sem tóku þátt í rannsókninni uppfylltu 31% viðmið um kulnun. Þess ber að geta að þátttaka í rannsókninni var einungis 41%. Mest mældist kulnun meðal félagsráðgjafa sem starfa í félagsþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Kjaranefnd ætlar að vekja athygli á þessum niðurstöðum meðal vinnuveitenda félagsráðgjafa sem hafa fundið fyrir auknu álagi í störfum sínum í kjölfar efnahagshrunsins árið 2008. Ljóst er að alltof stór hópur félagsráð-

gjafa upplifir kulnun og nú sem aldrei fyrr er mikilvægt að huga að sjálfum sér og verndandi þáttum til að vinna gegn streitu og álagi.

Félagsráðgjöfum er tíðrætt um ímynd félagsráðgjafans. Í tilefni alþjóðadags félagsráðgjafa 2013 gerði Ólafía, félag framhaldsnema í félagsráðgjöf við Háskóla Íslands, myndbönd þar sem félagsráðgjafar svöruðu spurningum um félagsráðgjöf. Félagsráðgjafar vinna gegn mannréttindabrotum og eru talsmenn skjólstæðinga sinna. Við höfum völd, við höfum áhrif. Við stuðlum að félagslegu og efnahagslegu jafnrétti með því að benda á hvar skórin kreppir í íslensku velferðarsamfélagi, með því að

vekja athygli á málaflökkum og berjast fyrir mannréttindum, nýjum úrræðum og nýjum lausnum. En til þess þurfum við faglegt svigrúm og við verðum að taka okkur það. Streita og kulnun er ógn við fagleg vinnubrögð og það eru hagsmunir okkar allra að vinna gegn henni. Við þurfum að setja okkur fagleg viðmið um mála fjölda og þyngd þeirra en við þurfum einnig að huga að fagmanninum, félagsráðgjafanum og hlúa að honum. Ein leið til þess er að taka virkan þátt í faglegu starfi Félagsráðgjafafélags Íslands og fá stuðning hvert af öðru.

Ég hlakka til að starfa með ykkur, kæru félagsráðgjafar!

Heimsráðstefna félagsráðgjafa

Félagsráðgjöf og félagsleg þróun 2012

Þórhildur Egilsdóttir



Þórhildur Egilsdóttir félagsráðgjafi, MA

Heimsráðstefna í félagsráðgjöf var haldin dagana 8.–12. júlí 2012 í Stokkhólmi og bar yfirskriftina *Félagsráðgjöf og félagsleg þróun – Aðgerðir og áhrif*. Um skipulagningu og framkvæmd ráðstefnunnar sáu leiðandi alþjóðleg samtök á sviði rannsókna og kennslu í félagsráðgjöf og félagsráðgjafar á vettvangi: IASS –

Samtök alþjóðlegra skóla í félagsráðgjöf, ICSW – Alþjóðasamtök félagsráðgjafa og ICSW – Alþjóðlegt ráð um félagslega velferð. Ráðstefnugestir voru um 2500 frá um 100 þjóðlöndum.

Ráðstefnan fór fram í Stockholmsmässan, glæsilegri ráðstefnuhöll í einu af úthverfum borgarinnar. Aðalumræðuefni voru þrjú: Mannréttindi og félagslegur jöfnuður, umhverfisbreytingar og sjálfbær þróun, hnattfélagslegar breytingar og félagslegar aðgerðir.

Ráðstefnunni var ætlað að vera sameiginlegur grundvöllur til að deila reynslu. Sven Hessle, formaður dagskrárnefndarinnar og aðalkynnir ráðstefnunnar sagði að sem starfandi félagsráðgjafar, stjórn-málamenn, sjálfbodaðliðar og háskóla-fólk værum við vön að vinna hvert í sínu horni. Á ráðstefnunni

værum við hins vegar komin til að bindast böndum, mynda tengsl og vinna saman. Segja má að það hafi tekist með ágætum.

Margvísleg sjónarhorn félagsráðgjafar voru til umfjöllunar. Erindi voru flutt og efni þeirra rædd á sameiginlegum fyrirlestrum í aðalsal, í vinnusmiðjunum sem voru alls 170 talsins og á veggspjaldakynningum. Tæplega 1200 erindi voru flutt á ráðstefnunni sem fór fram á ensku en í nokkrum smiðjum var töluð spænska. Fjallað var um ofbeldi gegn konum, skilning frumbyggja á loftslagsbreytingum, hreint vatn, fólksflutninga, að eldast með reisn og um félagslega samskiptamiðla.

Aðalfyrirlesararnir voru fræðimenn og embættismenn frá ýmsum stofnunum og samtökum eins og Sameinuðu þjóðunum, Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni og Alþjóðasamtökum félagsráðgjafa. Hér eru einungis nokkrir þeirra nefndir.

Cindy Blackstock, framkvæmdastjóri Samtaka kanadískra frumbyggjabarna og fjölskyldna, hélt fyrirlestur um baráttu kanadískra skólubarna við yfirvöld. Þau berjast fyrir rétti frumbyggjabarna til að ganga í skóla í forsvaranlegum skólaþyngingum.

Michel Marmot er breskur prófessor í sóttvörnum og lýðheilsu og formaður nefndar hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni sem rannsakar áhrifaþætti í



tengslum við lýðheilsu. Hann vitnaði í rannsóknir og sýndi fram á að félagslegur ójöfnuður er heilsuspillandi og ábyrgur fyrir heilsuvanda sem hægt væri að koma í veg fyrir með félagslegu réttlæti. Heilsa er ekki verkefni sem einskorðast við heilbrigðiskerfið, heldur verkefni samfélagsins alls.

Mendi Gharbi er verkfræðingur frá Túnis, búsettur í Svíþjóð. Hann fékk nýlega verðlaun kennd við Martin Luther King fyrir störf sín. Hann dreifði leynilegu fréttabréfi til landa sinna í gengum tölvupóst. Gagnrýnar greinar hans um stjórnvöld í Túnis stuðluðu að því að einræðisherrann Ben Ali hrökklaðist þar frá völdum. Mendi Gharbi hafði með skrifum sínum bein áhrif á mótmæli þau sem kennd hafa verið við arabíska vorið.

Auk fyrirlestranna var boðið var upp á vettvangsferðir þar sem ráðstefnugestum gafst kostur á að kynna sér áherslur Svía í velferðarmálum. Þetta voru heimsóknir til umboðsmanns barna, á hjúkrunarheimili fyrir aldraða og stofnunnar sem leitar úrræða fyrir atvinnulaust fólk.

Það var einstakt að fá að vera þátttakandi á ráðstefnunni. Að finna vingjarnlegt viðmót kollega frá öllum heimshornum sem skilyrðislaust voru tilbúnir að deila reynslu, hugmyndum og áherslum í faginu. Jafnt á göngunum, í kaffihléunum, í lestunum og á formlegan hátt í vinnusmiðjunum. Að koma saman og finna samstöðuna, samheldnina og sameiginlegan vilja til að láta gott af sér leiða. Bæta lífskjör og aðstæður fólks hvarvetna í heiminum.

Borgarstjórinn í Stokkhólmi bauð til móttöku í ráðhúsi borgarinnar og hátíðarkvöldverðurinn í ráðstefnulok var á Skansinum. Það ríkti gleði þessi sænsku sumarkvöld. Fólk myndaði þyrpingar, skeggræddi það sem einkum hafði vakið athygli í erindum dagsins. Sitt sýndist hverjum.

Í Gyllta salnum í ráðhúsinu var norskur háskólaprófessor sem fannst alltof litlar kröfur gerðar til þeirra sem fengju að kynna efni. „Fólk á bara að fá kynna eigin rannsóknir,“ sagði hún áhyggju-

full, „annars stendur ráðstefnan ekki nógu sterkt í fræðaheiminum.“ „Mér finnst nú mörg erindin allt of háfleyg,“ sagði félagsráðgjafi frá Spáni, „hér er of lítið af starfandi félagsráðgjöfum og ekki nægileg áhersla á starfsþróun.“ „Við eigum að hugsa hátt á svona ráðstefnum og minna okkur á kjarna fagsins, félagsráðgjöf er mannréttindabarátt,“ sagði ungur félagsráðgjafi frá Bretlandi kampakátur.

„Hvað þýðir eiginlega sjálfbær félagsráðgjöf?“ spurði sænsk kona við innganginn að Skansinum. „Nú snýst allt um það, en enginn talar lengur um félagslegan auð eins og á síðustu ráðstefnu.“ „Æ, það er nú bara „einstaklingurinn í umhverfi sínu“, er það ekki?“ sagði ástralskur prófessor og hló. „Mér finnst aðaltilgangurinn með svona ráðstefnum vera að heyra hvað er að gerast í öðrum löndum, fá innblástur,“ sagði félagsráðgjafi frá Íslandi, „ég verð örugglega að melta efnið og ígrunda það fram að næstu ráðstefnu.“ „Hún verður í Melbourne, Ástralíu 9.–12. júlí 2014. Komið þangað!“ Það var ástralski prófessorinn sem átti síðasta orðið áður en hópurinn leystist upp.

Myndbönd með erindum aðalfyrirlesara er að finna á vefsíðunni: <http://swsd2012.creo.tv/sunday>

Nýr sérfræðingur í félagsráðgjöf



Sigurlaug Hauksdóttir, félagsráðgjafi MA, hjá embætti Landlæknis og á Landspítala Háskólasjúkrahúsi

Þann 26. mars 2013 fékk Sigurlaug Hauksdóttir réttindi sem sérfræðingur í félagsráðgjöf á heilbrigðisviði. Sigurlaug útskrifaðist sem félagsráðgjafi frá Sosialhögskolen í Stafangri í Noregi árið 1981 og tók meistaragráðu við félagsvísindadeild HÍ 2005. Sigurlaug lauk einnig sérkennsluprófi í Lillehammer 1984–1985 og fékk handleiðsluréttindi í Noregi 1988.

Auk þess hefur hún diplóma í fræðslustörfum og stjórnun við HÍ 2003. Sigurlaug hefur starfað í hálfri stöðu á Landspítalanum frá 1997 og hjá Embætti landlæknis í hálfri stöðu frá 2002. Þar hefur hún unnið að málefnum HIV- jákvæðra og alnæmissmitaðra. Hún er einnig stundakennari við HÍ.



Umsóknir um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf

María Rúnarsdóttir



María Rúnarsdóttir,
formaður Félagsráð-
gjafafélags Íslands

Breytt lagaumhverfi heilbrigðisstétta

Ný lög um heilbrigðisstarfsmenn nr. 34/2012 tóku gildi 1. janúar 2013 og féllu þá lög um félagsráðgjöf nr. 95/1990 úr gildi líkt og önnur sérlög. Tilgangurinn er að samræma og einfalda gildandi ákvæði um heilbrigðisstarfsmenn, gera þau markvissari og

hnitmiðaðri og færa til nútímahorfs þannig að heilbrigðisþjónustan og störf og starfssvið heilbrigðisstétta geti þróast með eðlilegum hætti innan ramma löggjafar.

Þessar breytingar á lagaumhverfi heilbrigðisstétta kölluðu á endurskoðun reglugerða um starfs- og sérfræðileyfi þeirra. Skipaður var hópur fagfólks frá velferðarráðuneyti og embætti Landlæknis til að samræma reglugerðir um menntun, réttindi og skyldur heilbrigðisstétta með hliðsjón af rammalögum um heilbrigðisstarfsmenn. Leitað var umsagna fagstétta um reglugerðina, meðal annars frá Félagsráðgjafafélagi Íslands.

Breytingar á reglugerð um starfs- og sérfræðileyfi félagsráðgjafa

Þann 1. janúar 2013 tók gildi ný reglugerð nr. 1088/2012 um menntun, réttindi og skyldur félagsráðgjafa og skilyrði til að hljóta starfsleyfi og sérfræðileyfi. Reglugerðin er verulega breytt frá fyrri reglugerð um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf nr. 555/1999. Helstu breytingar eru þær að nú veitir Félagsráðgjafafélag Íslands ekki lengur umsögn um starfsleyfi félagsráðgjafa heldur er einungis leitað til Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands. Aukin heldur er það nú skýrt hlutverk Landlæknis að taka við og meta umsóknir um sérfræðileyfi sem áður voru sendar sérstakri sérfræðinefnd skipuð fulltrúum velferðarráðuneytis og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Sérfræðinefnd er ekki lengur starfandi

Félagsráðgjafafélag Íslands var í meginráttum sátt við reglugerðardrögin en gerði nokkrar athugasemdir. Tekið var tillit til þeirra flestra utan þeirrar sem sneri að mati á sérfræðileyfum. Sérfræðinefndin sem áður hafði umsjón með mati á sérfræðileyfum er nú ekki lengur starfandi en Landlæknir skal leita umsagnar Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands um hvort umsækjandi uppfylli skilyrði sérfræðileyfis. Landlækni er einnig heimilt að skipa sérstaka mats- og umsagnarnefnd en það er ekki skylda. Félagsráðgjafafélag Íslands hefur áhyggjur af því að matið verði ekki gagnsætt og lagði til að við 6. grein yrði bætt við: „... í samræmi við fyrirbyggjandi viðmið Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands og Félagsráðgjafafélags Íslands“. Ekki var tekið tillit til athugasemdarinnar og er mikilvægt að fylgjast með þróun mats á umsóknum um sérfræðileyfi í félagsráðgjöf og hvaða viðmið eru höfð að leiðarljósi.

Á vefsíðu Landlæknis, www.landlaeknir.is, eru upplýsingar um hvernig sækja eigi um starfs- og sérfræðileyfi. Félagsráðgjafar eru hvattir til þess að kynna sér lög um heilbrigðisstarfsmenn og reglugerð um starfs- og sérfræðileyfi félagsráðgjafa. Fyrirspurnir og umsóknir um sérfræðileyfi hafa ekki verið margar síðastliðin ár en Félagsráðgjafafélag Íslands vonast til þess að með kjaratengingu sérfræðileyfa verði vitundarvakning meðal félagsmanna um mikilvægi sérfræðiviðurkenningar í fagstétt félagsráðgjafa.

– Minningarorð –

Bengt Börjeson, prófessor

Guðrún Kristinsdóttir

„Hann kom eins og hvirfilbylur og hópur fróðleikisfúsra doktorsnema beið eftir honum. Við lærðum að rýna í texta á nýjan hátt, Foucault, Sartre, Sève ... og bókmenntatextar voru líka ræddir í málstofunum, svo sem Olof Lagercrantz og Sara Lidman. Þetta treysti sjálfsmynd okkar sem verðandi fræðimanna en jók líka á persónulegan þroska.“



Guðrún Kristinsdóttir, kennari og félagsráðgjafi, prófessor við Menntavísindasvið HÍ

Hér er gripið niður í orð fyrrverandi doktorsnema í félagsráðgjöf við háskólann í Umeå í Svíþjóð í afmælisriti sem við skrifuðum til heiðurs Bengt Börjeson sextugum.¹ Árið var 1981. Hópurinn sem beið fagnaði nýskipuðum prófessor sem nú skyldi leiða félagsráðgjafa í gegnum doktorsnám. Það gerðist eins og sjá má með samþættum þælingum sem ljáðu útsýni yfir ótroðnar slóðir

fram tíðarannsókn. Ég bættist í hópinn 1984 eftir að hafa kynnst Bengt við námskeiðahald þegar hann féllst góðfúslega á bón mína um að halda námskeið á „venjulegri hefðbundinni félagsmálstofnun í Reykjavík“ eins og ég orðaði það í bréfi til hans.

Bengt Börjeson, prófessor í félagsráðgjöf, lést í Stokkhólmi í septemberlok sl., áttæður að aldri eftir alvarleg veikindi. Á vefsíðu Stokkhólmsháskóla var þess getið að margir söknuðu Bengts sem skildi eftir sig tómarúm. Bengt var fæddur í Gautaborg 1932. Eftirlifandi eiginkona hans er Kerstin Vinterhed, doktor í uppeldisfræði sem starfaði lengst af sem blaðamaður á *Dagens Nyheter*. Eftir hana liggja einnig nokkrar bækur, hún var dósent við háskólann í Umeå, varð síðar guðfræðingur og tók prestsvígslu.

Bengt Börjeson átti að baki langan og fjölbreyttan starfsferil. Hann var barnakennari og lauk doktorsprófi í uppeldislegri sálarfræði við Stokkhólmshá-

skóla, var rektor félagsráðgjafanámsins þar um hríð og veitti um tíu ára skeið forstöðu Barnbyn Skå, meðferðarþorpi fyrir fjölskyldur í umsjá barnaverndar í Stokkhólmi. Árið 1981 var Bengt skipaður einn af fyrstu prófessorum í félagsráðgjöf í Svíþjóð og byggði upp doktorsnám við háskólann í Umeå um tíu ára skeið. Að því loknu gegndi hann stöðu prófessors í félagsráðgjöf við Stokkhólmsháskóla og varð síðan rektor Kennaraháskólans þar í borg en sú stofnun sinnti ætíð eingöngu framhaldsnámi og rannsóknum. Bengt leiddi þar miklar breytingar þegar Kennaraháskólinn var endurskipulagður. Hann sat í fjölmörgum nefndum um stefnumarkandi félagsmálafestnu, sem einkum vörðuðu málefni barna og fjölskyldna og lágu til grundvallar afgerandi lagabreytingum. Óhætt er að segja að áhrif hans á sænska félagsþjónustu liggja víða. Hér á landi er hann líklega þekktastur fyrir barnavernd en hann kom líka að endurskipulagi sænskra félagsþjónustulaga og barnaréttar.

Rannsóknir Bengts Börjeson lágu alla tíð á mörkum félagsráðgjafar og uppeldisfræði og hann ritaði fjölda bóka og greina. Eigin rannsóknir fylltu hann snemma vantrú á gildi refsinga og þvingana og hann beitti sér í þeim málum. Tóninn sló hann þegar með doktorsritgerð sinni 1966. Þar aðhvarfsgreindi hann (án tölvutækni auðvitað) nákvæmlega afdrif ríflega 400 ungmenna sem höfðu verið úrskurðaðir í refsivist fyrir afbrot og bar saman við afdrif þeirra er hlutu vægari viðurlög.² Niðurstöðurnar sýndu takmarkaðan árangur frelsissviptingar-

¹ Claezon, I. (1992). Mot alla odds: Barn till narkotikamissbrukare. Í C. Mether og L. Nygren (ritstj.), *Bortom all förenkling. Människan som väsen och oväsen: En vänbok tillägnad Bengt Börjeson* (bls. 77–93). Göteborg, Daidalos.

² Börjeson, B. (1966). *Om påföljders verkníngar: En undersökning av prognosen för unga lagövertärdare efter olika slag av behandling*. Stockholm Studies in Educational Psychology. Stockholm.

innar. Bengt ályktaði að rýna þyrfti mun nákvæmar í þessar betrunarvistanir og jafnframt að dómstólar gerðu vel í að draga úr þvingun í málefnum ungmenna í félagslegum vanda. Ritgerðin hafði umtalsverð áhrif á framkvæmd þessara ungmennavistana.³ Eins og vænta mátti vöktu niðurstöðurnar miklar umræður og jafnframt deilur. En hinn gagnrýni tónn hélst – skilaboð Bengts í minnistæðum fyrirlestri löngu síðar, árið 2003, voru „stundum rannsóknir en hvernig?“ (les: „hugum að því hvernig við gerum“). Þetta var í kjölfar sænskrar úttektar á þekkingarþróun í félagsþjónustu þar sem hann ásamt fleirum hvatti til þess að stofnaður yrði félagsþjónustuháskóli þar sem rannsóknir og þróun héldust í hendur.

Samþætting hagnýtra aðgerða og rannsókna einkenndi einmitt hið merkilega samfélag á Barnbyn Skå sem Bengt Börjeson veitti forstöðu í tíu ár. Starfið vakti athygli langt út fyrir Svíþjóð. Skå var frá upphafi mannað vel menntuðu fólki, svo sem fyrsta forstöðumanninum og barnageðlækninum Gustav Jonsson ásamt sálar- og uppeldisfræðingum og félagsráðgjöfum. Skå var stofnað sem andsvar við fyrri tíma ögun á vistheimilum fyrir börn. Þar bjuggu starfsmenn og vistfjölskyldur þétt saman í samfélagi með eigin skóla, dagvist barna, heimili og meðferðaraðstöðu skammt frá Stokkhólmi. Dvölin var afdrifaríkasta úrræði borgarinnar í barnaverndarmálum og fólst í tilboði til fjölskyldna um meðferð til að forða þeim frá sundrun. Þegar Bengt tók við forstöðu 1971–72 breyttist Skå úr fjölskylduheimili fyrir börn í miðstöð fjölskyldumeðferðar, náms og rannsókna á barnavernd sem tók nú á móti heilum fjölskyldum til dvalar.⁴ Starfsmenn hófu að stunda rannsóknir samhliða meðferðinni. Auk annars stýrði Bengt þar merkilegri rannsókn á fóstri barna, *Barn í kris*, sem gaf af sér nokkrar bækur og doktorsritgerðir. Framlag Bengts birtist í bók hans og Hans Håkansson, *Hotade försummade övergivna – är familjehemsplacering en möjlighet för barnen?*⁵ Verkefnið *Barn i kris* var óvenju heildstætt en það náði til fósturbarna, fósturforeldra, kynforeldra og starfs-



Bengt Börjeson, prófessor

manna og er slík margþætting enn sjaldgæf. Undir handleiðslu Bengts luku lykilpersónur á Skå doktorsprófi og gerðust háskólakennarar og m.a. prófessorar í félagsráðgjöf í Stokkhólmi og Lundi en margir aðrir sem þar störfuðu um hríð dreifðust síðar um félagsþjónustukerfið og meðferðarstofnanir.

Barnavernd var helsta rannsóknarsvið Bengts lengst af. Hann lét sér ekki nægja að rannsaka en var ávallt ötull talsmaður þess að draga úr þvingunaraðgerðum. Hann hélt áfram umræðu gegn hertum viðurlögum við afbrotum unglunga og þeirra sem ofneyttu áfengis og vímuefna; gegn áfellisdómum um fólk í félagslegum vanda í víðum skilningi orðsins, t.d. þegar HIV-umræðan þróaðist á þann veg. Hann tjáði sig oft um takmarkaða trú sína á aðferðir félagsþjónustunnar og barnaverndar, einkum vegna andstæðna sem felst í samblandi þvingunar og stuðnings sem þar er að finna. Það gustaði oft um Bengt, han var „debattör“. Þó að skorinortar ályktanir féllu stundum í grýttan jarðveg var hann eftirsóttur fyrirlesari og hlaut m.a. heiðursverðlaun sænsku *FORSA* félaganna fyrir framlag sitt til rannsókna á félagsráðgjöf.

Á eftirlaunaaldri hélt Bengt áfram að stunda rannsóknir og kennslu við Ersta Sköndal félagsráðgjafanámið, sjálfseignarstofnun sem menntar líka hjúkrunarfræðinga og djákna. Var sérstaklega til þess tekið að hann sló ekki slöku við og mikið til hans leitað sem fyrirlesara, álitsgjafa, prófdómara og andmælanda allt þar til hann veiktist á sl. ári. Ekki er tómt til að rekja það en þess má geta að hann leiddi úttekt Högskoleverket á sænska félagsráðgjafanáminu 2003. Á þessum tíma lét Bengt til sín taka á alþjóðavettvangi eins og löngum fyrr. Nefna má samstarf hans við heimafólk um miðstöð fyrir snemmtæka íhlutun í málefnum barna í Sankti Pétursborg sem varð árangursríkt og dró úr stofnanavistun og einnig kom hann á alþjóðlegu námi í sjálfbærni í félagsráðgjöf fyrir háskólakennara sem er nú rekið við félagsráðgjafanámið á Ersta Sköndal. Ég minnst heimsóknar á Ersta Sköndal og ánægjulegs fundar með honum og háskólakennara frá Manila á Filippseyjum sem þar var kominn til endur-

³ Larsson, S. (1992). Att varsebli den bortkomna människan med hjälp av regressionsanalyser och existentalistisk filosofi. Í C. Mether og L. Nygren (ritstj.), *Bortom al förenkling: Människan som väsen och oväsen* (bls. 305–315). Gautaborg: Daidalos.

⁴ Börjeson, B. (1974). *Att återupprätta en identitet: Familjehandling på Barnbyn Skå*. Rapport nr 1, Barnbyn Skå, Stockholms socialförvaltning.

⁵ Börjeson, B. og Håkansson, H. (1990). Stockholm: Rabén & Sjögren.

menntunar. Í tengslum við minningaathöfn um Bengt 5. október sl. var honum borin kveðja frá samtökunum *Félagsráðgjafar án landamæra*.

Bengt var undir áhrifum sálgreiningarkenninga eins og margir fyrrum, en tók síðan að aðhyllast tilvistarheimspeki. Þar sat í öndvegi hugmyndin um að snúast gegn nauðhyggju, áherslan á ábyrgð einstaklingsins og val manneskjunnar um eigin lífshætti. Þessir straumar marka skrif hans og má þar m.a. nefna bókina *Se människan. Tio föreläsningar om Jean-Paul Sartres bok Varat och intet* sem byggði á útvarpsfyrirlestrum hans um þessa bók Sartre.⁶ Auk þess að vera áhugaverð fræðileg greining birtast í heiti bókarinnar skilaboð Bengts til fagstétta sem vinna með fólki á okkar sviði, nefnilega „sjáum manneskjuna eða persónuna“. Síðasta bók hans, *Förstå socialt arbete*, kom út 2008 og kallaði Bengt hana grundvallarrit fyrir unga stúdenta. Bókin er í senn söguleg *exposé* um félagsþjónustu á sviði barnaverndar og umfjöllun um nýlegar vinnuáferðir.⁷ Bengt sagðist líða einkar vel með að hafa skrifað bókina á Ersta Sköndal þar sem lífsviðhorfið væri heildarsýnin á manneskjuna og alla hennar bresti. Um þetta sagði hann m.a.: „Von mín er sú að stúdentarnir ræði og skilji að þeir ná árangri með því að nálgast fólk á forsendum þess sjálfs. Þeir þurfa að læra að ígrunda strax á fyrsta misseri og átta sig á ójafnræðinu sem felst í starfinu. Ég vil ekki predika en verð að segja að ég hef oft verið mjög reiður út í félagsþjónustuna fyrir að bregðast trausti fólks. Ég held að ég skilji mannleg viðbrögð þar að baki og vil varpa ljósi á það í þeirri von að færri lendi í þessu. Eða, ef til vill þvert á móti; í von um að fleiri áhugasamir félagsráðgjafar öðlist kraft til að sinna starfinu. Í félagsþjónustunni hittir maður oft skjólstæðinga sem spyrna á móti, fólk sem leggur mikið á sig til að forðast að lenda þarna.“⁸ Þessi orð lýsa því vel hvernig Bengt tjáði sig oft á tíðum; með því að ræða mótsagnir í starfi okkar sem vinnum með fólki sem tekst á við eigin vanda.

Bengt kom mörgum sinnum til Íslands og naut þar náttúrunnar, hálendisins en ekki síður hafsins, minnst ég hann segja. Hann var hér nokkrum sinnum við fyrirlestra- og námskeiðahald og hélt m.a. námskeið fyrir Félagsmálastofnun Reykjavíkurborgar og Stéttarfélag íslenskra félagsráðgjafa eins og þessar starfsheildir hétu þá. Á níunda áratug sl. aldar leiddi

hann hér umfangsmikið eins árs námskeið í félagssálfræðilegri meðferðarvinnu sem varð þátttakendum einkar minnstætt. Þó að langt væri um liðið fylgdist fólk úr þeim hópi með nýlegum veikindum Bengts og sendi honum kveðju meðan á þeim stóð.

Með Bengt Börjeson er horfinn mikilvirkur fræði- og baráttumaður gegn félagslegu óréttlæti og tek ég undir með þeim sem sakna hans. Ég þakka fyrir einstaklega faglega leiðsögn og persónulega vináttu í doktorsnámi mínu við háskólann í Umeå og fyrir tengslin við hann og fjölskyldu hans sem haldast enn. Örlæti og gestrisni á heimili þeirra hjóna á Skå, í Umeå og Stokkhólmi, og við dvöl í rannsóknarleyfum á Ersta Sköndal minnst ég með gleði og þökk. Fjölskyldunni færi ég samúðarkveðjur og þakka Bengt fyrir þá samleið sem við áttum.



⁶ Stockholm: Rabén & Sjögren, 1986.

⁷ Malmö: Liber, 2008.

⁸ Í *Nytt fra Stora Sköndal* 4/2008.



Málsvarahlutverk er mikilvægt í félagsráðgjöf

María Rúnarsdóttir ræðir við Félagsráðgjafa ársins 2013

Guðrúnu Þorgerði Ágústsdóttur og Valgerði Halldórsdóttur

Félagsráðgjafar ársins eru tveir að þessu sinni, **Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir** og **Valgerður Halldórsdóttir**. Þær eiga það sameiginlegt að hafa tekið sér málsvarahlutverk fyrir ákveðna hópa, Guðrún fyrir utangarðsfólk og Valgerður fyrir stjúpfjölskyldur. María Rúnarsdóttir, formaður Félagsráðgjafafélags Íslands, ræddi við þær um störf þeirra og hvernig það kom til að þær tóku sér hlutverk málsvarans.



Guðrún Þorgerður Ágústsdóttir, félagsráðgjafi

Guðrún Þorgerður og málefni utangarðsfólks

Guðrún Þorgerður hefur frá unga aldri haft áhuga á málefnum heimilislausra og utangarðsfólks. Hún hefur unnið við félagsráðgjöf hjá Dagsetri sem er samstarfsverkefni Hjálpraðishersins og Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Markmið þess er að byggja upp iðju

og virkja hóp utangarðsfólks. „Það reyndist erfitt í fyrstu að hvetja þennan hóp til þátttöku í verkefnum en þegar hægt var að greiða 500 króna umbun á klukkustund fyrir vinnuna fór verkefnið að ganga betur,“ segir Guðrún. Aðsókn í Dagsetrið hefur aukist verulega á þessu ári, m.a. með tilkomu Borgarvarða, en á hverjum degi koma um 20–30 manns í Dagsetrið.

Mikil umfjöllun um málefni utangarðsfólks í tengslum við andlát einstaklings sem var heimilislaus varð til þess að Guðrún Þorgerður skrifaði grein í *Fréttablaðið*. Henni fannst umræðan í fjölmiðlum um málaflokkinn einhliða, ósanngjörn og að ekki væri alltaf rétt farið með staðreyndir. „Aldrei hefur jafn miklum fjármunum verið varið í málaflokk utangarðsfólks og nú og þjónusta við hópinn hefur stórkostur frá árinu 2008. Það er alltaf hægt að gera betur en í opinberri umfjöllun er mikilvægt að upplýsingar

um fyrirbyggjandi þjónustu séu með í umræðunni,“ segir Guðrún.

Auk greina í blöð hefur Guðrún Þorgerður skrifað opið bréf til fjölmiðlamannsins Sölva Tryggvasonar en hún var viðmælandi í þætti hans *Málið* þegar hann fjallaði um utangarðsfólk. Sölvi leitaði til hennar við undirbúning þáttarins en hann ætlaði að gera heildstæða úttekt á aðstæðum útigangsfólks þar sem allar upplýsingar kæmu fram. Guðrúnu Þorgerði fannst hann hafa gefið áhorfendum misvísandi mynd af aðstæðum útigangsfólks og í opnu bréfi til Sölva segir hún:

„Minn lærdómur er að fjölmiðlar einblína alltof mikið á neikvæða þætti samfélagsins og eru alls ekkert hrifnir af því að draga fram það jákvæða sem gert er. Sorglegastur finnst mér þó sá möguleiki að einhver áhorfandi hafi verið skilinn eftir með þær niðurstöður að einstaklingur sem býr í smáhýsi (þar sem verkefnastjóri er í fullu stöðugildi) sé skilinn eftir einn og í reiðuleysi á kojufyllerí og hafi ekki borðað eða sofð í viku, að utangarðskonum bjóðist ekkert næturskjól og þurfi að selja sig fyrir gistingu og síðast en ekki síst að við komum fram við fólkíð okkar eins og svínin í húsdýragarðinum.“



Valgerður Halldórsdóttir, félagsráðgjafi MA

Valgerður og málefni stjúpfjölskyldna

Valgerður hefur verið ötul við að ryðja málefnum stjúpfjölskyldna braut með margvíslegum hætti. Hún er einn af stofnendum Félags stjúpfjölskyldna en félagið hefur m.a. beitt sér fyrir aukinni fræðslu og ráðgjöf fyrir stjúpfjölskyldur. Félagið opnaði til dæmis

símaráðgjöf í apríl 2013 og verður spennandi að fylgjast með þróuninni.

Valgerður hefur rekið eigin stofu frá árinu

2006 og hefur aðallega sinnt stjúpfjölskyldum og skilnaðarráðgjöf. Í viðtölum sínum við fólk fór hún að sjá ákveðin þemu birtast og efni í bók fór að taka á sig mynd. Vinnan við bókina *Hver er í fjölskyldunni? Skilnaðir og stjúptengsl* hófst formlega árið 2008. „Ég vann bókina samhliða störfum mínum sem framkvæmdastjóri Félagsráðgjafafélags Íslands en það var ekki fyrr en ég fór í þriggja mánaða leyfi að bókin fór að taka á sig mynd.“ Bókin kom út haustið 2012 og hlaut góðar viðtökur. Verið er að þýða valda kafla úr henni til að kanna möguleika á útgáfu erlendis.

Í bókinni fjallar Valgerður um stjúpfjölskyldur og þá óvissu og togstreitu sem getur komið upp þegar foreldrar stofna til nýrra sambanda, samskipti við fyrrverandi maka og hlutverk stjúpforeldris, systkinatengsl, hollustubönd og síðast en ekki síst hver tilheyrir fjölskyldunni. Samskipti innan stjúpfjölskyldna geta verið mjög flókin og haft áhrif á líðan allra fjölskyldumeðlima og því er mikilvægt að fagfólk sé sér meðvitað um stöðu einstaklingsins í fjölskyldunni. Fjölskyldugerð er víða ekki skráð og oft er ekki tekið mið af þeirri staðreynd að börn eigi tvö heimili heldur er lögheimili látið ráða í vinnu með börnum og ungmennum þótt það sé ekki algilt. Í bókinni setur Valgerður fram hugtakið stjúpblinda sem hún telur að einkenni íslenskt samfélag:

„Stjúptengsl hafa nánast verið ósýnileg í opinberri stefnumótun, gögnum, umræðu, rannsóknum,

sem og markaðssetningu á vöru og þjónustu. Stjúpblinda felst í því að leiða hjá sér eða koma ekki auga á stjúptengsl, til dæmis með því að greina ekki upplýsingar eftir fjölskyldugerð eða taka ekki tillit til ólíkra þarfa stjúpfjölskyldna.“

Óhætt er að segja að Valgerður hafi lagt sitt af mörkum til að auka þekkingu Íslendinga á málefnum stjúpfjölskyldna. Hún rekur vefsíðuna www.stjup-tengsl.is þar sem finna má ýmsar upplýsingar um málefnið. Hún hefur kennt valnámskeiðið „Stjúpfjölskyldur; skilnaðir og endurgerð fjölskyldusamskipta“ við Háskóla Íslands frá 2009 og hún hefur einnig haldið fjölmörg námskeið og fyrirlestra um stjúpfjölskyldur og stjúpmæður. Valgerður ætlar ekki að láta staðar numið í þekkingarleit sinni og heldur til Ástralíu í lok árs til frekari þekkingaröflunar á sviði stjúptengsla.

Það getur verið erfitt fyrir félagsráðgjafa að vera í málsvarahlutverki þegar þeir vinna bæði með einstaklinga og koma fram sem starfsmenn stofnana. Valgerður og Guðrún Þorgerður eiga það sammerkt að vera sjálfstæðar í störfum sínum. Þær hafa tekið sér hlutverk málsvarans og vakið athygli á hópum sem ekki hafa átt talsmenn í samfélaginu. Þær eru ekki aðeins öflugir málsvarar heldur frumkvöðlar í störfum sínum og hvatning til félagsráðgjafa. Við óskum þeim hjartanlega til hamingju með útnefninguna til Félagsráðgjafa ársins 2013.

Lokaverkefni til MA-gráðu, frh.

Framhald af bls. 53

Ragnheiður Lára Guðrúnardóttir

Leiðbeinandi: Guðný Björk Eydal

Frjáls er fjötralaus maður: Lífskjör barnafjölskyldna í kjölfar efnahagshrunsins 2008

Sigríður Rósa Laufeyjardóttir

Leiðbeinandi: Guðný Björk Eydal

Félagshjónusta og fjölskyldustefna sveitarfélaga á tímum efnahagsþrenginga

Sigríður Valdimarsdóttir

Leiðbeinandi: Halldór S. Guðmundsson

Upplifun, líðan og lífsgæði kvenna eftir skurðaðgerð við offitu

Sigurjón Árnason

Leiðbeinandi: Sigurveig H. Sigurðardóttir

Fjárhagsaðstoð með námsstyrk: Afdrif notenda í Reykjavík þremur og fimm árum eftir að aðstoð lauk

Sigurros Ragnarsdóttir

Leiðbeinandi: Halldór S. Guðmundsson

Þátttaka, aðlögun og virkni fósturbarna í nýjum skóla. Eftir afskipti barnaverndaryfirvalda

Silja Rós Guðjónsdóttir

Leiðbeinandi: Anni G. Haugen

„Ég myndi vilja sjá miklu meiri stuðning en þann sem hefur verið fyrir hendi.“ Undirbúningur og stuðningur við fósturforeldra

Sædis Arnardóttir

Leiðbeinandi: Anni G. Haugen

„Ég sest til borðs eins og hver annar starfsmaður skólans.“ Samstarf grunnskóla og Þjónustumiðstöðvarinnar í Breiðholti

Sæunn Hafðís Oddsdóttir

Leiðbeinendur: Guðný Björk Eydal og Linda

Rut Benediktsdóttir

Fjölskyldustefna fyrirtækja og stofnana á Suðurnesjum: Samþætting vinnu og fjölskylduábyrgðar

Tara Margrét Vilhjálmsdóttir

Leiðbeinandi: Sigurveig H. Sigurðardóttir

„Pepsi max fituhlunkar.“ Samfélagsleg greining á fitufælni og afleiðingum hennar

Thelma Björk Guðbjörnsdóttir

Leiðbeinandi: Freydís Jóna Freysteinsdóttir

Brjóstastækanir í fegrunarskyni: Upplifun og viðhorf kvenna með falsaða brjóstapíða

Una Björk Kristófersdóttir

Leiðbeinandi: Steinunn Hrafnisdóttir

Kulnun: Rannsókn á kulnun meðal félagsráðgjafa á Íslandi

Eldey Huld Jónsdóttir, félagsráðgjafi MSW, tók saman

RITSTJÓRNARSTEFNA

Tímarit félagsráðgjafa er vettvangur fyrir kynningu á faglegu efni, niðurstöðum rannsókna, þróunarverkefnum og öðrum fræðilegum efnivið á sviði félagsráðgjafar. Ritstjóri metur gæði alls inn-sends efnis og ákveður hvað skuli birt í tímaritinu. Í samstarfi við ritstjórn hefur hann umsjón með ritrýniferli tímaritsins. Ritstjórn áskilur sér rétt til að gera minniháttar breytingar á framsetningu á texta við lokafrágang alls birts efnis.

Tímaritið er gefið út í nánú samstarfi við stjórn *Félagsráðgjafafélags Íslands* og gefur að jafnaði út eitt eða tvö hefti ári. Sérhefti í umsjón utanaðkomandi ritstjóra um þemu, aðferðir eða málaflokk eru gefin út ef tilefni er til.

Meginmarkmið *Tímarits félagsráðgjafa* er að miðla nýþekkingu í félagsráðgjöf, efla fræðilega og faglega stöðu greinarinnar og stuðla þannig að traustari grunni hennar til að auka gæði félagsráðgjafarþjónustu. Tímaritið er opið fyrir framlagi frá öðrum fagstéttum sem þjónar þessu markmiði.

Bakhjarl tímaritsins er *fagráð* skipað fjölmönnum hópi félagsráðgjafa af ólíkum sérsviðum. Fulltrúum í fagráði er ætlað að fylgjast með rannsóknum, verkefnum og þjónustuþróun á sínu sviði og hvetja til kynningar á því með greinaskrifum, viðtölum ásamt samantektum af ráðstefnum og öðrum faglegum viðburðum. Einnig er fagráð ritstjórn til ráðgjafar um ritrýni.

Tímarit félagsráðgjafa birtir fræðilegar, ritrýndar og almennar greinar um fagleg málefni. Einnig er fréttá- og umræðubálkur, *Samfélagsumræðan*, um brennandi málefni líðandi stundar sem varðar félagsráðgjöf. Einnig er þar umfjöllun um nýútkomnar erlendar og íslenskar fag- og fræðibækur ásamt kynningu á nýjum meistara- og doktorsritgerðum. Þá eru bálkar um starfsemi m.a. *Félagsráðgjafafélags Íslands*, *Félagsráðgjafardeildar Háskóla Íslands* og *Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd*.

Vinnuferli við ritrýni

Ritrýndar fræðigreinar eru samþykktar af ritstjórn áður en þær eru sendar ónafngreindar til ritrýna. Um tvöfalda nafnleynd að ræða. Ritrýnar koma oftast úr röðum félagsráðgjafa, en einnig er leitað út fyrir greinina ef við á. Við ritrýnina er fylgt þar til gerðu matsblaði og rituð umsögn um styrkleika og veikleika greinar hvað varðar gæði fræðilegs efnis og framsetningu þess, ásamt með rökstuddum tilmælum um hvort greinin verði samþykkt til birtingar óbreytt, hvað þurfi að endurbæta eða hvort henni skuli hafnað. Greinar sem ekki standast kröfur að mati ritrýna er hafnað af ritstjórn.

Tímaritið birtir reglur til höfunda um greinaskrif og upplýsingar um ritrýniferlið.



Félagsráðgjafafélag Íslands

Borgartúni 6 · 105 Reykjavík · Sími 595 5151 · Fax 595 5101 www.felagsradgjof.is